FORDÓMAR GEGN FEITUM

Sigrún Daníelsdóttir sálfræðingur ræðir um skömm fólks á eigin líkama og andsvar við megrunaráróðrinum

Ástæða til að fagna:

Tilboðsblað Nova fylgir blaðinu í dag!

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. maí 2008 — 120. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

LÍFSGÆÐI Á LANDSBYGGÐINNI

„Ég fann son minn að skera hákarl á hafnarbakkanum. Ætli ég hefði ekki fundið hann í boltasundlaug í Kringlunni ef við hefðum verið í Reykjavík," segir Grímur Atlason.

HELGARVIÐTAL 30

Sendiherra efnir til veislu í Belgrad

Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra í Svíþjóð, kemur að skipulagningu mikillar Íslandsveislu fyrir þátttakendur Eurovision-keppninnar í Serbíu.

FÓLK 54

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA EINHVER VÆTA Í dag verða norðaustan 8-13 m/s norðvestan til annars hægari. Dálítil væta á víð og dreif í dag, síst á Norðausturlandi. Hiti 4-14 stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

Framboðskostnaður stórlega vanmetinn

Utanríkisráðuneytið telur að kostnaður vegna framboðs Íslands til öryggisráðs SP verði um 350 milljónir. Kostnaðurinn þröngt skilgreindur segir þingmaður. Ráðstefna á Barbados fellur undir þróunarsamvinnu þótt hún gagnist framboði.

UTANRÍKISMÁL Enginn kostnaður hefur verið bókfærður á framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna (SÞ) vegna ráðstefnuhalds, áheyrnaraðildar að Afríkusambandinu, ferðalaga ráðamanna eða nýrra sendiráða, þrátt fyrir að allt nýtist þetta framboðinu.

Áætlað er að kostnaður vegna framboðsins muni nema um 350 milljónum króna, frá árinu 2001. Í þeirri tölu er svo til eingöngu kostnaður við að efla starfsemi fastanefndar Íslands hjá höfuðstöðvum SÞ í New York og við kosningastjóra framboðsins.

Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, segir kostnað vegna framboðsins þröngt skilgreindan. Augljóst sé að kostnaðurinn sé stórlega vanmetinn.

Hann nefnir sem dæmi ráðstefnu sem haldin var í samstarfi við erlenda aðila á Barbados yfir páskana. Kostnaður íslenska ríkisins vegna ráðstefnunnar fellur undir þróunarsamvinnu, þótt óumdeilt sé að hún hafi gagnast framboðinu vel. Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um kostnað við ráðstefnuna en fékk ekki.

Þá nefnir Jón óþörf sendiráð sem opnuð hafi verið á undanförnum árum, til dæmis í Suður-Afríku, í Japan og á Indlandi.

Kristín Árnadóttir, kostningastjóri framboðsins, hafnar því að kostnaður sé vanmetinn. Ráðstefnan á Barbados hafi verið hluti af þróunarsamvinnu, þótt hún hafi vissulega nýst framboðinu.

Þá eru ferðir ráðamanna ekki ákveðnar vegna framboðsins, heldur þær ferðir sem hvort eð er væru farnar nýttar í þágu þess, segir Kristín.

Austurríkismenn segjast ekki eyða neinu aukalega í framboðið, en þeir skilgreina kostnað með svipuðum hætti og íslensk stjórnvöld. Tyrkir eru sagðir ætla að eyða andvirði 3,7 milljarða króna, en þeir gáfu ekki kost á viðtali vegna framboðsins. - bj / sjá síðu 16

UPP ÚR SPRUNGUNNI Ferðafélagar Maríu Hrannar Magnúsdóttur náðu að hífa hana upp úr 20 metra djúpri sprungu á Eyjafjallajökli.

María Hrönn Magnúsdóttir slapp ótrúlega vel úr þrekraun á Eyjafjallajökli:

Féll 20 metra niður sprungu

BJÖRGUN „Það fyrsta sem ég hugsaði þegar snjórinn brotnaði undan mér var: ég er dauð!" segir María Hrönn Magnúsdóttir sjúkraliði, sem varð fyrir óskemmtilegri reynslu þegar hún féll um tuttugu metra niður sprungu á Eyjafjallajökli á fimmtudag.

María var ásamt farþegum níu annarra bíla í jeppaleiðangri á jöklinum, og þegar komið var að Goðasteini þurfti hún að bregða sér afsíðis. Skyndilega brotnaði snjór undan fótum hennar og skautaði hún um tuttugu metra niður sprunguvegginn þar til hún stöðvaðist loks á syllu.

María hrópaði á hjálp en enginn heyrði í henni. Varð henni til happs að hafa á sér talstöð sem hún notaði til að ná sambandi við aðra meðlimi hópsins. Jepparnir voru búnir köðlum, sem notaðir voru til að hífa Maríu úr sprungunni.

„Ég var svo ánægð að sleppa heil út úr þessu að mér datt ekki annað í hug en að skella í mig einni verkjatöflu og halda ferðinni áfram. Það var ekki fyrr en ég kom heim að ég fann fyrir eymslum." - kg

AUÐUNN BLÖNDAL Sjónvarpsmaðurinn geðþekki lenti í honum kröppum í fótboltaferð á Englandi.

Auðunn Blöndal í vanda:

Fylgt út af Stamford Bridge

FÓLK Sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal lenti í kröppum dansi í fótboltaferð sinni á Englandi fyrir skömmu. Auðunn, sem er aðdáandi Manchester United, sat í stúku Chelsea-aðdáenda á heimavelli þeirra, Stamford Bridge, þegar hann gerði þau mistök að fagna jöfnunarmarki sinna manna gegn Chelsea.

„Ég fagnaði og þá ætluðu einhverjir tjallar að ráðast á mig. Þannig að ég sá ekki þegar Chelsea komst í 2-1. Ég var skíthræddur og hélt það ætti að drepa mig. Það var einn sem ætlaði að slá til mín," segir Auðunn. Honum var í framhaldinu fylgt í burtu af öryggisvörðum. „Ég fagnaði, en samt ekki hátt. Ég stóð ekki upp og öskraði ekki neitt en það sást að ég var ánægður. Þeir fyrir framan mig sáu það og öskruðu á mig og þá tók öll stúkan við sér."

- fb / sjá bls 54

Könnun Fréttablaðsins:

Nína er besta Eurovisionlagið

SKOÐANAKÖNNUN Lagið Draumur um Nínu eftir Eyjólf Kristjánsson þykir besta Eurovisionlag Íslands. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Fréttablaðsins. Þrjú lög skáru sig úr í könnuninni, Nína, All out of Luck og Gleðibankinn. Nína fær jafnan stuðning allra landsmanna, en ef landsbyggðin fengi að ráða væri Gleðibankinn bestur. Fengju stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hins vegar einir að ráða hefði All out of Luck sigrað.

- glh / sjá síðu 36

Stærsta
bíla- og mótorsportsýning Íslandssögunnar
Bílar & Sport
2.-4. maí í Fífunni Kópavogi
Opnunartími:
Föstudag: 16:00 - 21:00
Laugardag: 11:00 - 21:00
Sunnudag: 11:00 - 19:00

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR
BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum
Klettháls 11 | www.bilathing.is

OPIÐ
til 20
alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

SPURNING DAGSINS

Addi Fannar, eruð þið búnir að pússa Buffaló-skóna?

„Já, og bóna spoilerana... allt klárt!"

Hljómsveitin Skítamórall hefur boðað endurkomu sína í sumar eftir tveggja ára hlé, en sveitin heldur upp á tíu ára afmæli sitt í ár. Arngrímur Fannar Haraldsson er gítarleikari sveitarinnar.

Nýkjörin stjórn Samtaka atvinnulífsins hefur þungar áhyggjur af efnahagsmálum:

Hvetur til hófs í verðhækkun

EFNAHAGSMÁL Stjórn Samtaka atvinnulífsins, SA, telur afar brýnt að allir sem áhrif geta haft á framvinduna í efnahagsmálum á næstu mánuðum og misserum, bæði ríkisstjórn, stjórnarandstaða, sveitarfélög og aðilar á almennum og opinberum vinnumarkaði, stilli saman strengi sína með það að markmiði að draga úr verðbólgu og koma í veg fyrir að háar verðbólguvæntingar festist í sessi.

ÞÓR SIGFÚSSON

Stjórnin hvetur aðildarfyrirtæki samtakanna til þess að gæta hófs og aðhalds við verðlagningu í því umróti sem ríkir og bendir á að samdráttur sé fyrirsjáanlegur í eftirspurn, eins og segir í frétt af fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar SA á vef samtakanna. Þar af leiðandi verði ekki unnt að velta öllum kostnaðarhækkunum áfram út í verðlagið.

Á fundinum komu fram þungar áhyggjur af efnahagsmálum. „Vandi á fjármálamörkuðum, hátt vaxtastig, fyrirsjáanlegur samdráttur í umsvifum og atvinnu, vaxandi verðbólga erlendis, veik staða krónunnar og mikil verðbólga innanlands vegna gengislækkunar eru þættir sem hafa gríðarleg áhrif á afkomu fyrirtækja og kjör launafólks. Fyrirsjáanlegt er að aðlögun að breyttum aðstæðum verði erfið og taki tíma," segir þar.

„Hækkun heimsmarkaðsverðs á olíu og matvælum hefur rýrt kjör þjóðarinnar og á sama tíma þarf þjóðin að horfast í augu við að hátt gengi krónunnar undanfarin ár hélt uppi hærri kaupmætti en fékk staðist til langframa. Við núverandi aðstæður er yfirvofandi hætta á víxlverkandi hækkunum launa og verðlags og áframhaldandi veikingar gengis krónunnar sem allir tapa á. Þá atburðarás er hægt að koma í veg fyrir." - ghs

Hjartastopp á Ísafirði:

Lögregla bjargaði lífi konu

ÍSAFJÖRÐUR Skjót viðbrögð lögreglu hafa sennilega bjargað lífi konu sem hné niður með hjartastopp á Ísafirði í gær.

Konan, sem er um fimmtugt, hné niður í miðjum leik á öldungamóti Blaksambands Íslands. Læknar og sjúkraliðar voru staddir í húsinu og þegar lögreglubíl bar að garði voru lífgunartilraunir þegar hafnar, því ekki mældist á henni púls. Lögregla hafði meðferðis hjartastuðtæki og tókst með því að kalla fram púls. Konan var flutt með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Að sögn mótshaldara er líðan konunnar góð eftir atvikum. - kg

Málefni miðborgarinnar:

Jakob Frímann verkefnisstjóri

STJÓRNMÁL Jakob Frímann Magnússon hefur verið ráðinn verkefnisstjóri miðborgar Reykjavíkurborgar.

JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON

Þetta kemur fram á vefsvæði Reykjavíkurborgar og Jakob Frímann staðfesti þetta sjálfur við Fréttablaðið í gær. „Það er nauðsynlegt að hafa miðborgina á viðvarandi dagskrá hjá Reykjavíkurborg," sagði Jakob Frímann en hann er jafnframt formaður hverfisráðs miðborgarinnar.

Verkefnisstjóra er ætlað að hafa yfirlit yfir verkefni miðborgarinnar og vinna að framgangi þeirra. Staða verkefnisstjóra heyrir undir skrifstofu Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra. - mh

Paul Aðalsteinsson sakfelldur:

Fjárkúgari fékk fimm ára dóm

LONDON Paul Aðalsteinsson, eða Ian Strachan, var sakfelldur í gær fyrir að reyna að kúga fé af meðlimi bresku konungsfjölskyldunnar. Paul, sem er hálfur Íslendingur, var dæmdur í fimm ára fangelsi.

Hann reyndi fjárkúgun við annan mann með upptöku af eiturlyfjaneyslu og kynlífssögum. Fyrir dómi sagði hann tilgang upptökunnar hafa verið að vara fólk við því „kynferðislega rándýri" sem viðfangsefnið var.

Sú vörn var ekki tekin gild og var hann dæmdur fyrir að hafa reynt að kúga fimmtíu þúsund pund út úr meðlimi konungsfjölskyldunnar. - kóp

Haldið sofandi eftir alvarlegt vinnuslys

Karlmanni er haldið sofandi á gjörgæsludeild LSH eftir alvarlegt vinnuslys á Akranesi á miðvikudag. Slysið ekki rannsakað strax heldur einum og hálfum sólarhring síðar. „Tökum gagnrýni alvarlega," segir forstjóri Vinnueftirlitsins.

AKRANES Karlmanni er haldið sofandi í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans í Reykjavík eftir alvarlegt vinnuslys sem varð í steypustöð BM Vallár við Höfðasel á Akranesi seinni partinn á miðvikudaginn var. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er búist við að honum verði haldið sofandi næstu daga.

Slysið varð með þeim hætti að stórt 200-300 kílóa steypusíló féll úr fimm til sex metra hæð og fékk maðurinn, sem er á fertugsaldri, það utan í sig. Maðurinn var fyrst fluttur á sjúkrahúsið á Akranesi en fljótlega þaðan með forgangshraði á Landspítalann í Reykjavík.

VILHJÁLMUR BIRGISSON

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélagsins á Akranesi, undrast vinnubrögð Vinnueftirlitsins í málinu. Hann bendir á að slysið hafi verið tilkynnt til Neyðarlínunnar korter yfir fimm á miðvikudaginn. Fjórum mínútum fyrir sex hafi vinnueitandinn tilkynnt slysið en fengið þau svör að fulltrúi Vinnueftirlitsins á Vesturlandi sjái sér ekki fært að koma strax í vettvangsrannsókn. Hann komi á föstudagsmorgun, eða vel á annan sólarhring eftir að slysið átti sér stað.

Vilhjálmur segir að ugglaust séu eðlilegar skýringar á því að fulltrúinn hafi ekki getað komið strax en óskiljanlegt sé hvers vegna ekki hafi verið fenginn fulltrúi frá höfuðborgarsvæðinu þegar þar sé sólarhringsvakt. „Það er algjört lágmark að rannsókn Vinnueftirlitsins sé hafin yfir allan vafa þegar jafn alvarlegt vinnuslys á sér stað enda getur það vart talist eðlileg vinnubrögð að bíða með vettvangsrannsókn í tæpa tvo sólarhringa frá því að slysið á sér stað," segir hann á vef félagsins.

Verkalýðsfélag Akraness hefur haft samband við Vinnueftirlit ríkisins í Reykjavík og gert alvarlegar athugasemdir við þessi vinnubrögð. Vilhjálmur segir að félagið muni ekki sætta sig við slík vinnubrögð þegar jafn alvarleg slys eigi sér stað.

Eyjólfur Sæmundsson, forstjóri Vinnueftirlitsins, staðfestir að sólarhringsvakt sé í Reykjavík og því hefði átt að vera hægt að sinna slysinu þaðan ef menn hefðu gert sér grein fyrir alvarleika málsins. Tiltölulega nýlega hafi verið farið yfir vinnureglurnar. „Við munum taka þessa gagnrýni alvarlega og fara yfir allar okkar verklagsreglur út af þessu. Ég vil að öllu svona sé sinnt vandlega," segir hann.

ghs@frettabladid.is

FLUTTUR Á LANDSPÍTALANN Stórt steypusíló féll úr fimm metra hæð utan í karlmann á fertugsaldri í steypustöð BM Vallár á Akranesi á miðvikudaginn. Maðurinn slasaðist illa og var fluttur með hraði til Reykjavíkur. Honum er haldið sofandi í öndunarvél. Myndin er úr safni.

SAMDRÁTTUR Í Wall Street Journal er haft eftir Emil Grímssyni hjá Arctic Trucks að um fjórir bílar séu pantaðir á viku í stað tíu til tuttugu pantana í janúar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Ísland í Wall Street Journal:

Góðu tímarnir að baki á Íslandi

EFNAHAGSMÁL Íslenskt efnahagslíf er umfjöllunarefni forsíðufréttar Wall Street Journal í gær. Er samdráttur í sölu breyttra jeppabifreiða sagður til marks um versnandi ástand efnahagsmála, þar sem undanfarin uppgangsár hafi risastórir bensínhákar verið uppáhaldsleikföng þúsunda Íslendinga. Eru bílarnir sagðir gera Íslendingum kleift að aka yfir fjöll og firnindi, snjó og hraun með öskrandi krafti. En góðu tímarnir eru sagðir sjást hverfa í baksýnisspeglinum þar sem skuldir, eldsneytisverð og óstöðugur gjaldmiðill séu að eyðileggja annars ágæta skemmtun. - ovd

Biðlistar á sjúkrahúsum:

Nær 1.300 bíða með ský á auga

HEILBRIGÐISMÁL Langur biðlisti er nú eftir aðgerðum á augasteinum vegna skýs á auga. Í fréttabréfi landlæknis, kemur fram að í febrúar biðu 1.290 manns eftir slíkum aðgerðum. Þar af höfðu 992 beðið lengur en í þrjá mánuði.

„Eftirspurn eftir augasteinsaðgerðum hefur aukist og ekki hefur tekist að anna henni," segir í Talnabrunni þar sem jafnframt er bent á að heilbrigðisráðuneytið hafi boðið út augnasteinsaðgerðir með því markmiði að stytta biðlistana. - gar

Vinnureglur Póstsins segja að póstburðartöskur eigi aldrei að vera án eftirlits:

Litið mjög alvarlegum augum

ÖRYGGISMÁL „Bréfberatöskur eiga aldrei að vera án eftirlits. Það er okkar vinnuregla," segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins. Hún segir nokkur atvik hafa komið upp þar sem orðið hefur misbrestur á þessari vinnureglu. „Það er litið mjög alvarlegum augum og tekið á því með áminningum eða uppsögnum bréfbera."

ÁGÚSTA HRUND STEINARSDÓTTIR

Ágústa Hrund segir bréfbera hafa leyfi til að skilja töskurnar eftir við hlið, grindverk eða lóðarenda húsa en að þá eigi þær alltaf að vera í augsýn bréfberanna.

„Auðvitað þökkum við fyrir allar ábendingar og það er frábært að fólk láti okkur vita af yfirgefnum töskum enda eru þær þá sóttar strax." En hún segir nokkuð hafa borið á því að fólk hringi þegar bréfberinn er skammt frá töskunum.

Í Fréttablaðinu í gær sagðist Jón Hlíðar Runólfsson, íbúi við Hringbraut í Hafnarfirði, ósáttur við að póstburðartöskur væru geymdar á palli við hús hans. Þá var hann einnig ósáttur við að starfsmenn Póstsins hefðu að minnsta kosti ekki leitað leyfis fyrir því að fá að geyma töskurnar á lóð hans. Ágústa Hrund segir að um misskilning hafi verið að ræða. Þau hjá Póstinum hafi strax og sagt var frá málinu í Fréttablaðinu kannað málið og að töskurnar verði ekki geymdar þar lengur. „Það hættir frá og með deginum í dag," segir Ágústa Hrund. - ovd

ÓVAKTAÐUR PÓSTUR Póstburðartöskur eiga alltaf að vera í augsýn bréfberanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

www.volkswagen.is

Hvað þarf marga aukahluti til að Golf geti kallast United?

Svar: Til fá „United“ stimpil þarf hreinlega að troðfylla hann af aukabúnaði. Má þar nefna 16” álfelgur, topplúgu, samlit, hita í sætum, ESP stöðugleikastýringu, sportáklæði á sæti, leður á stýri, leður á handbremsu og meira að segja leður á gírstöng.

Verð á mánuði aðeins
28.790 kr.
Miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,78%.

Verð áður
~~2.800.000 kr.~~
Verð nú
2.540.000 kr.

Best búni VW Golf frá upphafi á lægra verði.

United er sérstök viðhafnarútgáfa af Golf. Hann lítur alveg sérstaklega vel út og státar af búnaði sem eykur akstursánægjuna og öryggið um leið. Komdu við og prófaðu nýjan Golf United.

Das Auto.

Filton/SÍA

Allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

GENGIÐ 2.5.2007

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	74,79	75,15
Sterlingspund	148,8	149,52
Evra	115,6	116,24
Dönsk króna	15,488	15,578
Norsk króna	14,565	14,651
Sænsk króna	12,355	12,427
Japanskt jen	0,7139	0,7181
SDR	121,19	121,91

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
149,7958
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forystumenn BSRB á árangurslausum samningafundi með ríkinu:

Óska eftir fundi ríkisstjórnar

KJARAMÁL Forystumenn BSRB óska eftir fundi með forsætisráðherra, utanríkisráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra. Vilja þeir fá að heyra hvað ríkisstjórnin hefur að bjóða félagsmönnum BSRB í kjarasamningum og hvort ekki eigi að standa við fyrirheit um bætt kjör umönnunarstétta og að dregið verði úr kynbundnu launamisrétti.

Forysta BSRB átti fund með samninganefnd ríkisins í húsnæði ríkissáttasemjara í gær. Ögmundur Jónasson formaður segir að ríkið vilji semja til langs tíma, meðan BSRB hafi hugmyndir um að gera skammtímasamning.

ÁRANGURSLAUS FUNDUR Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, og Ögmundur Jónasson, formaður BSRB. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það eitt að ganga frá kjarasamningum hið bráðasta og taka þátt í því að kveða niður verðbólgudrauginn sem ógnar kjörum almennings myndi stuðla að stöðugleika í efnahagslífinu. Við höfum rétt fram höndina en því miður verðum við ekki vör við þau viðbrögð frá ríkisstjórninni að hún ætli að taka í útrétta hönd," segir Ögmundur.

„Við höfum þess vegna óskað eftir fundi með ríkisstjórninni til að heyra hvernig hún ætli að efna fyrirheit sem ítrekað hafa verið gefin."

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir að fundurinn verði helst að verða fyrir fund ríkisstjórnarinnar á þriðjudag. - ghs

Útlagastjórn Tíbeta:

Erindrekar til viðræðna í Kína

KÍNA, AP Erindrekar útlagastjórnar Tíbeta, sem Dalai Lama fer fyrir og hefur aðsetur á Norður-Indlandi, héldu í gær af stað til Peking til fyrstu beinu viðræðnanna við fulltrúa Kínastjórnar síðan til hinna umtöluðu uppþota gegn kínverskum yfirráðum kom í Lhasa um miðjan mars.

Kínastjórn sætir vaxandi alþjóðlegum þrýstingi að ganga til viðræðna við Dalai Lama, og marga grunar að ráðamenn í Peking hafi fallist á að rætt yrði við erindreka hans til að létta á þessum þrýstingi í aðdraganda Ólympíuleikanna í kínversku höfuðborginni. - aa

VORHREINSUN Starfsmenn hverfastöðvarinnar við Miklatún að störfum.

Garðaúrgangur í borginni:

Vorhreinsun lýkur í dag

UMHVERFISMÁL Vorhreinsun í Reykjavík lýkur formlega í dag.

Starfsmenn hverfastöðva Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar hafa það sem af er viku lagt borgarbúum lið með því að fjarlægja garðaúrgang sem settur hefur verið út fyrir lóðamörk.

Í tilkynningu segir að í ár sé töluvert meira magn af greinum og garðaúrgangi en á sama tíma í fyrra. Er það von manna að aukningin sé til marks um að íbúar kunni vel að meta þjónustuna.

Þeir sem ekki hafa nú þegar tekið til í sínu nærumhverfi eru eindregið hvattir til að nýta sér þjónustuna í dag. - kg

ÁRÉTTING

Í Fréttablaðinu á mánudag var haft eftir Árna Þór Sigmundssyni aðstoðaryfirlögregluþjóni að lögreglan leiti afar sjaldan til sérsveitar ríkislögreglustjóra. Ummælin áttu við um almenna löggæslu í miðborg Reykjavíkur. Lögreglan leitar oft liðsinnis sérsveitarinnar í sérstökum útköllum þar sem þörf er á sérfræðikunnáttu lögreglumanna í sérsveitinni og á það bæði við um miðborgina sem og aðra staði á höfuðborgarsvæðinu.

LEIÐRÉTTING

Pétur Gíslason öryggisvörður var í gær ranglega sagður vinna hjá Öryggismiðstöðinni. Hið rétta er að hann vann hjá Öryggisgæslunni.

Kostnaður við Grímseyjarferju jókst um 270 prósent

Stofna hefði þurft verkefnishóp um smíði Grímseyjarferju til að framkvæmdin gengi snurðulaust. Samskipti voru í molum. Kostnaður við ferjusmíðina var þrefalt meiri en áætlun gerði ráð fyrir.

SAMGÖNGUMÁL Kostnaður við kaup og endurbætur á Grímseyjarferjunni Sæfara varð 553 milljónir króna, sem er 403 milljónum yfir upphaflegri kostnaðaráætlun. Jón Rögnvaldsson, fyrrverandi vegamálastjóri, segir í greinargerð að ljóst sé að margt hafi brugðist og samskiptamál hafi verið í molum á milli þeirra sem að verkinu komu. Það jákvæða segir Jón að Grímseyjarferjan standist allar kröfur sem til farþegaferju eru gerðar og kostnaður sé lægri en ef byggt hefði verið nýtt skip.

JÓN RÖGNVALDSSON

Í greinargerðinni er sérstaklega tekið á því sem betur hefði mátt fara. Þar segir að betur hefði átt að skoða skipið áður en það var keypt, hönnunargögn hefðu í upphafi þurft að vera nákvæmari og nægilegar kröfur hafi ekki verið gerðar til verktakans. Þá sé ljóst að strax í byrjun hefði átt að skipa verkefnishóp með þátttöku Vegagerðarinnar, samgönguráðuneytisins, Siglingastofnunar, heimamanna og rekstraraðila.

Jón vill ekki meina að allt verkferlið hafi verið í molum og bendir á að meginmarkmiðið hafi náðst, það er gott skip sem kostaði minna en nýsmíði sambærilegs skips hefði gert. „Það er þó enginn vafi á að framkvæmdin gekk mjög illa." Jón telur að ef ástand ferjunnar Oileain Arann sem var keypt hefði verið metið af meiri nákvæmni í byrjun hefði það ekki breytt þeirri ákvörðun að kaupa skipið og endurbæta það. „Mesti kostnaðurinn er út af breytingum en ekki viðgerðum." Endanlegur kostnaður við Grímseyjarferju reyndist 533 milljónir króna, sem er ríflega þreföld sú upphæð sem fyrsta kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir.

GRÍMSEYJARFERJAN Sæfari uppfyllir allar kröfur sem til skipsins voru gerðar í upphafi. MYND/FREYR ANTONSSON

Um verkframkvæmdina segir í skýrslunni að framganga aðalverktakans, Vélsmiðju Orms og Víglundar, hafi verið með öllu óviðunandi og í hefðbundnu verki fyrir Vegagerðina hefði verksamningi verið rift. Samkvæmt upphaflegri áætlun átti verkinu að vera lokið 30. september 2006. Skipið var afhent 11. apríl 2008. Spurður að því af hverju verksamningi hafi ekki verið rift segir Jón að það hafi verið erfitt. „Samskiptin við verktakann voru afleit en sannleikurinn er sá að þegar verkkaupinn er kominn með skip upp í kví hjá sér þá er mjög erfitt að ná því þaðan."

Jón segir að hafi fjárreiðulög verið brotin sé ábyrgðin hans en þau lög séu ósveigjanleg og taki lítt mið af hraða í ákvörðunum og framkvæmdum í nútímaþjóðfélagi. svavar@frettabladid.is

ENDURBÆTUR Sex tilboð bárust í verkið og ekkert þeirra uppfyllti kröfur. Engu síður var gengið til samninga við Vélsmiðju Orms og Víglundar.

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

HELGIN
Hún verður almennt séð nokkuð vætusöm þessi helgi. Í dag má vænta vætu mjög víða, síst þó norðaustan til og síðan dregur úr vætu víða um land síðdegis en einkum þó í kvöld. Á morgun gengur úrkomuloft yfir landið en lengst af verður þó þurrt norðan til.



Á MORGUN
8-15 m/s á Vestfjörðum og með S-ströndinni

MÁNUDAGUR
3-8 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	16°
Billund	17°
Ósló	15°
Stokkhólmur	17°
Gautaborg	17°
London	19°
París	22°
Frankfurt	21°
Friedrichshafen	22°
Berlín	19°
Alicante	24°
Mallorca	22°
Basel	23°
Eindhoven	20°
Las Palmas	23°
New York	17°
Orlando	25°
San Francisco	20°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

GARÐPLÖNTUÚRVALIÐ

SUMAR TILBOÐ

Full gróðurhús af sígrænum runnum, rósum og trjám!

Úrvalið er í Garðheimum: 15 tegundir af WEBER grillum!

Fyrir vandláta...

SUMAR TILBOÐ
CASORON illgresiseyðir
2.250kr

SUMAR TILBOÐ
RUSLApokar

SUMAR TILBOÐ
STRÁKÚSTAR

SUMAR TILBOÐ
Turbokalk og Blákorn

SUMAR TILBOÐ
Moltukassar

SUMAR TILBOÐ
Laufhrífur

SUMAR TILBOÐ
Grasfræ 1 kg.
875kr

SUMAR TILBOÐ
GARÐ-HANSKAR

Gott á grasflötina með blákorni í byrjun sumars

SÆKTU SUMARIÐ Í GARÐHEIMA

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Mosi í grasflötinni?
1. Raka grasflötina og fjarlægja mosa
2. Dreifa turbokalki: 12 ½ kg á 150 m²
3. Blanda grasfræi í sand/mold og dreifa eftir þörfum
4. Halda flötinni rakri meðan fræin spíra
5. Gefa blákorn eftir hálfan mánuð og aftur mánuði seinna: 5 kg. á 250 m²

GARÐHEIMAR

GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

Til að fá lit í garðinn að vori eru syprusar, einir, lyngrósir og skrautkirsi tilvaldar tegundir.

heimur heillandi hluta og hugmynda

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

KJÖRKASSINN

Ertu þú fylgjandi því að lögreglumenn fái árangurstengd laun?

JÁ 30,3%

NEI 69,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að misskipting á Íslandi sé að aukast?

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Viðamikil rannsókn á fortíð Josefs Fritzl og níðingsverkum hans:

Kanna hvort fleiri rými séu í húsi Fritzls

AUSTURRÍKI, AP Lögreglan í Austurríki vinnur enn hörðum höndum að því að rannsaka hús dótturníðingsins Josefs Fritzl í Amstetten, þar sem hann hélt dóttur sinni fanginni í kjallaraholu í 24 ár. Lóðin verður meðal annars öll rannsökuð með hljóðsjá til að ganga úr skugga um hvort fleiri rými séu neðanjarðar.

Einnig er unnið að því að yfirheyra meira en hundrað manns, sem hafa búið í húsinu síðustu áratugina. Aðrir, sem hafa gefið sig fram og segjast hafa þekkt Fritzl, eru einnig yfirheyrðir.

Meðal annars er lögreglan að reyna að komast að því hvort eitthvað sé hæft í því að Fritzl hafi útbúið húsakynnin, þar sem Elizabeth dóttir hans hírðist ásamt þremur börnum þeirra, þannig að banvænt gas myndi streyma inn, kæmi eitthvað fyrir hann. Fritzl segist hafa hótað dóttur sinni með þessu, svo hún myndi örugglega ekki reyna að yfirbuga hann meðan hann væri niðri hjá henni.

Rannsóknarfólk niðri í kjallaraholunni hefur þurft að gera reglulega hlé á störfum sínum vegna skorts á súrefni. „Við erum að reyna að upphugsa einhverjar leiðir til að bæta loftræstinguna," segir Franz Polzer, lögreglumaðurinn sem stjórnar rannókninni.

- gb

UMSETINN RÉTTARMEINAFRÆÐINGUR Fjölmiðlar sátu um þennan réttarmeinafræðing við innganginn að húsi Josefs Fritzl í Amstetten.
NORDICPHOTOS/AFP

Trier - elsta borg Þýskalands

5.-10. júní

Innifalið: Flug til Frankfurt Hahn með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Altstadt-hótelinu með morgunverði og akstur til og frá flugvelli.

Verð á mann í tvíbýli **68.400 kr.**

Leyndarmál Stokkhólms

7.-11. júní

Fararstjóri: Óttar Guðmundsson

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, 4 nætur á Hotel Scandic Continental með morgunverði og íslensk fararstjórn.

Verð á mann í tvíbýli **65.900 kr.**

Sumarferð til Barcelona

13.-16. júní

Fararstjóri: Halldór Stefánsson

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hesperia-hótelinu með morgunverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Verð á mann í tvíbýli **65.900 kr.**

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

SLAGUR UM HÖFUÐBORGINA Ken Livingstone borgarstjóri við kosningaveggspjald þar sem vísað er til áskorandans Borisar Johnson sem „brandara".
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verkamannaflokkurinn bíður afhroð

Staða Gordons Brown, forsætisráðherra Bretlands og leiðtoga Verkamannaflokksins, þykir hafa veikst til muna við þá slæmu útreið sem flokkurinn fékk í sveitarstjórnarkosningum. Þetta er versta útkoma Verkamannaflokksins síðan árið 1973.

BRETLAND, AP Breski Verkamannaflokkurinn beið mikið afhroð í sveitarstjórnarkosningum sem fram fóru í landinu í fyrradag. Þetta varð ljóst er talið var upp úr kjörkössunum í gær. Útkoma flokksins, sem haldið hefur um stjórnartaumana í landsmálunum í ellefu ár samfleytt, er sú versta í slíkum kosningum síðan árið 1973.

Gordon Brown forsætisráðherra, sem sætt hefur ásökunum um hik og misráðnar aðgerðir í efnahagsmálum frá því hann tók við ríkisstjórnarleiðtogahlutverkinu í júní í fyrra, hét því að taka þessa áminningu frá kjósendum til sín eftir að flokkurinn tapaði yfir 300 sætum í sveitarstjórnum landsins.

Íhaldsflokkurinn vann mikið á, einkum og sér í lagi í borgum og bæjum Norður-Englands þar sem frambjóðendur flokksins hafa lengi átt erfitt uppdráttar, og áður en endanleg úrslit höfðu verið kynnt var útlit fyrir að íhaldsmaðurinn Boris Johnson myndi fella vinstrimanninn vinsæla Ken Livingstone úr sæti borgarstjóra Lundúna. Livingstone varð fyrsti kjörni borgarstjóri borgarinnar fyrir átta árum og þar til fyrir skömmu þótti fátt geta varnað því að hann yrði endurkjörinn þriðja kjörtímabilið í röð.

Nú er borgarstjórastaða bresku höfuðborgarinnar eitt mest áberandi embætti landsins, en sá sem því gegnir ræður yfir milljarða útsvarssjóðum og á að annast undirbúning sumarólympíuleikanna árið 2012.

Afhroð Verkamannaflokksins veikir stöðu Browns og mun vafalaust efla gagnrýnisraddir í hans eigin flokki. Ófáir flokksmenn óttast að Brown skorti kjörþokka til að standa nógu vel að vígi gegn hinum unga og metnaðarfulla leiðtoga íhaldsmanna, David Cameron, í þingkosningum sem fara verða fram fyrir mitt ár 2010 hið seinasta.

audunn@frettabladid.is



HÁSKÓLANÁM MEÐ VINNU

ÁHUGAVERT NÁM - STERKARI STAÐA - AUKIN FÆRNI

Kynningarfundur um háskólanám með vinnu verður haldinn mánudaginn 5. maí kl. 16:30 í Ofanleiti 2, 3. hæð.

Háskólanám með vinnu (HMV) í viðskiptadeild HR er góður valkostur fyrir fólk sem hefur reynslu úr atvinnulífinu og vill stunda fullgilt nám í háskóla samhliða vinnu.

Forstöðumaður BSc náms kynnir námið og fyrrverandi nemendur miðla af reynslu sinni og svara spurningum.

Hægt er að velja um þessar leiðir í HMV

- BSc í viðskiptafræði (90 ein.)
- Fjármál og rekstur (diplóma)
- Stjórnun og starfsmannamál (diplóma)
- Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti (diplóma)

Nánari upplýsingar er að finna á www.hr.is/hmv

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Fréttablaðið hefur gefið nærri þrjátíu þúsund endurvinnslutöskur fyrir dagblöð:

Blaðberanum mjög vel tekið

UMHVERFISMÁL Blaðberanum, sérstakri endurvinnslutösku fyrir dagblöð, hefur verið ákaflega vel tekið frá því að dreifing hófst 18. apríl síðastliðinn.

Langir biðlistar hafa myndast á landsbyggðinni og er nú svo komið að þeir þrjátíu þúsund Blaðberar sem framleiddir voru í fyrstu eru nánast búnir. Hafa forráðamenn Fréttablaðsins því ákveðið að panta þrjátíu þúsund stykki til viðbótar og er reiknað með að þau berist til landsins í júní.

Áfram verður þó hægt að nálgast Blaðberann í höfuðstöðvum 365 við Skaftahlíð 24 milli klukkan 8 og 17 alla virka daga. Þá verður Blaðberanum dreift í dag milli klukkan 11 og 15 á bensínstöðvum N1 á Ártúnshöfða og Háholti í Mosfellsbæ.

- ovd

BLAÐBERINN VINSÆLL Blaðberanum verður dreift milli klukkan 11 og 15 í dag á bensínstöðvum N1 á Ártúnshöfða og Háholti í Mosfellsbæ.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



RISA AFMÆLISVEISLA Í B&L

HANN Á AFMÆLI Í DAG...

Traustur þjónn íslensku þjóðarinnar í gegnum tímana tvenna 1948–2008

Bubbi Morthens er án efa einn frægasti Land Rover eigandi á Íslandi og er óþreytandi boðberi Land Rover boðskaparins.

Bubbi verður að sjálfsögðu í afmælisveislunni og upp úr klukkan eitt ætlar hann að grípa gítarinn úr skottinu og leika nokkur vel valin lög. Eins og flestir vita þá eru fáir bíleigendur jafn hressir og Land Rover eigendur og því má búast við að fólk taki vel undir með kónginum í dag.

Risa afmælisveisla í B&L í dag – Grjóthálsi 1 – Kl. 12:00 – 16:00

- Pylsur og gos.
- Blöðrur og andlitsmálun.
- Sýning og prufuakstur á eldri gerðum Land Rover bifreiða.
- Kennsla og reynsluakstur á Range Rover, Range Rover Sport, Discovery G4 og Freelander í sérstökum akstursbraut. Sérfræðingar Íslandrover-klúbbsins sýna hvernig stilla á bílnum upp í torfærum.

HÓPAKSTUR: Kl. 16:15 leggja Land Rover eigendur upp í hópakstur um borgina sem endar í Laugardalnum. Öllum velkomið að slást í hópinn!

60 YRS

LAND ROVER

GO BEYOND

Morgan Tsvangirai hafnar opinberum niðurstöðutölum forsetakosninganna:

Til í þjóðstjórn án Mugabes

SIMBABVE, AP Morgan Tsvangirai, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Simbabve, segist til í að mynda þjóðstjórn með núverandi stjórnarflokki, að því tilskildu að Robert Mugabe forseti segi af sér.

Mugabe sagðist hins vegar í gær ætla að bjóða sig fram í seinni umferð forsetakosninga, sem Tsvangirai hefur neitað að taka þátt í.

Stjórnarandstaðan leggur ekki trúnað á opinberar niðurstöður forsetakosninganna, sem loks voru birtar í gær, rúmum mánuði eftir að kosningarnar voru haldnar.

Samkvæmt kjörstjórn hlaut Morgan Tsvangirai, helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, 47,9 prósent atkvæða, en Robert Mugabe forseti fékk 43,2 prósent. Þar sem enginn hlaut meira en helming atkvæða þarf innan þriggja vikna að halda aðra umferð, þar sem kosið verður á milli tveggja efstu manna.

FORMAÐUR KJÖRSTJÓRNAR Lovemore Sekeramai, formaður kjörstjórnar í Simbabve, skýrði loks í gær frá opinberum niðurstöðum forsetakosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tsvangirai hefur haldið því fram að hann hafi fengið 50,3 prósent atkvæða og sé því réttkjörinn forseti. Ekki þurfi að halda aðra umferð og hann muni ekki taka þátt í því nema alþjóðlegt eftirlit verði með þeim.

Talsmaður Tsvangirais segir nú að kjörstjórn hafi ekki gert fullnægjandi grein fyrir 120 þúsund atkvæðum sem myndu tryggja Tsvangirai sigurinn. **- gb**

Sprenging í Svíþjóð:

Rúður sprungu og gat kom í gólf

SVÍÞJÓÐ Sprengja sprakk í fjölbýlishúsi í miðborg Malmö í gærmorgun. Miklar skemmdir urðu á húsinu, hurðir og gluggar eyðilögðust og gat kom í gólf en enginn slasaðist í sprengingunni, að sögn dagblaðsins Dagens Nyheter.

Hátt í þrjátíu manns búa í stigaganginum og hafa þeir allir rýmt íbúðir sínar. Talið er að sprengjan hafi verið sprengd til höfuðs einhverjum í húsinu; hún var að minnsta kosti það kröftug að útilokað er að um venjuleg strákapör hafi verið að ræða, að sögn lögreglunnar.

- ghs

Aðalfundur Skáksambandsins:

Guðfríður Lilja hættir

SKÁK Guðfríður Lilja Grétarsdóttir lætur af störfum sem formaður Skáksambands Íslands á aðalfundi þess í dag. Tveir eru í framboði; þeir Óttar Felix Hauksson og Björn Þorfinnsson.

„Þetta hafa verið fjögur hamingjurík ár þar sem líf mitt snerist um skák allan sólarhringinn. Nú er fínt að skipta um takt og snúa sér að öðru," segir Guðfríður.

Hún segist helst hlakka til að geta teflt meira sjálf, en oft hafi lítill tími gefist til þess.

Síðasta embættisverk hennar var undirritun samnings við menntamálaráðuneytið um eflingu skáklistar í grunnskólum. **- kóp**

HÆTTIR Í DAG Guðfríður Lilja hættir sem formaður Skáksambandsins í dag.

Verðhækkun á þurrmjólk:

Hækkun upp á 50 prósent

VERÐHÆKKUN Ástæðna gríðarlegrar verðhækkunar á SMA þurrmjólk upp á síðkastið er að leita í mikilli hækkun hráefniskostnaðar á heimsmarkaði, segir í tilkynningu frá fyrirtækinu Icepharma sem flytur inn SMA.

Í tilkynningunni segir að hinn 10. mars síðastliðinn hafi verð á SMA þurrmjólk hækkað um 50 prósent að meðaltali. Vegna hækkana á heimsmarkaði hafi framleiðslukostnaður Wyeth, framleiðanda þurrmjólkurinnar, aukist gríðarlega, sem skilar sér í þessari miklu hækkun.

Í tilkynningunni segir enn fremur að neytendur alls staðar í Evrópu verði fyrir þessum verðhækkunum. **- kg**

„SVIKARAR" Veggspjaldið umrædda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnmál í Serbíu:

Áróður gegn ESB-vináttu

SERBÍA, AP Víða um serbnesku höfuðborgina Belgrad var í gær búið að setja upp veggspjöld þar sem látið er að því liggja að æðstu ráðamenn landsins séu föðurlandssvikarar fyrir að hafa undirritað samning við Evrópusambandið um samstarf og aðildarundirbúning.

Á spjaldinu er mynd af Boris Tadic forseta og Bozidar Djelic varaforsætisráðherra við undirritunina í Lúxemborg á þriðjudag, og yfir hana er ritað: „óvinir ríkisins". Lítið þekkt félag þjóðernissinna er skrifað fyrir birtingunni.

Þetta þykir endurspegla þá spennuþrungnu stemningu sem ríkir í aðdraganda þingkosninga í landinu sem fara fram 11. maí. - aa

HRUNAMANNAHREPPUR

Vilja vínbúð á Flúðir

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Hrunamannahrepps, hefur ásamt fleiri fulltrúum sveitarfélagsins fundað með forsvarsmönnum ÁTVR varðandi opnun vínbúðar á Flúðum. Einnig hefur verið haft samband við fjármálaráðuneytið um vínbúðina sem hreppsnefndin telur vera hluta af nútímaþjónustu á svæðinu.

VESTMANNAEYJAR

Hreinsunardagur og grill

Í dag, laugardag, verður árlegur hreinsunardagur í Heimaey. Félagasamtökum í Eyjum er úthlutað svæðum til að hreinsa og fá þau aðstoð frá starfsmönnum Sorpeyðingarstöðvarinnar. Í lokin býður bæjarstjórnin til grillveislu.

JÓNSSON & LE'MACKS • JÍS • SÍA

SAMRÁÐ UM BETRA BORGARUMHVERFI

EINN, TVEIR OG REYKJAVÍK!
www.reykjavik.is sími: 411 11 11

Háskólinn á Akureyri

Raunvísindi

MÓTTAKA UMSÓKNA ER HAFIN
UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ

B.S. í líftækni
B.S. í tölvunarfræði
Dipl. í tölvunarfræði
B.S. í umhverfis- og orkufræði
B.S. í sjávarútvegsfræði

Möguleiki á veglegum námsstyrk!
Nýnemar sem hefja raunvísindanám við HA haustið 2008 geta sótt um styrk að upphæð 500.000 krónur frá fyrirtækinu Hugviti. Við úthlutun verður litið til árangurs umsækjenda í raungreinum í framhaldsskóla og árangurs þeirra á fyrsta misseri við viðskipta- og raunvísindadeild.

Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Kynntu þér nám við Háskólann á Akureyri á www.haskolanam.is

Sumarleg veisluföng og skemmtun fyrir þá yngstu

Pylsur, gos og ís verða á boðstólnum bæði laugardag og sunnudag. Einnig verður andlitsmálun, litríkar blöðrur og skemmtilegur hoppkastali fyrir yngstu gestina.

Tiguan torfærubraut

Prófaðu hinn magnaða Tiguan í sérstakri torfærubraut.
VW Tiguan – hann breytir öllu.

Vorglaðningur á verkstæðinu

Við förum yfir alla Heklubíla sem mæta um helgina.
25% afsláttur af varahlutum sem notaðir eru.

Jeppadagar hjá Bílaþingi Heklu

20% afsláttur af völdum notuðum jeppum.

Myntkörfulán í erlendri mynt

Við bjóðum 80% fjármögnun sem er að fullu í erlendri mynt með aðeins 8% vöxtum!

Fögnum lægra verði

Við höfum náð nýjum og hagstæðari samningum og getum því boðið lægra verð á nýjum bílum. Varanleg verðlækkun um allt að 17% er okkar framlag til þess að ná verðbólgunni niður. Það verður sannkölluð hátíðarstemmning hjá okkur um helgina því nýja verðið hefur þegar tekið gildi. **Komdu og taktu þátt í því að keyra niður verðbólguna.**

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um allt land

Opið laugardag 12-16, sunnudag 13-16. Umboðsmenn með opið á laugardag.

HEKLA

Fíton/SÍA

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

1, 2 OG HLÍÐAR!

HLÍÐAR - SAMRÁÐSFUNDUR ÍBÚA OG BORGARSTJÓRA
Í dag laugardaginn 3. maí kl. 11–13 í Háteigsskóla

1, 2 OG LAUGAR DALUR!

LAUGARDALUR - SAMRÁÐSFUNDUR ÍBÚA OG BORGARSTJÓRA
Í dag laugardaginn 3. maí kl. 13–15 í Laugalækjarskóla

1, 2 OG MIÐBORG!

MIÐBORG - SAMRÁÐSFUNDUR ÍBÚA OG BORGARSTJÓRA
Í dag laugardaginn 3. maí kl. 14–16 í sal Menntasviðs við Fríkirkjuveg 1 (gengið inn úr porti)

SAMRÁÐ UM BETRA BORGARUMHVERFI
EINN, TVEIR OG REYKJAVÍK!
www.reykjavik.is sími: 411 11 11

Stefnumótunarnefnd Evrópusambands sveitarfélaga fundar í fyrsta sinn á Íslandi:

Unnið að hagsmunagæslu

SVEITARSTJÓRNARMÁL Nú eftir helgina fundar hér á landi í fyrsta sinn stefnumótunarnefnd Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR), en það er æðsta stofnun samtakanna sem landssambönd héraðs- og sveitarstjórna í 36 Evrópulöndum eiga aðild að. Þau eru fulltrúar rúmlega 100.000 sveitarfélaga og héraða af öllum stærðum um alla álfuna, frá Portúgal til Úkraínu og Íslandi til Tyrklands. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur verið aðili að samtökunum síðan árið 1990.

Í samtali við Fréttablaðið segir framkvæmdastjóri samtakanna, Jeremy Smith, að fyrir fundinum í Reykjavík liggi langur listi málefna. Mörg þeirra varða mál sem eru til meðferðar í löggjafarferli Evrópusambandsins og tengjast hagsmunum héraða og sveitarfélaga, svo sem fjárlög ESB, aðlögun að loftslagsbreytingum, samgöngur í borgum og fleira. Þá verði rætt um fullgildingarferli Lissabonsáttmálans svonefnda, nýuppfærðs stofnsáttmála ESB, og væntanleg áhrif gildistöku hans á héraðs- og sveitarstjórnarstigið.

JEREMY SMITH Framkvæmdastjóri Evrópusamtaka sveitarfélaga (CEMR).

Þá nefnir Smith líka Evrópusáttmála um jafnrétti karla og kvenna á þessu stigi stjórnsýslunnar. Fulltrúar yfir 700 aðila hafa að hans sögn skráð sig á ráðstefnu sem samtökin hafa boðað síðar á árinu um þetta efni. - aa

Fjöldi mála þrefaldast á fimm árum

Fjöldi mála hjá lögreglustjóranum á Selfossi hefur ríflega þrefaldast á fimm árum. Sýslumaðurinn segir mikinn metnað hafa verið lagðan í sýnilega löggæslu. Maður var sakfelldur fyrir að valda konu sinni tjóni með gáleysi í akstri.

DÓMSMÁL Þórir Hall Stefánsson var á þriðjudag dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands fyrir líkamsmeiðingu af gáleysi gagnvart konu sinni, með gáleysislegum akstri.

Kona Þóris, Helga Jónsdóttir, ritaði grein í Fréttablaðið í gær þar sem hún lýsti því hvernig hún reyndi að fá sýslumanninn á Selfossi, Ólaf Helga Kjartansson, til að falla frá kærunni, en án árangurs. Ekki kom fram í grein Helgu að dómur er fallinn.

Helga spyr í grein sinni hvort mismunandi sé tekið á málum á milli sýslumannsembætta.

Athugun Fréttablaðsins leiðir í ljós að mikil fjölgun hefur orðið á málum sem koma inn á borð lögreglunnar á Selfossi. Eins og sést á myndinni til hliðar voru þau 204 árið 2001, en 632 árið 2006, en nýrri tölur liggja ekki fyrir. Þessi mikla aukning er langt yfir landsmeðaltali, þar sem málum hefur fækkað á sama tíma úr 8.173 í 7.701. Ólafur tók við embætti á Selfossi í upphafi árs 2002.

Ólafur segist ekki vita hvort óeðlilega mikið sé um mál hjá embættinu á Selfossi. Hann minnir á að embættið er gríðarlega stórt; það nær frá brekkunni vestan við Litlu kaffistofuna, austur að Þjórsá og að Kerlingarfjöllum. „Hjá okkur hefur mikill metnaður verið lagður í sýnilega löggæslu og þetta segir væntanlega eitthvað um dugnað lögreglumanna. Við erum að skoða betur af hverju aukningin stafar," segir Ólafur Helgi.

Árið 2006 lauk 88,8 prósentum mála hjá lögreglustjóranum á Selfossi með ákæru, en 74,3 prósentum yfir landið allt. Ólafur Helgi segir að mál eins og Þóris séu alltaf erfið. Eftir vandlega íhugun hafi verið ákveðið að ákæra í samræmi við gildandi lög og venjur. „Það verður að gæta samræmis í því sem gert er. Þetta er því miður ekki fyrsta ákæran sem gefin er út af mér þar sem ættingjar eða maki koma að málinu," segir Ólafur.



ÓLAFUR HELGI KJARTANSSON

SIGURÐUR LÍNDAL

Hann minnir á að farið hafi verið fram á vægustu refsingu. Tekið sé tillit til fjölskyldubanda „Í nútímaþjóðfélagi er almennt litið svo á að hjón séu tveir sjálfstæðir einstaklingar og það á enn frekar við þegar fólk er ekki í búskap. Menn geta svo spurt sig hvort eðlilegt sé að yfirvöld séu þannig að þau láti undan þrýstingi og einnig hvort eðlilegt sé að beita lögleg yfirvöld svona þrýstingi."

Sigurður Líndal lagaprófessor segir að sér finnist fullharkalega fram gengið í málinu. „Rétt hefði verið að leita allra leiða til að fara vægar í sakirnar."

kolbeinn@frettabladid.is

Stefán Pálsson sækir um starf forstjóra Varnarmálastofnunar:

Ætlar að halda umsvifum stofnunarinnar í lágmarki

VARNARMÁLASTOFNUN „Ég er alltaf bjartsýnn þegar ég sæki um nýtt starf og sýnist ég falla ágætlega undir þær hæfniskröfur sem gerðar eru. Það kemur í ljós hvernig utanríkisráðuneytinu hugnast þessar sparnaðarleiðir sem ég sting upp á, en miðað við stöðu efnahagsmála og fyrirsjáanlega minnkandi tekjur ríkissjóðs ættu þær að falla í kramið. Ég hef enga trú á öðru," segir Stefán Pálsson, formaður Samtaka hernaðarandstæðinga. Stefán sótti í gær um stöðu forstjóra nýrrar Varnarmálastofnunar.

Að sögn Stefáns munu megináherslur hans í starfi verða fólgnar í því að tryggja öryggi þjóðarinnar, með áherslu á friðar- og afvopnunarmál. Hann ætlar sér einnig að minnka allan rekstrarkostnað eins og mögulegt er, meðal annars með því að fella niður kostnaðarsamar heræfingar. „Starfslýsingin gerir ráð fyrir töluverðum samskiptum við NATO þannig að ég verð líklega með annan fótinn í Brussel. Í því fælist líka aukin hagræðing því besti vinur minn er búsettur þar og er einmitt að innrétta hús með gestaherbergi. Ég gæti fengið að gista hjá honum og hef enga trú á að hann fari að senda einhverja reikninga."

FRIÐARSINNI Stefán Pálsson hefur ýmsar hugmyndir um hagræðingu fyrir Varnarmálastofnun.

Þeir sem sækja um stöðuna fallast á ítarlega bakgrunnsskoðun til að leggja mat á hvort viðkomandi teljist háskalegur. „Ef ég fæ ekki starfið fæ ég í það minnsta staðfestingu á því hvort hernaðarbandalagið telji mig háskalegan," segir Stefán. - kg

VIÐ BJÓÐUM NÚNA ÖRFÁA

ASTRA TURBO

Á ALGERU SMÁBÍLAVERÐI!

2.390.000 KR.

Ríkulegur búnaður fylgir Opel Astra Turbo

- 17“ álfelgur
- Spoiler
- iPod tengi
- 185 hestöfl

ENNEMM / SÍA / NM33417

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ!

Ertu ekki að grínast? 185 hö fyrir 2,39 milljónir? Þetta færðu hvergi nema í Astra Turbo, bíl sem er betur búinn en best búni fólksvagn á Íslandi. En bíddu ekki of lengi, við eigum ekki nema örfáa bíla á þessu verði og því skaltu koma strax og tryggja þér taumlausa akstursgleði áður en sumarið gengur í garð.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

INGVAR HELGASON

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

OMX ÍSLAND 15
5.171 **-0,77%**

Fjöldi viðskipta: 480
Velta: 4.748 milljónir

MESTA HÆKKUN

FL GROUP	+2,32%
ATL. PETROLEUM	+1,71%
FØROYA BANKI	+0,68%

MESTA LÆKKUN

365	-3,68%
EIK BANKI	-3,13%
EIMSKIPAFÉLAGIÐ	-1,85%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 7,26 -0,28% ... Bakkavör 35,95 +0,28% ... Eimskipafélagið 21,25 -1,85% ... Exista 12,00 +0,08% ... FL Group 6,62 +2,32% ... Glitnir 17,10 +0,29% ... Icelandair Group 21,80 +0,46% ... Kaupþing 840,00 -1,52% ... Landsbankinn 29,65 -0,84% ... Marel 89,40 -0,33% ... SPRON 4,95 -0,40% ... Straumur-Burðarás 12,70 -0,70% ... Teymi 3,70 -0,54% ... Össur 96,50 -0,52%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Sissener í mál við Kaupþing

„Heldur finnst mér sorglegt að þurfa að fara dómstólaleiðina til að fá þá til að virða við mig starfssamning," segir Jan Petter Sissener í viðtali við Dagens Næringsliv í gær. Tilkynnt var um það snemma í febrúar að Sissener hefði látið af störfum sem forstjóri Kaupþings í Noregi.

Brotthvarf hans frá bankanum virðist ekki jafn slétt og fellt og tilkynningarnar á þeim tíma gáfu til kynna, því hann hefur nú höfðað mál á hendur Kaupþingi vegna efnda á starfslokasamningi. Dagens Næringsliv segir um vænar upphæðir að ræða, enda deilt um bónusgreiðslur, bæði fyrir þetta og síðasta ár, auk eftirlauna.

Microsoft í fjandsamlega yfirtöku

Líkur eru taldar á að Microsoft reyni fjandsamlega yfirtöku á netfyrirtækinu Yahoo. Jafnvel er búist við tilkynningu í þá veru frá fyrirtækinu innan tíðar, að því er Wall Street Journal greinir frá. Fjandsamleg yfirtaka felur í sér að reynt er að ná undirtökum í fyrirtæki með uppkaupum á hlutafé þess án samstarfs eða samráðs við þá sem þar eru fyrir ráðandi hluthafar. Microsoft hefur í þrjá mánuði átt í viðræðum við Yahoo um kaup á fyrirtækinu. Yahoo á hins vegar líka í viðræðum við Google um mögulega notkun á netauglýsingahugbúnaði. Slíkur samningur gæti styrkt Yahoo og þrýst á Microsoft um að hækka 44,6 milljarða dollara (3.300 milljarða króna) yfirtökutilboð sitt í Yahoo. Tíminn vinnur því ekki með hugbúnaðarrisanum í þessu máli.



MARKAÐSPUNKTAR

Seðlabanki Evrópu ætlar að auka aðgengi evrópskra banka að Bandaríkjadölum. Bankinn tilkynnti um aðgerðina í gær, en hún er í samvinnu við Seðlabanka Bandaríkjanna og svissneska seðlabankann.

Í gær var einnig upplýst um að Seðlabanki Bandaríkjanna ætli að auka peningamagn sem ætlað er til þrautavaralána til aðþrengdra fjármálafyrirtækja um 50 prósent, í 150 milljarða dala, eða vel yfir 11.200 milljarða íslenskra króna.

Stjórn Flögu Group hefur óskað eftir því að félagið verði afskráð úr Kauphöllinni. Bogi Pálsson, stjórnarformaður, segir að lítil viðskipti með hluti í félaginu hafi sveiflað gengi þess mikið, og það sé hvorki til hagsbóta fyrir félagið né hluthafa þess.

RÉTTINDANÁM FYRIR
VIÐURKENNDA BÓKARA
HAUST 2008

Símennt HR býður áhugasömum að sitja réttindanám fyrir bókara. Þeir nemendur sem standast prófin fá staðfestingu frá fjármálaráðuneytinu að þeir séu viðurkenndir bókarar, skv. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

Námið skiptist í þrjá hluta:

I. hluti - Skattskil (40 klst.)
Markmið námskeiðsins er almenn innsýn í skattalög og reglur varðandi skatt-lagningu fyrirtækja og einstaklinga.

II. hluti - Upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi (31 klst.)
Markmið námskeiðsins er að dýpka skilning þátttakenda á áhrifum upplýsingakerfa nútímans á reikningshald og á rafræn samskipti. Áhersla er lögð á notkun Excel við bókhaldsstörf.

III. hluti - Reikningshald (40 klst.)
Markmið námskeiðsins er að dýpka skilning þátttakenda á meginreglum reikningshalds og því lagaumhverfi sem bókhald og reikningsskil eru byggð á.

Námið hefst 22. ágúst og er alls 110 klst. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Umsóknarfrestur er til 15. maí

Frekari upplýsingar veitir:
Birna Björnsdóttir
Sími: 599 6316
birnabj@ru.is
www.simennthr.is

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Milljarðar afskrifaðir vegna undirmálslána

Kaupþing hefur þurft að afskrifa milljarða króna vegna undirmálslána. Þau komu til vegna viðræðna um kaup á hollenska bankanum NIBC.

Kaupþing banki afskrifaði 13 milljarða króna á fyrsta fjórðungi ársins vegna undirmálslána. Aðaleigendur hollenska bankans NIBC tóku undirmálslánin þegar ákveðið var að fara í viðræður um sameiningu við Kaupþing.

Það gekk ekki eftir sem kunnugt er.

Lánið var síðan veitt félaginu JC Flowers sem tók við öllum undirmálslánum NIBC því vilji var til að hreinsa öll slík lán út úr bókum hollenska bankans.

Samkvæmt upplýsingum Markaðarins nam heildarfjárhæð undirmálslánanna tæpum 690 milljónum Bandaríkjadala. Hlutur Kaupþings nam 280 milljónum dala, eða sem nemur ríflega 21 milljarði króna, miðað við lokagengi gærdagsins.

Vegna alþjóðlegu lánsfjárkreppunnar eru undirmálslánin nú nánast verðlaus. Því hefur Kaupþing þegar afskrifað 13 milljarða vegna þessa. Enn er greitt af lánunum og binda Kaupþingsmenn enn vonir við að fá eitthvað af þessu til baka. Kaupþing mun eiga fyrsta veðrétt af öllum greiðslum sem inntar verða af hendi.

STJÓRNENDUR KAUPÞINGS Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri kynnir uppgjör fyrsta ársfjórðungs. Bankinn afskrifar þrettán milljarða vegna undirmálslána.

bjorgvin@markadurinn.is

Kópavogsbær metur hvort bjarga skuli lóðahöfum

Yfirvöld í Kópavogi íhuga nú að grípa til aðgerða, til að koma í veg fyrir að fólk missi lóðir sem það hefur fengið úthlutað.

Sautján lóðum af um 200 sem úthlutað var í Vatnsendahlíð fyrir skömmu hefur verið skilað til bæjarins. Yfirvöld meta nú hvort hægt sé að aðstoða fólk til að koma í veg fyrir að það glati lóðunum vegna versnandi efnahagsástands. Það skýrist á næstunni hvað bærinn gerir.

Fram hefur komið að tugum einbýlishúsalóða hefur undanfarið verið skilað til bæjaryfirvalda á höfuðborgarsvæðinu. Yfir tuttugu lóðum við Úlfarsfell hefur verið skilað til Reykjavíkurborgar og fimmtán prósentum lóða sem Hafnarfjarðarbær úthlutaði á Völlunum var skilað þegar kom að gjalddaga.

Sala á lóðum í Leirvogstungu og í Helgafellslandi í Mosfellsbæ hefur einnig gengið treglega undanfarið. Þar hafa einkaaðilar skipulagt íbúðahverfi. Dæmi eru um að fólk hafi hætt við að kaupa þar lóðir á síðustu stundu, vegna þess að bankinn hafi haldið að sér höndum.

FRÁ HELGAFELLSLANDI Tugum lóða hefur verið skilað til bæjaryfirvalda á höfuðborgarsvæðinu. Fólk ræður ekki við lóðakaupin. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

- ikh

Til hamingju Ragna!

Afrekskonan Ragna Ingólfsdóttir hefur unnið sér rétt til þátttöku í badminton á Ólympíuleikunum í Peking.
Við óskum Rögnu til hamingju með áfangann og styðjum hana heilshugar alla leið.

spron

ARGUS / 08-0213

OFURHELGI!

199 kr/pk
Merkt verð 399,-

Bláber 125 g

865 kr/kg
Merkt verð 1.729,-

Ferskt **lambalæri**

Tveir fyrir einn

Ítalía kryddmyllur
- 9 tegundir

Tveir fyrir einn

Ítalía extra virgin ólífuolía

Tveir fyrir einn

Ítalía kaffi

3.999 kr
Verð áður 6.999,-

Stígvél st. 36-41

999 kr
Verð áður 2.999,-

Náttbuxur
dömu og herra

1.299 kr
Verð áður 3.499,-

Sængurverasett
margir litir

1.999 kr
Verð áður 3.999,-

Barnaskór st. 23-35

Valensia nærfatasett

14.999 kr
Verð áður 29.999,-

Prostyle 28" Gentleman

Gildir til 4. maí eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta

FRÁBÆR TILBOÐ
á vinsælum vörum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Fréttaskýring: Framboð Íslands til öryggisráðs SÞ — 3. hluti

STJÓRNMÁLASAMBAND VIÐ 59 RÍKI Á FIMM ÁRUM

- Íslensk stjórnvöld hafa á síðustu fimm árum tekið upp stjórnmálasamband við 59 ríki, að meðaltali um tólf á ári.
- Það er talsverð aukning frá fimm ára tímabilinu þar á undan, þegar tekið var upp samband við samtals tólf ríki, eða tvö til þrjú á ári.
- Frá því Ísland bauð sig fram til setu í öryggisráðinu hefur verið tekið upp samband við 75 aðildarríki SÞ.
- Ísland hefur nú tekið upp stjórnmálasamband við öll ríki SÞ utan við sex. Það eru Burma (Myanmar), Bútan, Mið-Afríkulýðveldið, Mónakó (aðeins ræðissamband), Simbabve og Trinidad og Tóbago.
- Ekki er hægt að segja að Ísland hafi stofnað til stjórnmálasambands við ríki vegna öryggisráðsframboðsins, þó framboðið sé ákveðinn hvati, segir Kristín Árnadóttir, kosningastjóri framboðs Íslands.
- Ekki hefur verið mikill kostnaður því samfara að taka upp samband við ríkin. Sendiskrifstofa Íslands hjá SÞ í New York hefur séð um samningana.



TEKIÐ UPP STJÓRNMÁLASAMBAND

Lönd sem Ísland hefur tekið upp stjórnmálasamband við á síðustu fimm árum, flokkuð eftir því á hvaða ári stofnað var til sambandsins.

Misjöfn fjárútlát í framboði

Áætlað er að kostnaður Íslands vegna framboðs til öryggisráðs SÞ verði samtals um 350 milljónir króna. Tyrkir eru sagðir eyða tífalt meira, en Austurríkismenn segjast ekki eyða neinu. Ríkin skilgreina kostnað vegna framboðsins þröngt, og taka ekki kostnað við ráðstefnuhöld og ferðalög ráðamanna með í reikninginn. Fjárútlát skipta ekki höfuðmáli í baráttunni, segja sérfræðingar.

ÚTGJÖLD RÁÐUNEYTISINS AUKIST HRATT

- Heildarútgjöld utanríkisráðuneytisins hafa fjórfaldast á tíu árum. Á fjárlögum 2008 er gert ráð fyrir 11,8 milljarða króna útgjöldum. Á sama tíma hefur vísitala neysluverðs hækkað um 53 prósent.
- Á þriggja ára tímabili, frá árinu 2005, hafa útgjöldin farið úr 6,7 milljörðum í 11,8, sem er aukning um 76 prósent. Á sama tíma hefur vísitalan hækkað um 18 prósent.
- Þingmaður Frjálslynda flokksins, segur útgjaldaaukningu ráðuneytisins á undanförnum árum benda til þess að dulinn kostnaður vegna öryggisráðsframboðs Íslands sé mun meiri en stjórnvöld vilji gefa upp.
- Kostnaður við sendiráð Íslands hefur þróast tvöfaldast á tíu ára tímabili. Árið 1999 var kostnaðurinn 961 milljónir, en í ár er gert ráð fyrir 1,9 milljörðum vegna þeirra.
- Framlög Íslands til þróunarmála, þar með talið rekstur Þróunarsamvinnustofnunar Íslands, hefur því sem næst áttfaldast á síðustu tíu árum. Framlögin voru 381 milljónir árið 1999, en verða um 3 milljarðar í ár.
- Við útreikninga er miðað við tölur úr fjárlagafrumvörpum.



Íslensk stjórnvöld áætla í dag að framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna muni kosta um 350 milljónir króna, talið frá árinu 2001. Það er um þriðjungur af þeim eina milljarði sem talað var um fyrir nokkrum árum að framboðið myndi kosta.

Obbinn af kostnaði Íslands vegna framboðsins fór í að fjölga starfsmönnum á skrifstofu íslensku sendinefndarinnar hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

Sérfræðingar í kosningum í ráð og nefndir SÞ segja það afar mikilvægt, þar sem starfsemin í höfuðstöðvum SÞ geti verið lykillinn að sigri, sé rétt að henni staðið. Lítill hluti til viðbótar fór í að greiða laun framkvæmdastjóra framboðsins, og aðra starfsemi hér á landi.

Ísland keppir við Austurríki og Tyrkland um tvö laus sæti í öryggisráðinu árin 2009 til 2010.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði í ræðu á Alþingi 8. apríl síðastliðinn að mikil vinna hafi átt sér stað í samræmingu utanríkisþjónustunnar. Þá hafi milliríkjasamskipti Íslands „aukist umtalsvert“, og þau hafi verið nýtt til stuðnings framboðinu. Enginn kostnaður vegna þessara auknu umsvifa eru færð í bókhald framboðsins, þó óumdeilt sé að þau skipti miklu máli.

Þá mætti nefna ráðstefnu sem íslensk stjórnvöld, í samvinnu við erlenda aðila, stóðu fyrir á Barbados nú um páskana. Þar var rennt stoðum undir þróunarsamvinnu í Karíbahafinu, enda fulltrúum sextán eyríkja í Karíbahafi boðið til ráðstefnunnar. Í samtali Fréttablaðsins við Kristínu Árnadóttur, kosningastjóra framboðs Íslands, sagði hún að til stæði að ræða við fulltrúa ríkjanna til að kynna Ísland og undirbyggja öryggisráðsframboðið.

Okkar maður í Addis Ababa

„Það þarf að horfa í auknum mæli til þessara ríkja og við höfum ekki dulið þau þess að við erum í framboði,“ sagði Kristín í samtali við Fréttablaðið í mars.

Fréttablaðið óskaði eftir því að fá gefinn upp kostnað Íslands vegna ráðstefnunnar á Barbados. Talsmaður utanríkisráðuneytisins hafnaði því, en segir upplýsingarnar ekkert leyndarmál. Mikil vinna væri því samfara að ná þeim út úr bókhaldinu og ráðuneytinu ekki skylt að leggja í slíka vinnu.

Í ræðu Ingibjargar Sólrúnar í apríl kom einnig fram að Ísland hafi fengið áheyrnaraðild að Afríkusambandinu. Svavar Gestsson, sendiherra Íslands í Kaupmannahöfn, verður sérstakur fulltrúi, með aðsetur í Addis Ababa í Eþíópíu „næstu mánuðina“. Það mun meðal annars gagnast framboði Íslands til öryggisráðsins, sagði Ingibjörg.

Þá hefur Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, greint frá því að hann hafi á sex eða sjö mánuðum fundað með fulltrúum yfir 100 ríkja, þjóðhöfðingjum, ráðamönnum, sendiherrum og öðrum.

Spyrja má hvers vegna enginn hluti kostnaðar við ferðalög ráðamanna, ráðstefnur, aðild að Afríkusambandinu, fundi forseta Íslands og fleira sé færður á kostnaðarlið framboðsins; hvort kostnaður við framboðið sé of þröngt skilgreindur.

Jón Magnússon, þingmaður Frjálslynda flokksins, er ekki í vafa um að svo sé. Kostnaðurinn við framboðið sé vafalaust mun hærri en stjórnvöld haldi fram. Þess sjái til að mynda stað í sífellt hækkandi útgjöldum utanríkisráðuneytisins.

Hann segir ráðstefnuna á Barbados skýrasta og nýjasta dæmið um það að lagt sé í kostnað, að mestu vegna framboðsins, sem færður sé á aðra kostnaðarliði.

Annað dæmi sé sendiráðavæðing undanfarinna ára. Stofnuð hafi verið sendiráð í Suður-Afríku, á Indlandi og í Japan, sem séu algerlega óþörf. Enginn kostnaður vegna þeirra sé færður á framboð til öryggisráðsins, en ekki sé hægt að skýra tilurð þeirra með öðrum hætti en vegna framboðsins.

Nýtist í þróunarsamvinnu

Kristín Árnadóttir hafnar þessu alfarið. Hún segir að kostnaður við ráðstefnuna á Barbados hafi til að mynda fallið undir þróunarsamvinnu. Aukin milliríkjasamskipti komi ekki til vegna framboðsins, heldur séu þau nýtt í págu framboðsins þegar því verði við komið. Í stað þess að fara sérstakar ferðir til að kynna framboðið sé tækifærið notað í þeim ferðum sem farnar eru af öðru tilefni.

Á móti má segja að aukinn kostnaður við skrifstofu Íslands hjá SÞ í New York, sem skrifaður er á framboðið, eigi í raun ekki allur heima þar. Fjölgun starfsmanna þar nýtist til að sinna öðrum verkefnum. Það sé engu að síður reiknað sem framboðskostnaður, sem orki tvímælis.

Kristín bendir einnig á að nú sé verið að leita leiða til að auka þátttöku í þróunarstarfi til að efna skuldbindingar um að þróunarsamvinna verði 0,7 prósent af vergri þjóðarframleiðslu. Vinna sem lagt er í vegna framboðsins nýtist vel í því starfi.

Austurríkismenn virðast skilgreina kostnað með svipuðum hætti. „Við höfum ekki eytt neinu í framboðið,“ segir Hans Winkler, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis Austurríkis. „Allt sem við gerum er hluti af venjulegu þróunarsamstarfi, hluti af venjulegum ráðstefnum og ferðalögum. Við eyðum ekki peningum umfram það sem við gerum venjulega.“

Austurríki hefur í gegnum tíðina haldið mikið af ráðstefnum um ýmis málefni, og líta stjórnvöld þar svo á að ekki hafi verið lagt í sérstök verkefni vegna framboðsins eins.

Taka verður þeirri fullyrðingu með fyrirvara, jafnvel þó Austurríki sé með gríðarsterka utanríkisþjónustu. Austurrísk stjórnvöld hafa haldið ráðstefnur um málið víða. Spyrja má hvort þær hefðu verið haldnar ef ekki hefði verið fyrir framboðið, og ef ekki, hver kostnaðurinn var.

Geta eytt 3,7 milljörðum

Fulltrúar Tyrklands vildu ekki veita viðtal um framboðið. Ýmsar sögur ganga um að Tyrkland eyði miklu fé í kosningabaráttunni. Sérfræðingar telja líklegt að Tyrkir hafi lagt til hliðar um 50 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 3,7 milljarða króna, eingöngu vegna framboðsins. Þeir ætla að bæta við ellefu sendiráðum í ríkjum Afríku, og eru mjög áberandi í höfuðstöðvum SÞ í New York.

HÆGT AÐ BREYTA LEIKREGLUNUM

„Peningar skipta alltaf máli,“ segir Swadesh M. Rana, sérfræðingur í málefnum SÞ hjá World Policy Institute, spurð hvort það skipti máli hversu miklu ríki eyði í framboðið. Þar eigi svipað við og hjá forsetaframbjóðendum í Bandaríkjunum.

Ríki geta leyft peningum að skipta miklu máli ef þau vilja, segir Colin Keating, forstjóri Security Council Report. Ef tvö ríki keppi og bæði reyni að kaupa sér sæti í ráðinu með gjöfum og tilboðum sé líklegt að það ríki sem leggi til mest fé vinni. Á hinn bóginn geti ríki lýst því yfir að það stundi ekki slíkan fjáraustur þar sem það sé gegn stefnu landsins, og breytt þannig leikreglunum.

Það hafi til dæmis gerst þegar Dóminíska lýðveldið og Kosta Ríka kepptust um sæti í fyrra. Dóminíska hafi lagt mikið fé í baráttuna, öfugt við Kosta Ríka, en ekki haft erindi sem erfiði þegar kom að kosningum í ráðið.

„Þær upphæðir sem ríkin eyða í baráttuna skiptir ekki höfuðmáli. En ríki sem keppir við annað ríki sem leggur til mikið fé verður að berjast gegn því með mjög skipulögðum hætti,“ segir Keating.

„Almennt séð skipta peningar aðeins máli hjá litlum hluta ríkja,“ segir Lars Faaborg-Andersen, sendiherra og annar fastafulltrúi Danmerkur hjá SÞ. Ríki vilji auðvitað að þeir sem fá þeirra stuðning hafi skilning á sjónarmiðum þeirra, og styðji þeirra málstað í ákveðnum málaflokkum.

Því skipti stefna ríkis, til dæmis í þróunarmálum, miklu. „Maður skyldi þó ekki vanmeta áhrifamátt þess að geta eytt peningum í baráttunni,“ segir hann.

FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

ÞRIÐJA GREIN AF FIMM
Á mánudag:
Öryggisráðið – Hlutverk, starfsemin og breytingar

NÝ VERSLUN Á NÝJUM STAÐ GLÆSILEGRI EN NOKKRU SINNI FYRR

Mikið úrval af vandaðri hönnunarvöru á viðkunnanlegu verði

Opið 10-19 mán-mið, 10-21 fim, 10-19 fös, 10-18 lau og 12-18 sun. **Te & Kaffi** opið alla daga.

habitat

HOLTAGÖRÐUM

skoðun

greinar@frettabladid.is

Fimmtungur stuðningsins er horfinn.

Fallandi fylgi Samfylkingar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það er örugglega rétt hjá Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, utanríkisráðherra og formanni Samfylkingarinnar, að minnkandi fylgi við ríkisstjórnina tengist erfiðri stöðu í efnahagsmálum þjóðarinnar. Auðvitað er þyngra að sækja fram í mótvindi en þegar byrinn er í bakið.

Öllu ótraustara er hins vegar það stöðumat Ingibjargar að ástand efnahagsins komi frekar niður á Samfylkingunni en samstarfsflokknum. Þvert á móti ætti óstöðugleikinn miklu frekar að reynast Sjálfstæðisflokknum þungur í skauti. Í þeim flokki eru þó þeir ráðherrar sem helst geta sýnt frumkvæði og kraft í stöðunni, forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Að auki er fyrrverandi formaður flokksins frekur til fjörsins í Seðlabankanum, sem nýleg skoðanakönnun Fréttablaðsins sýnir að meirihluti þjóðarinnar hefur á takmarkað traust.

Framganga þessara helstu forystumanna Sjálfstæðisflokksins virðist samt ekki hafa teljandi áhrif á fylgi flokksins, eins og það birtist í nýjustu könnun Capacent. Og að sama skapi virðist Samfylkingin lítið njóta einingar innan sinna raða og staðfestrar stefnu í Evrópumálum. Möguleg aðild að Evrópusambandinu og upptaka evru hefur þó verið á hvers manns vörum undanfarna mánuði. Hafa kannanir sýnt að meirihluti þjóðarinnar deilir þeim áhuga með Samfylkingunni að rannsaka – að minnsta kosti – hvort ekki sé að finna meiri stöðugleika og yfirvegun um borð í Evrópusambandinu en ein á báti íslensku flotkrónunnar, minnsta sjálfstæða gjaldmiðils heims.

En hvað er þá í gangi með Samfylkinguna? Hvað varð til þess að flokkurinn missti, samkvæmt könnunum Capacent, fimmtung fylgis síns á tveimur mánuðum? Ef maður vill vera mjög huggulegur er hægt að benda á að í mars toppaði Samfylkingin í könnunum. Naut hún þá góðs á landsvísu af vitleysunni við valdaskiptin í Ráðhúsinu í Reykjavík. Foringi hennar í höfuðborginni, Dagur B. Eggertsson, var einhvern veginn sá eini af forystumönnum stjórnmálaflokkanna sem slapp beinn í baki frá þeim hildarleik. Hann óx í augum stórs hluta þjóðarinnar og flokkur hans skoraði vel í kjölfarið.

Það getur hins vegar aldrei orðið annað en skammvinn sæla þegar fylgi flokka þenst út vegna axarskafta annarra, en ekki eigin góðra verka. Í því samhengi má til dæmis vinda klukkuna aftur um fjögur ár og rifja upp þegar Samfylkingin reif sig um tíma yfir fjörutíu prósenta fylgi í könnunum út á afspyrnuvitlaust frumvarp Sjálfstæðisflokks um fjölmiðla.

Þegar öllu er á botninn hvolft er langlíklegasta skýringin á fallandi fylgi Samfylkingar nú ákveðin vonbrigði með frammistöðu flokksins í ríkisstjórnarsamstarfinu. Sumir ráðherrar Samfylkingarinnar voru óþægilega fljótir að koma sér makindalega fyrir í stólum sínum og taka upp vinnubrögð sem höfðu hvorki yfir sér sérstakan umbóta- né frjálslyndan brag, en undir þessum kjörorðum boðaði formaður flokksins að yrði starfað.

Það er rétt hjá Ingibjörgu Sólrúnu þegar hún segir að væntingar hafi verið gerðar til flokks hennar. Það tengdist þó ekki efnahagsmálunum sérstaklega. Samfylkingin var spræk í stjórnarandstöðunni, enda oftast auðveldara að finna að en framkvæma. Nú er hennar tími kominn og þá reynir á hvort getan til að koma hlutum í verk sé fyrir hendi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

makeup time 4U

Förðunarnámskeið fyrir allar konur sem vilja læra að farða sig sjálfar
- Þú mætir með förðunarvörurnar þínar og lærir að nota þær.
- Opin námskeið á miðvikudögum, erum að taka við bókunum í síma: 5 88 00 55

www.makeupTime4u.is
- Vefverslun
  Ný förðunarlína
- Fróðleikur
- Spurt og svarað
- Námskeið



Time 4u ehf - Krókhálsi 5a - 110 Rvk
Sími 5 88 00 55

FRÁ DEGI TIL DAGS

Heima og heiman

Borgarfulltrúarnir Gísli Marteinn Baldursson, Hanna Birna Kristjánsdóttir og Dagur B. Eggertsson eru á heimleið eftir að hafa setið hið árlega skipulagsþing á vegum American Planning Association, sem að þessu sinni var haldið í Las Vegas, fyrr í vikunni. Gísli Marteinn segir ferðina hafa verið afar gagnlega og snúa borgarfulltrúarnir heim drekkhlaðnir af hugmyndum. Á sama tíma og bandaríska skipulagsþingið fór fram hélt Arkitektafélag Íslands málþing í Norræna húsinu um byggingarlist og borgarskipulag. Gísli, Hanna og Dagur forfölluðust af skiljanlegum ástæðum en athygli vakti hins vegar að enginn hinna borgarfulltrúanna mætti í Norræna húsið á miðvikudag.

Formaðurinn víðs fjarri

Samtök hernaðarandstæðinga (áður herstöðvaandstæðinga) fylktu venju samkvæmt liði í kröfugöngu 1. maí. Í gönguna vantaði þó sjálfan formanninn, ofurróttæklinginn og friðarsinnann Stefán Pálsson, sem hafði öðrum hnöppum að hneppa því knattspyrnufélagið Fram átti hundrað ára afmæli sama dag. Stefán, sem er einlægur áhangandi Fram, lét sig vitaskuld ekki vanta í veisluhöldin og fékk sér köku meðan verkalýðurinn gekk niður Laugaveg og bað um brauð.

Í bál og brand

Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur látið Guðlaug Þór Þórðarson heyra það fyrir að hleypa öllu í bál og brand á Landspítalanum og hefur bent á deilu hjúkrunarfræðinga í því sambandi. Í gær tókust aftur á móti samningar milli hjartalækna og samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins. Þetta eru langþráð tímamót fyrir hjartasjúklinga því hjartalæknar hafa verið samningslausir í tvö ár – það er frá því að Siv Friðleifsdóttir var heilbrigðisráðherra.

bergsteinn@frettabladid.is

Aftur til FRAMtíðar

HALLGRÍMUR HELGASON
Í DAG | Fótboltasaga

Framarar fögnuðu 100 ára afmæli sínu hinn 1. maí. Kökur og kaffi í Safamýri og Kjartanar tveir úr ráðhúsi mættir með afmælisgjöf upp á 2,5 milljarða. Félagið flytur senn í Úlfarsárdal.

Bakvið ræðupúltið hékk félagsfáninn á slá, ævaforn og nett upplitaður silkigripur sem kallaði fram minningar. Ég sá hann síðast sjö ára gamall í litla skúrnum sem stóð við hornið á gamla malarvellinum í Skipholti, hvar Pítan stendur nú. Klettarnir undir Sjómannaskólanum gáfu honum fallega umgjörð. Ef gerði skúr á miðri æfingu hlupum við undir hamravegginn og hímdum þar í vari, sautján litlir dvergar á bláum peysum með reimuð hálsmál, sem dreymdi um að verða Elmar Geirsson eða Jói Atla. Eftir æfingu var kvikmyndasýning í skúrnum: Svarta perlan skoraði undramörk á hvítu tjaldi. Pele var okkar Laxness.

Nokkrum árum síðar vorum við orðnir bestir. Fimmti flokkur A var kominn í úrslitakeppni á Íslandsmótinu. Með Gumma Bald, besta markvörð í heimi, Rabba Rafns á miðjunni og Atla Hilmars í senternum. Sjálfur var ég lítill eftir aldri, dreymdi um að verða hægri innherji en var settur í fúllbakkinn. Í þá daga máttu bakverðir aldrei fara fram yfir miðju, áttu bara að passa kantmanninn í hinu liðinu.

Undanúrslitaleikurinn gegn Hugin frá Seyðisfirði var minnisstæður, einkum vegna búninga þeirra Austfirðinga. Svartar stuttbuxur voru greinilega ekki seldar í Kaupfélagi Héraðsbúa og sveinarnir voru flestir í svörtum terlínbuxum sem klippt hafði verið neðan af. Sumar voru jafnvel með belti og kantmaðurinn sem í minn hlut kom bar hníf í vasa. Hann beitti honum þó ekki í leiknum, en tók fram og sýndi mér þar sem við eyddum tveimur hálfleikum saman við miðlínu vallarins. Leikurinn var einstefna okkar manna og boltinn barst aldrei til okkar. Við höfðum því fátt annað að gera en spjalla.

„Hvernig er veðrið búið að vera fyrir austan í sumar?“

„Það hefur verið svarta helvítis þoka.“

„Og getið þið alveg æft í þoku?“

„Já já. Æfum bara stuttar sendingar.“

Þeir spiluðu svokallaðan „þokubolta“. Stutt þríhyrningaspil sem aldrei komst útúr eigin vítateig. Við spiluðum hinsvegar „hitabolta“. Þjálfarinn okkar, hinn magnaði Sveinn Kristjánsson, var harður liðsstjóri og stóð jafnan á miðjum velli, eins og dómari, og hrópaði á okkur skipanir hægri vinstri. Eftirlætis setning hans var: „ER BOLTINN HEITUR?!“ Enn í dag velti ég fyrir mér merkingu hennar. Var þjálfarinn að skamma okkur fyrir að halda boltanum of lengi, þar sem yfirleitt var fremur kalt á æfingum, og því gott að orna sér við knöttinn? Eða var hann að skamma okkur fyrir að þora ekki að snerta boltann, líkt og við héldum að við gætum brennt okkur á honum?

En Svenni var góður þjálfari. Og kom okkur alla leið í úrslitaleikinn gegn KR á Melavellinum. Leikirnir urðu reyndar þrír. Tveir fyrstu enduðu 0-0. Sá þriðji var leikinn í ísköldu norðanroki. Svenni dró þá leynivopn úr tösku; flösku fulla af „lærhitandi“ vökva nefndum „slóans“. (Alltaf í hitaboltanum.) Við fíluðum okkur eins og atvinnumenn þegar við hlupum inn á völlinn með lærin glansandi af þessum piparmyntulíkkjör. Hann dugði þó ekki til. Vindurinn skoraði 4 mörk fyrir KR í fyrri hálfleik en í þeim síðari hafði lægt örlítið og því urðu rokmörkin okkar aðeins 3. Fyrsta áfall bernskunnar var staðreynd. Og ævilangt hatur á KR hófst.

Þannig ljóma nokkur minningabrot úr sögu knattspyrnufélags. Hver kynslóð á sín mörk og misnotuð færi. Og svo heldur sagan áfram.

Í verkalýðsblíðu maídagsins rölti ég með börnin á milli íþróttahúss og Sprengjuhallar, og heilsaði gömlum fótboltafélögum sem lífið hafði breytt í bankamenn. Tveggja ára dóttir mín fann sér bláan bolta og lék honum fram völl sem eitt sinn var malar en er nú þakinn gervigrasi. Þegar hún nálgaðist markið Miklubrautarmegin lét hún vaða. Hún hitti í markið en hróp hennar — „Ve vann!“ (Ég vann!) — hitti mig í hjartastað.

Ég mundi allt í einu að sjálfur hafði ég skorað í þetta sama mark með þriðja flokki B. Þá var ég orðinn senter; stalst inn í sendingu varnarmanns til markmanns og hamraði knöttinn í netið. Og hamraði hann svo aftur í netið. Vegna þess að þetta var gegn KR. Ég heyri enn bílana flauta.

Allir eiga sitt félag og lítinn kafla í sögu þess. Þess vegna eru öll félög landsins frábær á sinn hátt. Nema auðvitað KR.

Varalið lögreglu

UMRÆÐAN
Jón Gunnarsson skrifar um löggæslu

JÓN GUNNARSSON

Umræðan um varalið lögreglu er, hjá mörgum sem um málið tjá sig, á hreinum villigötum. Á viðbrögðum sumra alþingismanna sýnist manni helst að þeir viljandi kjósi að afvegaleiða umræðu um góða hugmynd. Við heyrum upphrópanir um hervæðingu, vopnaburð og skriðdreka í þessu sambandi. Reynt hefur verið að gera dómsmálaráðherra tortryggilegan á sama tíma og þeir sem til þekkja hjá viðbragðsaðilum eru sammála þessari leið ráðherrans. Villandi umræða af þessu tagi er mikið ábyrgðarmál. Hér er á ferðinni mikilvægt samfélagslegt öryggismál sem ætti að ræða af alvöru.

Stofnun varaliðs lögreglu er nauðsynleg og hagkvæm leið til að styrkja löggæslu í landinu. Á undanförnum árum höfum við oft búið við það að sjálfboðaliðar björgunarsveita hafa þurft að ganga í gæslustörf sem ættu að vera á hendi lögreglunnar. Björgunarsveitir landsins eru varalið lögreglu og landhelgisgæslu þegar kemur að leit og björgun. Til þess verkefnis hafa sveitirnar útbúið sig og þjálfað. Hagkvæmni þessa fyrirkomulags þarf ekki að vefjast fyrir neinum. Engum sem til þekkir í þessum málaflokki dettur í hug að blanda þessu hlutverki saman við umræðu um varalið lögreglu.

Varalið lögreglu þarf þjálfun í þeim almennu lögreglustörfum sem lögreglan sinnir auk einkennisfatnaðar sem hæfir störfum þeirra. Það þarf að vera í stakk búið til að sinna grunnþjónustunni þegar fastaliðið er upptekið í sérhæfðari störfum. Það þarf lagaramma um starfsemi þess sem tekur á réttindum og skyldum þeirra sem kjósa að ganga til liðs við lögregluna á þessum vettvangi. Líklegt er að einhverjir af þeim sem í dag starfa í björgunarsveitum gangi í varalið lögreglu og af því væri augljós fengur vegna almennrar þjálfunar þess fólks. En sú ákvörðun verður tekin af einstaklingum en ekki björgunarsamtökunum.

Aðrir viðbragðsaðilar mættu taka sér samstarf lögreglu, landhelgisgæslu og björgunarsveita sér til fyrirmyndar. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur t.d. ekkert til þess þjálfað varalið til að aðstoða við slökkvistörf þegar mikið liggur við. Þess hefur verið þörf og slík ráðstöfun gæti eflt liðið og aukið mjög á hagkvæmni við rekstur þess.

Höfundur er alþingismaður.

47% AFSLÁTTUR 2.490
Hraðsuðukanna

47% AFSLÁTTUR 2.490
Safapressa

34% AFSLÁTTUR 1.980
Brauðrist hvít

56% AFSLÁTTUR 2.990
Eldhúsvog digital

47% AFSLÁTTUR 2.490
Eggjasjóðari

73% AFSLÁTTUR 4.590
Crépes járn

Allar vörur á 1.299 Pr. stk

34% AFSLÁTTUR 1.990
Borðvifta 9”

67% AFSLÁTTUR 2.990
Rafmagnssópur

28% AFSLÁTTUR 1.790
Hárblásarar 3 litir

44% AFSLÁTTUR 2.290
Hárklippisett

56% AFSLÁTTUR 2.990
Naglasnyrtisett

34% AFSLÁTTUR 1.980
2 STK!
Nefháraklippur

33% AFSLÁTTUR 2.990
Kaffikvörn

43% AFSLÁTTUR 3.490
Dósaopnari og hnífabrýni

50% AFSLÁTTUR 3.990
Raclette grill fyrir 4

33% AFSLÁTTUR 2.990
Samlokugrill hvítt

33% AFSLÁTTUR 2.990
Hitablásari 2000W

43% AFSLÁTTUR 3.490
Gufustraujárn 1800W

40% AFSLÁTTUR 3.290
Hárblásari 2000W

43% AFSLÁTTUR 3.490
Rafmagns-hitapúði

Töfrasproti / Rafm.hnífur

33% AFSLÁTTUR 2.990
33% AFSLÁTTUR 2.990

Allar vörur á 1.999 Pr. stk

ALLRA SÍÐUSTU DAGAR

LAGER HREINSUN

OPIÐ ALLA HELGINA!

Vandaður blandari með glerkönnu og 500W mótor. Malar ís léttilega.
Verð áður kr. **6.990**
AFSLÁTTUR 29%
Verð nú 4.990

AFSLÁTTUR 39%
Verð nú 2.490
Falleg brauðrist í burstuðu stáli i
Verð áður kr. **4.990**

AFSLÁTTUR 39%
Verð nú 3.990
Djúpsteikingapottur 2,5 ltr
Verð áður kr. **6.490**

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú 3.990
2000W 1,8 ltr hraðsuðu-kanna stál
Verð áður kr. **4.990**

AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 4.990
600W safapressa fyrir heila óskorna ávexti
Verð áður kr. **9.990**

AFSLÁTTUR 37%
Verð nú 6.990
Falleg kaffivél með klukku. Burstað stál
Verð áður kr. **10.990**

30% AFSLÁTTUR 4.990
Rafmagnspanna

30% AFSLÁTTUR 4.990
Hrísgrjónapottur stál

42% AFSLÁTTUR 5.990
Vandað vöfflujárn með hitastilli

Allar vörur á 3.499 Pr. stk

42% AFSLÁTTUR 5.990
Ryksuga 1400W

30% AFSLÁTTUR 4.990
Baðvog digital gler

30% AFSLÁTTUR 4.990
Kleinuhringjajárn

200 CM
ÞÚ SPARAR 30.000
Verð nú 79.900

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU
A ORKA
KÁMFRÍTT STÁL
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 69.900

AFSLÁTTUR 20%
Verð nú 14.999
ergorapido
Electrolux
Undraverð ryksuga, tvö tæki í einu. Léttryksuga og handryksuga fyrir hleðslu. Litur: Blár.
Verð áður kr **18.900**

1400 SN - 6 KG
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 69.900
BARKALAUS
ÞÚ SPARAR 15.000
Verð nú 49.900

Electrolux
Vönduð 1400 snúninga þvotta-vél með 6 kíloa hleðslugetu, hraðþvotti og handþvotti
- **Hraðval** - styttir algeng kerfi um 20-40% - sýnir tíma á skjá
- Kerfi og hitastig í einum takka
- Fjölmörg **sérkerfi** þ.ám. hand-þvottakerfi og ullarkerfi
- Framstillt gangsetning möguleg
- **Stórt hurðarop**
- Verð áður kr 84.900

ZANUSSI
Barkalaus þurrkari með tímastilli og stórri hurð sem gerir alla notkun létta og þægilega
- Tekur allt að **6 kg af taui**
- Krumpuvörn og niðurkæling á taui
- Veltir til beggja átta
- Kerfi fyrir viðkvæman þvott
- Verð áður kr 64.900

Electrolux
200 cm kæli- og frystiskápur með vandaðri innréttingu.
- 291 ltr kælir / 101 ltr frystir
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- Afar **hljóðlátur**
- Flöskurekki og glerhillur
- MaxiSpace frystiskúffur
- HxBxD: 200x59,5x62 cm
- Verð áður kr **109.900**

Electrolux
150 cm kæli- og frystiskápur með vandaðri innréttingu.
- 174 ltr kælir / 61 ltr frystir
- Sjálfvirk affrysting í kæli
- Afar **hljóðlátur**
- Glerhillur
- MaxiSpace frystiskúffur
- HxBxD: 150x55x62 cm
- Verð áður kr **84.900**

Rafha ehf

Opið virka daga 9-18
laugardag 10-18
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KS FERSKT LAMAFILLET MEÐ FITURÖND

2498

2498 KR./KG.

KJÚKLINGUR 30%-40% AFSLÁTTUR

Bónus ferskir kryddaðir kjúklingabitar
385 kr./kg. *MERKT VERÐ 549 KR./KG.*

Holta ferskir kjúklingavængir
239 kr./kg. *MERKT VERÐ 398 KR./KG.*

Holta fersk kjúklingalæri með legg
449 kr./kg. *MERKT VERÐ 748 KR./KG.*

Holta ferskir kjúklingaleggir í texaskryddlegi
420 kr./kg. *MERKT VERÐ 699 KR./KG.*

KF lambasaltkjöt 1.flokkur
698 kr./kg. *MERKT VERÐ 998 KR.*

KF lambasaltkjöt ódýrt
349 kr./kg. *MERKT VERÐ 498 KR./KG.*

Nautaat ferskir ungnautahamborgarar 4 stk með brauði
498 kr.

KF frosið kjötfars í rúllu
299 kr./kg. *MERKT VERÐ 498 KR./KG.*

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS

KS FROSIÐ 1. FLOKKS LAMBALÆRI

879 KR./KG.

MERKT VERÐ 1098 KR./KG.

Ali 100% ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT

Ali ferskar svínakótilettur
1070 kr./kg. *MERKT VERÐ 1783 KR./KG.*

Ali fersk svínarif
769 kr./kg. *MERKT VERÐ 1098 KR./KG.*

Ali ferskar svínahnakkasneiðar
1259 kr./kg. *MERKT VERÐ 1798 KR./KG.*

Ali ferskur svínabógur **498 kr./kg.**

KF pepperoni magnkaup
1959 kr./kg. *MERKT VERÐ 2799 KR./KG.*

Toppur ávaxta appelsín
2 ltr. 98 kr.

EuroShopper-snakk **200g** **98 kr.**

Myllu speltbrauð **500g** **179 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Með fyrirvara um prentvillur og eða uppseldar vörur.

AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00

EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI

Gunni og Felix rífast aldrei en tuða oft eins og gömul hjón
- Félagarnir fara yfir fimmtán ár í blíðu og stríðu.

Ísland: Hið ljúfa líf
- Eru Íslendingar hamingjusamastir allra þjóða?

Dönsk hönnun og arkitektúr
- Ný borgarsvæði og menningarhús í Kaupmannahöfn

Sport
Sport fylgir Fréttablaðinu á sunnudaginn

Guðjón Þórðarson og ÍA-strákarnir í ísbaði. Markakóngurinn í Kópavogi keyrir um á Harley Davidson. Ingi Björn Albertsson með soninn og tengdasoninn í Val. Elsta framlína landsins – bikarmeistarar FH stilla upp einstakri söknarlínu. Pressan í Vesturbænum – KR með fimm nýja leikmenn. Ætla að berja frá sér – framherjar Fylkis hafa mikið að sanna í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga

MAÐUR VIKUNNAR

Heilsteyptur og duglegur Íslendingur

Guðjón Karl Reynisson fer nú úr því að selja fólki mat og aðrar vörur, yfir í það að helga sig leikfangasölu. Hann tekur nú í mánuðinum við starfi forstjóra Hamleys.

Kunnugir segja að Guðjón sé mjög skemmtilegur maður. Honum er lýst sem skipulögðum manni, góðum leiðtoga sem eigi auðvelt með að hrífa fólk, hlýjum fjölskylduföður og keppnismanni sem sé hamhleypa til verka.

Lilja Birna Arnórsdóttir, eiginkona hans og félagi til tveggja áratuga, sá hann fyrst í World Class í Skeifunni. Þar var hann við störf en hún við æfingar.

Hún minnist þessara fyrstu kynna:

„Það var engin kaffiaðstaða hjá þeim leiðbeinendunum og þeir fóru á Tommahamborgara til að næra sig. Svo var það eitt sinn að ég gekk að afgreiðslunni til að fá aðstoð. Hann var þar og sneri í mig bakinu. Ég gerði vart við mig og þá lítur drengurinn við og með þennan mikla bleika sósutaum lekandi niður úr munnvikinu. Svo ég held ég geti sagt að hann hafi vakið athygli mína þegar við sáumst fyrst," segir Lilja brosandi.

Ásta María systir hans, sem er árinu eldri, segir að stóru systur hafi þótt hann vera uppátækjasamur prakkari þegar hann var yngri. „Og því verður ekki neitað að á vissum aldri varð ég stundum dálítið pirruð út í hann," segir hún og hlær.

Hann er mikill keppnismaður. „Eiginlega er hann með brjálað keppnisskap. Og þetta byrjaði bara þegar hann var krakki."

Hún segir einnig að fáir menn einbeiti sér meira að verkum sínum. „Hann getur orðið svo einbeittur að maður nær engu sambandi við hann."

Ásta María bætir því við að þrátt fyrir þennan eiginleika leyfi börnin hans honum aldrei að gleyma sér.

„Hann mætti nú vera meira með krökkunum," segir Lilja, en hann reyni að fylgja þeim eftir. Tvö eldri börnin hafi mikið stundað fótbolta og Guðjón reyni að ná leikjunum.

Lilja segir að þau fjölskyldan eigi sumarhús í Grímsnesinu og þar hafi þau verið mikið saman og ekki síst með börnunum.

Þá hafi þau hjón stundað líkamsræktina saman og golfið nú í seinni tíð.

Guðjón hefur lengi unnið langan dag, og stundum svo langan að hann sást varla dögum saman. „Þetta er allt annað núna," segir Lilja. Hún bætir við einni einkunn. „Hann er svo góður og hlýr. Hann á mikinn kærleika í sér."

Lilja starfaði lengi sem flugfreyja, svo þrátt fyrir að verja miklum tíma utan heimilisins við vinnu hefur hann staðið með straujárnið og með hendur ofan í skúringafötu. „Hann er líka ótrúlega góður kokkur, þegar hann nennir því," bætir Lilja við brosandi.

Hallur Halldórsson, tannlæknir á Selfossi, þekkir vel til Guðjóns, en eiginkonur þeirra eru æskuvinkonur. „Ætli við höfum ekki þekkst í ein fimmtán ár."

Hann segir Guðjón vera mjög skemmtilegan mann, skipulagðan og fylginn sér. „Hann hefur þennan hæfileika að sameina fólk til að stefna að markmiði og svo er hann góður hlustandi," segir Hallur.

Hann nefnir bústaðaferðir sem þau vinafólkið hafa farið í saman, og einnig veiðiferðir þeirra tveggja, en Guðjón nýtur þess bæði að skjóta fugl og veiða fisk. „Hann hefur verið í flugunni, maðki og hverju sem er, í rauninni öllu nema dýnamíti og reknetum," segir Hallur hlæjandi.

Hann minnist líka veiðiferðar þeirra tveggja í Laxá í Aðaldal. „Við fengum hvorn 23 punda laxinn. Það gleymist seint."

Vinnufélagar Guðjóns lýsa honum sem góðum leiðtoga og röskum og duglegum manni. „Það var eftirsjá að honum," segir Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr, en þeir störfuðu saman hjá Tali. Þórólfur segir Guðjón vera skemmtilegan samstarfsmann sem féll vel inn í Talsandann.

Ásta María systir hans segir að endingu: „Við eigum í miklum samskiptum, enda bara tvö systkinin. Við eigum eftir að sakna hans og þeirra mikið þegar þau fara út."

GUÐJÓN KARL REYNISSON

ÆVIÁGRIP

Guðjón Karl Reynisson er nýráðinn forstjóri Leikfangaverslanakeðjunnar Hamleys í Bretlandi. Hann fæddist 13. nóvember árið 1963.
Foreldrar hans eru Reynir G. Karlsson og Svanfríður María Guðjónsdóttir. Systir Guðjóns er Ásta María sem starfar í menntamálaráðuneytinu.

Guðjón er fjölskyldumaður; kvæntur Lilju Birnu Arnórsdóttur matvælafræðingi og eiga þau þrjú börn: Helenu, Arnór Örn og Kristján Karl.
Guðjón Karl ólst upp í Kópavogi og gekk fyrst í Kársnesskóla og Þinghólsskóla áður en hann settist á skólabekk í Menntaskólanum í Kópavogi, þaðan sem hann lauk stúdentsprófi árið 1983. Þaðan lá leiðin í íþróttakennaraskólann að Laugarvatni. Hann starfaði sem íþróttakennari við grunn- og framhaldsskóla á árunum 1986 til 1990. Eftir það varð hann sölustjóri hjá Iðunni næstu átta árin, þegar hann hóf störf hjá Tali.
Þar varð hann framkvæmdastjóri sölusviðs til ársins 2002, þegar hann varð framkvæmdastjóri 10-11 verslanakeðjunnar. Meðan hann starfaði fyrir Tal stundaði hann nám í rekstrar- og viðskiptafræðum við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og skellti sér síðan í MBA-nám við sama skóla, sem hann lauk með samnefndri gráðu árið 2002.

Guðjón Karl hefur ekki verið alveg ósnortinn af félagsstörfum og hefur meðal annars setið í stjórn Vinafélags ABC.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Guðjón Karl Reynisson var í fyrsta útskriftarhópi fólks með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands.

VISSIR ÞÚ

... að Guðjón Karl þjálfaði kvennalið Breiðabliks í fótbolta sumarið 1991 þegar liðið landaði einum af fjölmörgum Íslandsmeistaratitlum? Þá þjálfaði hann yngri flokka hjá liðinu og einnig hjá Fylki. Sjálfur lék hann knattspyrnu á yngri árum og núna með „old boys" og hefur meðal annars sótt Pollamót þeirra eldri borgara.

útboð.is
útboðsþjónusta á netinu
VORVERKIN AÐ FARA Í GANG?
Hafðu samband við okkur
Tryggir hagkvæm kaup
Útboð.is er sérhannaður þjónustuvefur til meðhöndlunar útboða á hvers kyns vöru og þjónustu
Útboð ehf • utbod@udbod.is • sími 553 0100

Auglýsingasími 512 5050

– Mest lesið

Porsche 911 Turbo

Við hættum ekki að leika okkur af því að við verðum gömul.
Við verðum gömul af því að við hættum að leika okkur.

Bílar & Sport

Frumsýnum 911 Turbo Cabriolet á sýningunni
Bílar & Sport í Fífunni um helgina...

PORSCHE

Bílabúð Benna

Bílabúð Benna - Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 - www.benni.is
www.porsche.is

Þjóðarsáttarflokkurinn!

Í dagbók **Þráins Bertelssonar** er sagt frá hugmyndafræði nýs stjórnmálaflokks, dömum með dýran smekk, ókeypis kollhnísum, rithöfundinum Balzac, próflestri og vatnsbyssum handa leikskólakennurum.

KÆRA DAGBÓK

Þráinn Bertelsson skrifar

LAUGARDAGUR, 26. APRÍL.

Ókeypis kollhnís og dömur með dýran smekk

Fór í húsdýragarðinn með litlu Sól og Helgu vinkonu. Helga er 6 ára en Sólveig er 4 ára.

Ég er að velta því fyrir mér hvort þær eru neytendur að upplagi eða hvort þegar hefur tekist að innræta þeim neyslu.

Þær létu það þreytulega eftir mér að kíkja ókeypis á seli, geitur, svín og belju. Ég viðurkenni að öll þau dýr hafa þær séð áður, en ég lít á skepnur eins og manneskjur að því leyti að það getur verið gaman að sjá þau oftar en einu sinni.

Þegar dýraskoðun var lokið glaðnaði yfir þeim stöllum. Þær reyndu að leita uppi allt sem kostaði peninga og fundu strax járnbrautarferð og hringekju.

Það var skynsamleg forgangsröðun að ná af mér peningum meðan ég var enn óþreyttur og í sólskinsskapi. Þegar þær komu úr hringekjunni spurðu þær hvort ekki væri eitthvert notalegt veitingahús á svæðinu þar sem við gætum sest niður og fengið okkur hressingu. Þá þóttist ég vera orðinn heyrnarlaus.

Best skemmtu þær sér þó ókeypis við að hoppa eða stinga sér kollhnís á hinum frábæra ærslabelg sem er greinilega vinsælasta leiktækið þarna. Mikið vildi ég að íslenskum listamönnum væri fengið það verkefni að hanna glæsilegan og frumlegan skemmtigarð handa börnum og foreldrum þar sem öll leiktæki væru ókeypis. Slíkur skemmtigarður væri einstakur í veröldinni og mundi vekja meiri alþjóðaathygli en virk utanríkisstefna og þúsund þreytandi flugferðir á Saga Class.

Svo fórum við upp í hesthús og báðar stúlkurnar fengu að fara á bak hinum trausta og geðgóða Vini sem var nýkominn úr Heiðmerkurferð með frú Sólveigu. Eftir svona mikið ókeypis grín voru dömurnar orðnar svangar og vildu finna góða sjoppu og þiggja veitingar. Sem betur fer er hvorug daman með lystarstol.

SUNNUDAGUR, 27. APRÍL.

Ekki „álitsgjafi“ heldur venjuleg manneskja

Mætti í Silfur Egils og talaði um vörubílstjóra, óánægju meðal þjóðarinnar, óréttlætanlega harðneskjulegar lögregluaðgerðir, Evrópusambandið og fleira.

Egill er ótrúlega skynsamur maður. Í staðinn fyrir að hafa eintóma pólitíkusa og sérfræðinga í þættinum býður hann óbreyttum kjósendum að koma og tjá sig. Þetta er sumum stjórnmálamönnum heldur illa við og kalla það fólk „álitsgjafa“ sem lítur svo á að stjórnmál séu of mikilvæg til að eftirláta þau stjórnmálamönnum afskiptalaust.

Ég er ekki „álitsgjafi“ heldur bara venjuleg manneskja sem hefur áhuga á umhverfi sínu, samferðamönnum og hvert ferðinni er heitið.

Ég hitti oft fólk sem segist vera mér sammála um hitt og þetta og segir að það þurfi að stofna nýjan stjórnmálaflokk sem fengi hreinan meirihluta í næstu kosningum. Flokk um þjóðarsátt handa þjóð sem er orðin mjög ósátt við stjórnmálamenn sína.

Næg eru verkefnin. Ég mundi byrja á að:

1. Skipta út þeim sem ber eða bera ábyrgð á peningastefnu Seðlabankans.
2. Fjarlægja Árna Mathiesen úr embætti fyrir fleiri afglöp en nauðsynlegt er að rifja upp á þessu stigi málsins. Ég mundi samt ekki vera mjög vondur við hann því að ég vorkenni honum að láta fara svona með sig.
3. Standa við fyrirheit um að afnema hin spilltu eftirlaunalög sem Alþingi undir forystu Davíðs Oddssonar samþykkti sér til handa. Og afnema aðstoðarþingmannalögin í leiðinni.
4. Leggja niður vísitölubindingu lána, nema vísitölubinding komi einnig á laun.
5. Leggja niður stimpilgjöld.
6. Skera niður útgjöld til utanríkismála annarra en þróunaraðstoðar um 50% – til að byrja með. Segja upp aðild að Nató, kalla heim alla íslenska „friðargæsluliða“ og skipuleggja varnarmál í samvinnu við Evrópusambandið.
7. Skera niður kostnað við rekstur ráðuneyta um 25%.
8. Taka upp alvöru gjaldmiðil í staðinn fyrir krónuna sem dugir ekki lengur.
9. Hafa þjóðaratkvæðagreiðslu um heimild til að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið og fá úr því skorið hvort við eigum heima í þeim hópi.
10. Afnema skyldu áskrift að Ríkissjónvarpinu.
11. Láta sérsveitarmenn ganga almennar lögreglu vaktir að minnsta kosti 50% vinnutímans. Leggja niður embætti Ríkislögreglustjóra og efla hina almennu löggæslu.
12. Tryggja að auðlindir þjóðarinnar verði sameign hennar og setja ný lög um eignarrétt á landi (jörðum).

Eftir að hafa komið þessu í verk væri ég sennilega kominn með sambland af stórmennskubrjálæði og ofsóknaræði og tímabært að ég hætti í pólitík.

Vinir okkar Sólveigar frá Tékklandi, þau Ía og Þórir, komu í heimsókn. Þau komu hingað í helgarheimsókn til að passa barnabarnið Þóri Inga.

MÁNUDAGUR, 27. APRÍL.

Kærkomnir farfuglar

Þegar vinir manns koma frá útlöndum eru þeir eins og farfuglar sem gera manni glatt í geði. Sigrún Vignis kom í heimsókn frá Lundúnum þar sem hún hefur búið og starfað áratugum saman og tekið á móti okkur Sólveigu oftar en ég kann að rifja upp.

ÞRIÐJUDAGUR, 28. APRÍL.

Balzac og peysufatadagurinn

Fallegt veður en ískalt. Ég fann til með hinum fallegu ungu stúlkum úr Verslunarskólanum sem gengu Austurstrætið á peysufötum. Sjálfur kom ég dúðaður á móti þeim og var þó ekki að fara lengra en upp í Bankastræti að hitta umsjónarmenn Eyjunnar, þar sem ég blogga stundum sjálfum mér til afþreyingar.

Á netinu getur maður tekið þátt í umræðu um dægurmálin án þess að eiga það á hættu að lenda í handalögmálum.

Í dag var síðasti kennsludagur hjá Hrafni, yngri syni okkar, sem er í Kvennaskólanum. Dimission hjá honum á morgun.

Allir hér fara að leggjast í próflestur nema litla Sól sem lítur á bókmenntir sem svefnmeðal og ég sem er að lesa ævisögu Balzacs. Það var nú meiri kallinn, þessi merkismaður sem bókmenntafræðingar telja að hafi fundið upp nútímaskáldsöguformið hvort sem það er rétt hjá þeim eða ekki.

Sérstaklega er gaman að lesa um bókmenntaklíkurnar í París á fyrri hluta nítjándu aldar. Þar mynduðu menn bandalög gagnkvæmrar samúðar og skrifuðu lofsamlega ritdóma hver um annan, og þegar Balzac passaði ekki inn í einhverjar klíkur skrifaði hann einfaldlega ritdóma um sjálfan sig.

Og alltaf átti hann eftir að skrifa þrjár eða fjórar bækur til að verða í senn heimsfrægur og ódauðlegur og fimm eða sex bækur til að sjá fyrir endann á skuldahalanum. En það sem mér finnst þó merkilegast er að hann tók hið fyrirlitna bókmenntaform, vinnukonurómaninn og glæpasöguna, og hóf í æðra veldi og sýndi þar með að bókmenntaformið skiptir ekki meginmáli heldur innihaldið.

Þetta hefur viljað gleymast og enn í dag verða sumir bókmenntafræðingar sem lítið kunna í bókmenntasögu nokkuð dryldnir í sambandi við þessar greinar bókmenntanna.

Munurinn á sonum mínum er til dæmis sá að Krummi sem eyddi ári í Brasilíu hefur engan áhuga á knattspyrnu en Þór eldri bróðir hans og ég kunnum hins vegar að meta þá fögru íþrótt og borðuðum kvöldmatinn fyrir framan sjónvarpið yfir æsispennandi leik tveggja liða sem allir fótboltaáhugamenn þekkja og hinir kæra sig ekki um að heyra nefnd.

Andri sem er 10 ára var að skrifa fína ritgerð um kristinfræði. Nú eru tímar stílabókanna liðnir. Hann sendi kennaranum sínum ritgerðina í tölvupósti.

FIMMTUDAGUR, 1. MAÍ. HÁTÍÐISDAGUR VERKALÝÐSINS. UPPSTIGNINGARDAGUR.

Rafbyssur sem kennslutæki

Það er svo sjaldgæft að 1. maí og uppstigningardagur séu einn og sami dagurinn eins og núna, að næst gerist þetta ekki fyrr en árið 2160 svo að ég upplifi þetta tæplega aftur.

Landssamband lögreglumanna á sér þann draum að allir lögreglumenn fái rafbyssur til að draga úr slysahættu við störf lögreglumanna. Ég ber djúpa virðingu fyrir störfum almennra lögreglumanna. Þeim er heimilt að beita skotvopnum ef aðstæður krefjast þess.

Ef rafbyssur eru eins meinlausar og löggan heldur fram væri frekar ástæða til að heimila kennurum notkun þeirra í skólum þar sem agavandamál eru mikil. Ég mundi þó ekki nota rafbyssur á mjög ung börn. Leikskólakennarar yrðu að sætta sig við vatnsbyssur.

Viltu skjól á veröndina?

www.markisur.com og www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík

Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

999 kr/kg.
Goða lambalæri sagað - frosið

Úrval af indverskum vörum frá Patakas

1.070 kr/kg. áður 1.783 kr/kg.
Goða grísakótilettur - bakki

365 kr/kg. áður 729 kr/kg.
Ísfugl lausfrystir leggir

69 kr/ltr. áður 119 kr/ltr.
Vitan safar - 1 ltr.

99 kr/pk. áður 198 kr/pk.
Nettó samlokurauð

99 kr/ltr.
Kjörís - vanillu og súkkulaði

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Vikurfréttir

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 30. apríl til 4. maí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



Nýr og glæsilegur
Sælureitur

Fáðu Sælureitinn sendan heim.
Sjá www.husa.is

Lestu allt um sumarblómin bls. 122- 125

Lestu allt um garðhúsgögn bls. 76-81

Þú getur fundið verð á vörum sælureitsins á www.husa.is

STRÍÐ GEGN MOSA
í Húsasmiðjunni og Blómavali

Grasfræ 1kg 999 ~~1.699~~
10203052

Grasáburður 5kg 879 ~~1.190~~
5087660

Garðakalk 12,5kg 990 ~~1.549~~
10220784

Úrvals gróðurmold 10ltr 249 ~~399~~
10333655

Mosaeyðing

Svona gerum við gegn mosa.

Notum mosaeyði eða:

1. Tætum, rökum eða klórum mosann í grasflötinni.
2. Berum grasáburð á grasflötina.
3. Berum garðakalk á grasflötina.
4. Sáum grasfræi í sárin.
5. Gott að blanda grasfræi saman við úrvals gróðurmold áður en sáð er.
6. Græn og falleg grasflöt eftir 2-3 vikur.

Mosaeyðir 2.290 ~~2.990~~
10205047

Sýpris 799

Liljur

5 stk. aðeins

1.199



ÚT Í GARÐ!

Garðborð, Bradford
Vnr. 3899086

10.995

Garðstóll, Oregon
Vnr. 3899087

4.549

Garðstóll, Palma
m/ stillanlegum örmum
Vnr. 3899134

7.990

Garðstóll, Papette
m/stillanlegum örmum
Vnr. 3899135

10.995

Garðstóll, Tonga
staflanlegur
Vnr. 3899132

6.990

Garðstóll, Tonga
staflanlegur
Vnr. 3899133

6.990

Hjólbörur
80 ltr. ber 150 kg.
5080038

3.995
~~5.499~~

Garðslanga
Gul, 25m rúlla.
5087150

2.799
~~4.478~~

Greinaklippa, HiPoint
5084663

799
~~1.195~~

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Einars A. Evensen

Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi, áður til heimilis að Árbraut 5, Blönduósi,

sem lést föstudaginn 18. apríl.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Sjúkradeildar á Heilbrigðisstofnuninni fyrir frábæra umönnun.

Anne Jóhannsdóttir
Erla B. Evensen — **Guðmundur Haraldsson**
Þorvaldur I. Evensen — **Charlotta Evensen**
Jóhann K. Evensen — **Elísabet Jónsdóttir**
afa- og langafabörn.

Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

Jón Albert Jónsson

sendiferðabílstjóri,

andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi sunnudaginn 27. apríl.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 5. maí kl. 11.00.

Arthita Uppapong
Ingvar Albert Jónsson
Auður Dagný Jónsdóttir — **Brjánn Franzson**
Erna Signý Jónsdóttir
Auðunn Frans Jónsson
Jón Úrat Jónsson
Þorvarður Jónsson
Borghildur Jónsdóttir
Valdimar Jónsson
og barnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Maren Karólína Júlíusdóttir

Víkurbraut 30, Hornafirði,

lést 29. apríl sl. á Heilbrigðisstofnun Suðausturlands. Jarðsett verður frá Hafnarkirkju mánudaginn 5. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Minningar- og gjafasjóð Skjólgarðs.

Guðný Kristrún Óskarsdóttir
Júlía Katrín Óskarsdóttir — **Jón Helgason**
Hrönn Óskarsdóttir — **Kristján Þorbergsson**
börn og barnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhannes Jósefsson

Flétturima 35, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, miðvikudaginn 30. apríl.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Elín Magnúsdóttir
Magnús Welding Jónsson
Sjöfn Jóhannesdóttir
Gunnar Jósef Jóhannesson — **Guðný Ása Þorsteinsdóttir**
Elín Theodóra Jóhannesdóttir
Jóhann Snorri Jóhannesson — **Anna Guðrún Kristinsdóttir**
Jóhannes Örn Jóhannesson
barnabörn og barnabarnabörn.

Okkar ástkæri

Jósef Halldórsson

byggingarmeistari, til heimilis að Dvalarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi,

sem andaðist mánudaginn 28. apríl sl., verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 6. maí kl. 15.00.

Börn, stjúpbörn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Aðalheiður Frímannsdóttir (Alla)

Hjallabraut 33,

lést að morgni miðvikudagsins 30. apríl á St. Jósepsspítala Hafnarfirði. Útförin auglýst síðar.

Ármann Guðjónsson — **Jórunn Ólafsdóttir**
Lilja Guðjónsdóttir — **Árni Guðjónsson**
Jóna Ósk Guðjónsdóttir
Lárus Guðjónsson — **Guðrún Magnúsdóttir**
Ólafur Valgeir Guðjónsson — **Hanna Björk Guðjónsdóttir**
Ingi Hafliði Guðjónsson — **Æsa Hrólfsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

Helgi Víðir Hálfdánarson

Álfaskeiði 104, Hafnarfirði, áður til heimilis á Eskifirði,

lést á sjúkrahúsi í Tyrklandi 30. apríl.

Ágústa Garðarsdóttir
Jón Garðar Helgason — **Elise Mathisen**
Edda Dóra Helgadóttir — **Ingvar Ingvarsson**
Hálfdán Helgi Helgason — **Elínborg Pálsdóttir**
og barnabörn.

Þökkum innilega auðsýnda samúð, hlýhug og virðingu við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Margrétar Finnbogadóttur

Sævangi 26, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við vinkonum Margrétar, Systrafélagi og starfsfólki Víðistaðakirkju, starfsfólki og nemendum Setbergsskóla, lögreglu- og sjúkraflutningamönnum.

Gylfi Jónasson
Finnbogi Gylfason — **Svana Huld Linnet**
Jónas Gylfason — **Ingibjörg Valgeirsdóttir**
Gylfi Örn Gylfason — **Margrét Guðrúnardóttir**
Kristján Flóki Finnbogason — **Ylfa Finnbogadóttir**
Sölvi Þór Jónasson — **Hrafnhildur Kría Jónasdóttir**

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar frænku okkar

Guðlaugar Baldvinu Kristjánsdóttur

frá Uppsölum, Svarfaðardal,

sem lést þann 17. apríl. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Dalbæjar og hjúkrunarfólki á Lyflækningadeild S.A. fyrir frábæra hjúkrun í veikindum hennar. Guð blessi ykkur öll.

F.h. ættingja

Kristján Jónsson
Lára Stefánsdóttir.

Þökkum innilegan hlýhug og samúð vegna andláts elskulegs föður, tengdaföður, afa og langafa,

Sigurðar Svanholt Björgvinssonar

Heiðmörk 28h, Hveragerði.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Aðstandendur.

JAMES BROWN TÓNLISTARMAÐUR FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1933

„Elvis var minn mesti sálarbróðir. Það er enginn eins og hann.“

James Brown var kallaður guðfaðir sálar- og fönktónlistarinnar, en einnig harðduglegasti skemmtikraftur heims. Hann lést af völdum lungnabólgu á jóladag 2006.

tímamót

timamot@frettabladid.is

STOFNUN VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR: PÓL

Menningarvagga

Í dag stendur Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur fyrir sérstakri dagskrá sem tileinkuð er Póllandi og pólskri tungu, en dagskráin hefst í Þjóðminjasafninu klukkan 14.

„Í ár er alþjóðlegt tungumálaár hjá Sameinuðu þjóðunum þar sem markmiðið er að vekja athygli á mismunandi tungumálum og menningarheimum um víða veröld. Okkur þótti nærtækast að velja þjóð sem snertir okkur Íslendinga, og því varð Pólland fyrir valinu á fyrstu formlegu hátíð okkar í þessari hátíðaröð,“ segir Laufey Erla Jónsdóttir, verkefnastjóri hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur.

„Pólverjar eru fjölmennastir innflytjenda á Íslandi og hér búa margir hámenntaðir Pólverjar sem ýmist eru í doktorsnámi eða háttvirtum stöðum í fyrirtækjum, og tala íslensku eins og innfæddir. Íslendingar eru pólsku þjóðinni að góðu kunnir, en hingað til hefur skort kynningu á hámenningu Póllands; bókmenntum, sögu, vísindum og listum,“ segir Laufey Erla, en dagskráin í dag ber upp á stjórnarskrárdag Póllands. Hann er einn af helstu hátíðardögum landsins, en hinn 3. maí 1791 varð Pólland fyrsta land Evrópu til að samþykkja lýðræðislega stjórnarskrá.

„Sérfræðingar á ýmsum sviðum munu miðla fróðleik sínum um sögu og menningu þessa gamla stórveldis, en landið hefur getið af sér suma af frægustu lista- og fræðimönnum heims, eins og Frederic Chopin, Marie Curie, Nicolaus Copernicus og Roman Polanski, svo örfá dæmi séu nefnd,“ segir Laufey Erla.

„Meðal þess sem er á dagskrá eru fyrirlestrar Þorleifs Friðrikssonar sagnfræðings um Pólland sem fiðrildi Evrópu, Stanislaw Bartoszeks málfræðings um gömul handrit og pólskan orðaforða, og Þránds Thoroddsen kvikmyndagerðar-

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurður Einar Eysteinsson

andaðist á Vífilsstöðum 1. maí. Útförin verður auglýst síðar.

Sigrún Haraldsdóttir
Dagbjört Einarsdóttir — **Ómar Þorleifsson**
Finnur Einarsson — **Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir**
og barnabörn.

Aðalsteinn pantaði sér eðalvagn af gerðinni Ford Thunderbird á netinu og var heppinn. Hér er hann að pússa bílinn eftir veturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ótrúlega fullkominn

Líkt og farfuglar að vori birtast þrumufuglar á götunum þegar veturinn víkur. Þar er átt við Ford Thunderbird. Aðalsteinn Stefánsson sölumaður á einn slíkan af árgerð 1965.

„Ég flutti þennan bíl inn fyrir réttu ári frá Oregon í Bandaríkjunum. Fann hann á netinu og náði að krækja í hann meðan dollarinn var í lægstu lægðum. Mér leist vel á hann á myndum, og líka lýsinguna og seljandann," segir Aðalsteinn sem er að taka Ford Thunderbird-bílinn sinn út úr skúrnum og skola af honum rykið eftir veturinn.

Aðalsteinn býr í Mosfellsbænum og starfar sem sölumaður byggingavara. Hefur hann greinilega vit á viðskiptum enda telur hann sig hafa gert góð kaup þegar hann fjárfesti í Fordinum. „Bíllinn hafði lengi verið í eigu sömu fjölskyldu enda kom á daginn að hann var heill og óslitinn og í góðu lagi. Allt upprunalegt eins og það átti að vera." Hann brosir að spurningu um hvort hér sé um bensínhák að ræða. „Hann eyðir því sem maður setur á hann. Eða eins og góður maður sagði sem spurður var um svipaðan bíl: „Hann eyðir svona 80 lítrum – á ári." Þessir bílar ganga nefnilega ekki svo mikið að það skipti miklu um lítrann til eða frá."

Þar sem engin númer eru á bílnum er Aðalsteinn spurður hvort hann taki hann af skrá á veturna. „Ég var nú bara að skipta um númeraplötu og ætla að setja á hann gamalt steðjanúmer eins og við megum hafa á fornbílunum. Þessi fær einkennisstafina T 65, T fyrir Thunderbird og 65 fyrir árgerðina."

Aðalsteinn telur um tólf til fimmtán bíla til af Ford Thunderbird á Íslandi, af mismunandi árgerðum. „Þetta voru geysilega dýrir bílar á sínum tíma og það voru ekki margir sem eignuðust þá. En þeir voru líka ótrúlega fullkomnir. Þú sérð það á þessum sem er frá 1965 að hann var töluvert á undan sinni samtíð. Hann er með rafdrifnum rúðum, sætum og samlæsingum. Hann er líka fyrsti bíllinn sem kom með diskabremsum að framan. Það þótti mikið tækniundur á sínum tíma. En þetta eru lágir bílar, enda hugsaðir sem götutæki, og ég býst ekki við að minn bíll hafi nokkru sinni á malarveg komið. Hann hefði að minnsta kosti ekkert átt að gera við að fara út á vegina hér árið 1965."

gun@frettabladid.is

Felgurnar setja oft mestan svip á ökutækið. Gleymið því ekki að skrúbba þær þegar bíllinn er þveginn og farið milli rimlanna með tusku.

Forsýning á Savage XL

í sýningarbás okkar á Bílar & sport sýningunni í Fífunni, Kópavogi. Nýjasta viðbótin í Savage línu fjarstýrðra bensín torfærutrukka.

Tómstundahúsið • Nethyl 2
sími 5870600 • www.tomstundahusid.is

Spænska dagblaðið ABC útnefndi Hyundai i30 bíl ársins.

Bestur á Spáni

Nýjasti fólksbíllinn frá Hyundai, i30, hefur verið sigursæll víða síðan hann kom fram á sjónarsviðið.

Spænska dagblaðið ABC útnefndi Hyundai i30 bíl ársins, en það er í fyrsta skipti í þrjátíu og fimm ára sögu þess sem bíll framleiddur af asískum bílaframleiðanda sigrar.

Það má segja að Hyundai i30 hafi gjörsigrað keppinauta sína því heildarstig hans voru 220 en bíllinn sem endaði í öðru sæti var með með 52 stig. Því er greinilegt að bíllinn hefur fallið vel í kramið hjá þeim þarna syðra.

Í umsögn dómnefndar kemur fram að styrkleikar i30 hafi verið ríflegur staðalbúnaður miðað við verð, nútímalegt útlit og góðir aksturseiginleikar, sérstaklega í dísilútgáfunni. - mmr

Fimm stjörnu öryggi Renault

ÖRYGGI Í BÍLUM HEFUR VERIÐ OFARLEGA Á LISTA FRANSKA BÍLAFRAMLEIÐANDANS RENAULT Í YFIR FIMMTÍU ÁR.

Níu af bílum Renault hafa hlotið hæstu einkunn hjá árekstraprófunum Euro NCAP. Aðrar bifreiðar þeirra hafa einnig skorað hátt í sömu prófum.

Euro NCAP er almennt talinn hinn opinberi mælikvarði á öryggi bíla í heiminum í dag. Öryggisáætlun Renault tekur til fjögurra þátta. Þeir eru forvarnir, vernd, menntun og leiðréttting. Formúlulið Renault hefur verið virkjað til þess að finna leiðir til að þróa nákvæmari akstur og stýringu ökumannsins.

Á næstunni mun auglýsing frá Renault fara í spilun á Íslandi þar sem sýndir eru bílar sem hlotið hafa hæstu einkunn í árekstraprófunum Euro NCAP. Í auglýsingunni klessukeyra ökumenn bílana en ganga heilir út, sem á að sýna öryggi Renault. -

www.alorka.is

Sumardekk – hjólbarðaþjónusta

Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.

Hagstætt verð og traust þjónusta.

PIPAR • SÍA • 80753

BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða

Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!

Reykjavík	Akureyri
Tangarhöfða 15 : 587 5810	Réttarhvammi 1 : 464 7900
Vagnhöfða 6 : 577 3080	

ALORKA

Meiraróf

ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD

Upplýsingar og innritun í síma 567 0300
Næsta námskeið byrjar 7. maí

Bakpokaferðalag er spennandi ferðamáti, bæði innanlands og utan. Pakka þarf skynsamlega í pokann og ekki má gleyma salernispappír.

Fortíð og nútíð mætast

Sigmundur M. Andrésson hefur starfað sem fararstjóri í mörg ár og ferðast til fjarlægustu heimshorna. Næsta vetur er hann á leið til Víetnam og Kambódíu með hóp frá Úrvali-Útsýn.

Sigmundur mun stýra þriggja vikna ferð um Víetnam og Kambódíu. Hann fór í sams konar ferð fyrir fimm árum en hann segir löndin njóta vaxandi vinsælda og eru þau ofarlega á heimslista ferðamanna.

Ferðin hefst hinn 6. nóvember og lýkur 29. sama mánaðar. Þátttakendur munu verða vitni að iðandi borgarlífi, sjá græna hrísgrjónaakra, frumstæð híbýli, framandi hof, hvítar baðstrendur, óviðjafnanlega fjallasýn og margt fleira.

Ferðin hefst á dagsdvöl í Kúala Lúmpúr í Malasíu. Þar verður farið í borgarskoðun og borðað í sjónvarpsturninum, sem er með hæstu turnum í heimi.

„Þaðan förum við til Hanoi, höfuðborgar Víetnam, sem er að mínu mati einhver áhugaverðasta borg Suðaustur-Asíu. Frakkar byggðu hana upp á sínum tíma með breiðstrætum og fallegum húsum. Síðan er eins og tíminn hafi stöðvast þar um miðja öldina sem leið og ekkert gerðist í nærri hálfa öld á meðan ófriður ríkti. Undir lok síðustu aldar tók borgin að lifna aftur við og er nú mjög skemmtileg blanda fortíðar og nútíðar," lýsir Sigmundur. Í ferðinni verður meðal annars siglt um Halong-flóa milli 3.000

Hoan Kiem-vatnið í Hanoi.

Siglt á Hoang Long-ánni.

kalksteinseyja. Þar eru risastórir hellar sem eru á heimsminjaskrá UNESCO.

Farið er til Hue, fyrrum höfuðborgar keisaradæmis Víetnams, þar sem meðal annars gefur að líta forboðnu purpuraborgina. Síðan er siglt um óshólma Mekong og þaðan til Phnom Penh, höfuðborgar Kambódíu.

Í Kambódíu er meðal annars farið í skoðunarferð um Angkor Wat-hofin í hinni fornu höfuðborg Khmeranna. Að lokum er haldið til Kúala Lúmpúr þar sem ferðinni lýkur.

vera@frettabladid.is

Sigmundur M. Andrésson, fararstjóri hjá Úrvali-Útsýn, klappar hér vingjarnlega einu grimmasta dýri jarðar.

Hagnýt ráð

HANDBÓK FERÐALANGS SUMARIÐ 2008 ER NÝKOMIN ÚT Á RAFRÆNU FORMI.

Nú geta lesendur Ferðalangs hlaðið niður nýrri Handbók ferðalangs á rafrænu formi (pdf-formati). Bókin er alls um þrjátíu síður, sneisafull af hagnýtum fróðleik og ábendingum varðandi ferðalög erlendis. Meðal efnis eru ábendingar varðandi farangur og pökkun, bílaleigur, gengismál, heilsuna á ferðalagi og fjölmargt fleira. Þar er fólki til dæmis bent á að eyða ekki dýrmætum tíma í biðröð fyrir utan frægustu staði heims heldur tryggja sér miða á www.skodunarferdir.net áður en ferðin hefst. Slóðin á handbók ferðalangs er http://www.ferdalangur.net/2008/05/n-rafrn-handbk.html *- gun*

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

allt heilsa

Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Notuð tæki

Jcb 8080. Árgerð 2006. Tímar 810 vst. 3x skóflur Fast nr. EB-1043

New Holland NH85. Traktorsgrafa Árgerð 1996

Komatsu PC240LC Árgerð 2004. Tímar 4880 vst. Smurkerfi og dýptarmælir 1x skófla. Fast nr. EB-0794

Langendorf. Gleiðöxla. Árgerð 2000

Astra. Árgerð 2007 VZ 105. Tímar 1143. Km 4410 ZL P99. Tímar 596. Km 4278

Hafðu samband við sölumenn okkar s. 412-3000

STURLAUGUR & CO

BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU

Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.

Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.

Innifalið í verði; ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. (Afgr.gjöld á flugvöllum).

Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.

DanCenter
Sumarhús

Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum

Lalandia

LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.

LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.

Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is

fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku

Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

Rhodos
7. eða 14. júní
frá kr. 49.990

Ótrúlegt sértilboð
Kassandra íbúðahótelið

*** Örfáar íbúðir - síðustu sætin ***

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Rhodos í júní. Bjóðum nokkrar íbúðir á Kassandra íbúðahótelinu á frábæru verði. Skelltu þér til Rhodos og búðu á fjölskylduvænu íbúðahóteli skammt frá lalyssos ströndinni. Kassandra býður góða aðstöðu á meðan á dvölinni stendur. Íbúðir með 1 eða 2 svefnherbergjum í boði.

Verð kr. 49.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Kassandra í viku , 14. júní. Brottför 7. júní kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 15.000.

Verð kr. 59.990
Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Kassandra í viku, 14. júní. Brottför 7. júní kr. 5.000 aukalega. Aukavika kr. 15.000.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Undirfötin mega fara að taka mið af hækkandi sól eins og annað í fataskápnum. Líflegir litir og fallegar blúndur eru málið í sumar.

Risaaxlir og mjó mitti

Útskriftarsýningu Listaháskóla Íslands á Kjarvalsstöðum lauk nú í vikunni en þar kenndi ýmissa grasa.

„Húmor og súrrealismi í bland við kraft og kvenleika er það sem liggur á bak við línuna hjá mér," útskýrir Eva María Árnadóttir en hún var ein þeirra sem sýndu lokaverkefni sitt í fatahönnun á Kjarvalsstöðum. Eva María leitaði innblásturs til ljósmynda Jean-Paul Goude af Grace Jones og bera flíkurnar merki breiðra axla. Litirnir eru sterk-gulur og bleikur ásamt gráu, svörtu og hvítu.

„Það má segja að Grace Jones sé áhrifavaldur á bak við línuna hjá mér," segir Eva María. „Ég leik mér að andstæðum í vídd og mittin eru þröng og kvenleg á móti risastórum breiðum öxlum. Ég bjó til plastskeljar innan í fötin til að búa til risaaxlir en axlirnar klæðir maður sig í sérstaklega og þær eru líka brjóstahaldari, þetta eru sérstakar flíkur."

Eva María Árnadóttir, nýútskrifaður fatahönnuður, stefnir á útlönd í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eva María leikur sér með andstæður í vídd og mittin eru kvenleg og þröng.

Hugmyndavinnan fyrir lokaverkefnið byrjaði í janúar. Síðan tók við skissuvinna og svo var farið að sníða og sauma. Eva María gerði öll sniðin sjálf og fékk svo aðstoð fjölskyldu og vina við saumaskapinn. Hún er bjartsýn á framtíðina og ætlar einungis að taka sér stutt sumarfrí áður en hún hellir sér í meiri vinnu.

„Ég ætla mér að finna vinnu í þessum bransa hérna heima og leitin mun hefjast á næstu vikum. Svo í framtíðinni er stefnan tekin á útlönd að vinna fyrir einhvern stóran. Ég vil byrja á að safna mér reynslu en ég var í starfsþjálfun í New York síðasta sumar hjá Marc Jacobs fatahönnuði og fór á fyrsta ári í skólanum til Parísar að vinna í mánuð fyrir tískuvikuna," útskýrir Eva María og er því búin að fá smjörþefinn af bransanum í útlöndum. Hvað flíkurnar í lokaverkefninu við LHÍ varðar segir hún þær fara í geymslu en hún tekur við pöntunum frá áhugasömum.

heida@frettabladid.is

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílaport

Mercedes Benz E 200 K Avantgarde Model 2007, ekinn 27 þ.km. Ásett verð kr. 5.550.000,- Nú kr. 4.750.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Mercedes Benz E 200 K Classic Model 2007, ekinn 16 þ.km. Ásett verð kr. 4.950.000,- Nú kr. 4.450.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Mercedes Benz E 200 K Classic Model 2007, ekinn 21 þ.km. Ásett verð kr. 4.950.000,- Nú kr. 4.450.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Mercedes Benz SLK 200 Kompr. Model 2007, ekinn 28 þ.km. Ásett verð kr. 5.950.000,- Nú kr. 4.750.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Audi Q7 4,2 Quattro Model 20078, ekinn 11 þ.km. Ásett verð kr. 8.900.000,- Nú kr. 7.250.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Range Rover HSE Model 2006, ekinn 32 þ.km. Ásett verð kr. 9.300.000,- Nú kr. 7.600.000,- 70% fjármögnun möguleg.

Bílaport / Interport ehf
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík
Sími: 569 3300 / 897 1928
www.interport.is

VÍSIR.IS
"...ég sá það á vísi"

Arnarbílar
www.arnarbilar.is

AUDI A4 árg 4/2001, ek 136 þ. km 5 Gíra 2.0L, Verð 1.490 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 140345 S. 567 2700.

VOLVO S40 T5, 2.5L 218 Hestöfl, Sjálfskiptur, Leður, Topplúga, Allt rafdrifið, Flottir bíll, Verð 3.690.þ Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 111220 S: 567 2700.

FORD ESCAPE XLT V6 3.0 CHOICE 4WD, árg 8/2004, ek 24.þ km, Sjálfskiptur, sk 09, 6 diska magasín, Verð 1.990. þ Áhv 1.550.þ Tilboð 1.650 þ. Nánari uppl á www.arnarbilar.is rn: 111213 S. 567 2700

Arnarbílar ehf
Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilar.is

BÍLASALA REYKJAVÍKUR

Til Sölu Nýr Suzuki Grand Vitara Disil Luxery með öllum búnaði verð kr 3.590.000.- út. Skoðum skipti á ódýrari. Upplýsingar á Bílasölu Reykjavíkur 587 8888 og 860 1998.

Bílasala Reykjavíkur
Bildshöfða 10, 112 Rvk.
Sími: 587 8888
www.br.is

-PRO
www.protrade.is
897 9599 & 897 7571

Innflutningur og sala

Landcruiser 100 árg 99, TEMS fjöðrun, olíumiðstöð, mjög vel með farinn; ásett verð 2.7millj en STGR 2.2Millj!!!! Ath skipti. Nánari upplýsingar 897-7571

PRO ehf
Sími: 897 9599
http://www.protrade.is

PLANIÐ bílasala 517 0000

Toyota Rav 4, 4WD, 11/'05, ek. 37 þ.km. Ssk., motta í skotti, króm pakki, einn eigandi frá upphafi. Verð 2.890.000.- tilboð 2.590.000.- Planið 517 0000. www.planid.is

Bílasalan Planið
Breiðhöfða, Reykjavík
Sími: 517 0000
www.planid.is

100 bílar bílasala .is

Nissan Patrol GR árg. 2003, ek. 99 þús. km. Ssk., diesel, dráttarbeisli, atigbretti og fl. Stgr. tilboð 2590 þús.kr. Listaverð 3100 þús.kr.!!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílar til sölu

Honda Civic 1400, árg. '98, ek. 126 þús. v+s dekk á felgum fylgja. V. 350 þús. Uppl. í s. 663 6131.

VW Passat station Higline 2.0 FSI árg.06 ek. 32 þ Ný komin úr 30þ km. skoðun. v/3290þús tilb.2990þús S. 821 4068.

Lækkað verð!!! 3.990 þús.
Benz E320 4matic árg. '05, ek. 69 þ. Einn með öllu. Frábær kaup. S. 869 5336.

35" Nissan Patrol árg. '99. Allur ný yfirfarinn af Kistufelli. Bíll í toppstandi. Skoða öll tilboð. Uppl. í s. 696 4643.

Ford F 350 Lariad 6,4 Diesel árg 2008 ekinn 27Þ km Topplúga leður einn með öllu. Verð 4,600 með VSK.S: 898-2811.

Wv Passat árg. '99 ek. 132 þús. Tilboð 360 þús. Uppl. í S. 662 3609.

Opel Corsa árg 01 nýsk. BS. Ek. 94 þ. Listav. 375 þ. tilb. 290 þ. Uppl. í s. 862 0089 .

Alfa Romeo Crosswagon 4x4 diesel „jepplingur". Leður, Bose hljómkerfi, sjálfvirk miðstöð o.m.fl. Einn eigandi. 24þ km. Skr. 01/06. Rétt verð 3.3m. Tilboð 2.8m. Áhv. erl. lán ca. 2.3m. Skoða öll tilboð. S. 690 1025.

Fiat Ducato Clipper '04, diesel, ríkulega útbúinn bíll, 6 manna. TV, dvd, mp3, sjónvarpsgreiða, sturta. Ek. 28 þ. S. 567 4414 & 895 4848.

BMW M6. árg.2006. aðeins ek.8.þús. Innfluttur af B&L. Steptronic. Leður. Headup displ. Hamann lækkunarkitt. o.fl.Ótrúlegur sportbíll.. V:14900.þús. ath.sk. S:8472544

Til sölu KYM 450 MXC árg.'05. Ný dekk og felgur. Verð 390.000.- Uppl. 897 3445.

Ford Explorer 4x4 2006 ek. 47 þús. km. 7 manna. Leðursæti. Mitt verð 2,8 m. Rétt verð 3,5 m. Áhv. 1,7 m. Uppl. í s. 897 8808.

VW Touareg V6
Árg. 2004, ek. 50 þús. Svartur, leður beige, mjög vel búinn. Algjör gullmoli. Uppl. í s. 899 9795.

Mercedes Benz E320 DÍSIL '04 til sölu. Ek.76.000 km. Eyðslugrannur og kraftmikill eðalbíll.Sj.skiptur, topplúga, svört leðursæti m/rafm.og hita, DVD spilari m/navigation. Fæst gegn yfirtöku á láni ca. 4.8 mill. uppl. í síma 8975576 Sigurður

Stórafsláttur.
Ford Eskort '97.1,6 beinsk verð 180,000 stgr.Nissan Almera '01.1,5 beinsk verð 450,000 stgr. Uppl.7707501

BMW 320i árg. '05, ek. 51 þ.km, 6 gíra. Topplúga, hálfleðruð sæti ofl. Umboðsbíll, 2 ára ábyrgð eftir. Áhv. 2,6 í ISK. V. 3.190 þ. S. 862 0000

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com

Ekki segja neinum, þú færð hann á 890.
Izuzu Trooper 3.0 TDI 33" 5g., ek. 150þ. 7 manna. Ný dekk & álfel. Sk. '09. Ný túrbína. S. 663 0710.

Góður stgr.afsláttur
Til sölu Range Rover Disel Árg 2003 ek 102.þ km einn með öllu umboðsbíll ásett verð 5.990.000. Skoða öll skipti uppl í 844-0542

Trans Am WS6 Ram air '00. Ek. 36þ. Enbony leður 6g. LS1 V8 ca. 450 hp. Græja m/ meira en öllu. Alger dekurbíll. Einn eigandi. Aukahlutir ca. 500þ. Pro SLP. Ný dekk. Verð aðeins 2.990þ. S. 840 3083.

Toyota Rav4 árg. '03, ek. 82 þús. Vetrardekk fylgja. V. 1290 þús. S. 692 2010.

890 þ. aflsáttur
Santa Fe V6 árg. '06 ek. 83 þ. Dökkar rúður, álfelgur, hiti í sætum ofl. Listaver 3140 þ. Tilboð 2250 þ. Áhv. 1550 þ. S. 660 1334.

Opel Astra árg.'99. Ek. 164 þ. Nýsk. Verð 270 þ. Uppl. í s. 659 3459.

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

Reno Kango árg '99. Þarfnast lagfæringa. Verð 30 þús. S. 897 8070

Ford F250 Lariat 2004, 6L dísel m/öllu. Ek. 70 þ míl. 35", álf. Góður bíll. Áhv. ca 1800 þús. Afb. 45 þús. Ásett 2.5 millj. Bein sala eða skipti á ódýrari fjölskyldubíl. S. 862 5563.

Toyota Corolla árg. '99, ek. 170 þús. Nýjir bremsuklossar að framan og ný heilsársdekk. Vel með farinn bíll. Verð 290 þús. Uppl. í s. 892 1478 eftir kl. 12.

Toyota Landcr. 90 VX árg. '97. Ek. 265 þús. Þarfnast smá lagfæringar. Verð aðeins 790 þ. S. 868 3069.

2008 Nissan Patrol SE Common Rail, sjálfsk., ek. 1.700km, lán getur fylgt. 8937211

Tilboð óskast
Til sölu Benz E 200. árg. '95. Þarfnast minni háttar lagfæringar. Uppl. s. 820 4059, Óli.

Hyundai Elantra '87. Verð 120 þ. S. 822 2158 e. kl. 16.

Hyundai Traget '05 ek. 36 þ. 7 manna. Fæst á góðu verði. S. 660 7387.

7 manna Nissan Terrano '00 ek. 115 þ. Uppl. í s. 660 7387.

BMW 320 Touring, árg. '00, steptronic, ek. 135 þús. Flottur bíll. V. 1450 þús, áhv. 1300 þús, ísl. lán. 33 þús á mán. Uppl. í s. 697 8720.

Peugeot 107, árg. '07, ek. 10 þús, enn í ábyrgð. Áhv. 1,3 millj. 22 þús á mán. V. 1450 þús. Algjör sparibaukur. Uppl. í s. 697 8720.

Toyota Rav 4 árg. '99 ek. 121 þús. í góðu standi. V. 600 þús. s. 861 7153.

Mjög vel með farinn dekurbíll. Volvo V70XC. Cross country. Ek. 120 þ. Dökkgrár að lit. Verð. 1550 þ. Uppl. s. 895 1805.

Daihatshu Terios ssk., árg. '98 ek. 150 þ. Í góður ástandi. Verð 200 þ. S. 847 8995.

0-250 þús.

Til sölu Dodge Ram 1998 5.2L LCD,DVD,Ferðabíll fyrir sumarið. Verð:1250þ s:8970679

Til sölu langur Dodge Caravan árg. '96 V6.3.3. Ek. 241 þ. 7 manna. Krókur, Heilsársd. Sk. '08 Viðhaldsnótur. Verð 249 þús. S. 821 6625.

Hyundai Coupe 2,0 ' 97 ek. 12.5000 km, Álfelgur, Geislaspilari, Leður innrétting, Rafmagn, Vindskeið ofl. Verð 195,000 Uppl. í s. 860 4510.

FORD 500 Fæst gegn yfirtöku v/flutnina. ca: 35.þ pr/mán, 1. afborgun Ágúst. 5stjörnur í öryggi, sparneytin og flottur lúxusbíll 18" felgur Einar Ben s:698-4030

til sölu KTM 450 EXC 05 ekið 4800km í topp standi á hvítum verð 650.000 upplýs 8935489

Masta 66 ES árg. '93 Ameríkutípa, leður sæti. Vel með farinn. V. 150.000. S. 823 1677.

Til sölu sumardekk á stálfelgum nánast ónotuð, 175/65 R14 undan Toyota Corolla. Verð 20þ. S. 891 6516.

Til sölu Daewoo Nubira '99 ek. 110 þ. þarfnast viðgerða. Verð 50 þ. Árni 6964441

Dodge Caravan árg. '96 ek. 171 þús. Nýskoðaður. Verð 230 þús. Uppl. í s. 8683036

3-dyra Hundai accent àrg. 97, ekid 97,000. Laus frà 29/5, v. 140,000. Gòdur bil. S 847-4162

Fiat Bravo 1.6 '98. ek.150þ. sk09. sumar og vetrard. góður og sparneytin bíll. V. 120þ. S. 8464360

Toyota Hilux '91 á 33" dekkjum. Góð sumard. og góð 33" nagladekk fylgja á felgum. Verð 250 þ. S. 868 7081.

Lancer '97 til sölu í góðu ástandi. 4dyra. Sk. '09. Ssk. Ek. 134 þ. V. 190 þ. S. 897 0798.

Peugeot 306, 1.6 bensín, árg. '98, ek. 135 þús. V. 150 þús. Strax. Uppl. í s. 894 3998.

Passat árg. '98, vélarvana. Fæst á 100 þús. Body mjög gott. Allt nýtt í bremsum fyrir 100 þús. Á númerum. Uppl. í s. 697 8720.

Fellihýsi Til Sölu Fleedwood Baysid 12 fet Árgerð 1999 Verð 800.000 Uppl. s: 892-9260

Suzuki Swift árg. '00, nýsk. nýtt púst, ek. 93 þús. V. 195 þús. Mercedes Bens E200 árg. '91, innfluttur '98. V. 160 þús. Uppl. í s. 840 2200.

250-499 þús.

Til sölu, rauður VW Golf 1.4, 74 hestöfl og er beinskiptur. Ný yfirfarinn, skipt var um tímareim og girkassa fyrir einu ári. Ekinn 158 þúsund kílómetra. 300.000 staðgreitt. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 8976731.

Toyota Corolla 1300 b.sk. Árg 09/98. ek. 105þ 2 eigendur. sumar- og vetrardekk á felgum. nýleg tímareim. Toppeintak. V 480þús Uppl í S:664-6441

Mazda 323 F '98 V6 2L, 150 hö. V. 350 þús. S. 661 8756 Jón.

500-999 þús.

Grand Vitara, 1999, ek.143þús, sjsk. Ástand gott. Tilboðsverð 500.000. 694 7174.

7 manna Opel Zafira árg. '01 ekinn 150 þ. ssk. Tilboðsverð 600 þús. S: 894-5070

Til sölu VW Bora highline árg 2002 ek 74 þús ásett 960,ákvílandi 470 þús. Upplýsingar í síma 898 0502.

Audi A4 1,6 sedan ekinn 141 þús. Nýjar 17" álfelgur, topplúga og mikið yfirfarinn. verð 750 þús stgr. uppl í síma 6930626

Suzuki Ignis Sport árg. '03, útlitsgallaður en í topplagi. Ek. 50 þús. Listav. 900 þús. Fæst á 600 þús. Uppl. í s. 840 2200.

Toyota Avensis Station árg. '99, silfurlitaður, (með dráttarkúlu). Ek. 89 þús. Nýskoðaður. verð 570 þús. Uppl. í s. 861 0500.

1-2 milljónir

Til sölu Buick Roadmaster 1996 5.7L LT1. Hlaðin,konukeyrður og vel til hafður fyrir næsta eiganda. S:8970679

Til sölu Toyota Landcruiser 80, árg. '94. Skráður 7 manna. 38"breyttur, læstur að aftan og framan, ekinn 325 þús. Verð 1.890.000. Uppl. í síma 893 7713.

Toyota LC 90VX 2000 35" ssk., ek.185 þús. Com Rail. Áhv. 1300 þús. í íslkr. V. 1650 þús. S. 899 7847.

MMC Pajero 3000 V6, 3 dyra, sj.sk., 33", ek 110 þ. v. 1090 þ. s.8472642.

Cadilac Deville árg. 1999, ek. 130.000 kmí toppstandi einn með öllu. V. 1700 þ. Uppl. í s. 891 7077.

2 milljónir +

Sá flottasti

Nissan Patrol elegance 01/06 33",drátt-arb. filmur, topplúga, leður vindhlífar á rúðum og húddhlíf,gott lán áhvílandi. Verð 4.950 þús uppl í síma 696-6910

Toyota Land Cruiser 120VX, bensín, 8manna, filmur, kastaragrind+kastarar, vindhlífar,húddhlíf,dráttarbeisli,Bluetooth og fl. uppl. í s:8208483

Grand Cherokee Special Edition 2004 4,7 sjáfsk. ekin 98 þús upph. um 5 sm og stærri dekk. Litað gler sóllúga drátt-arbeisli krókar að framan Verð 2,3m. S. 557 3489.

Skiptu í HYBRID og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu HYBRID reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 5522000. Kynntu þér úrval HYBRID jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com

Bílar óskast

Óska eftir Pontiac Trans Am árg. 80-86 má þurfa að gera við boddy og innréttingu. Vél þarf að vera í lagi. Brynjar s:8680934

Óska eftir bíl á allt að 150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 662 6009.

Range Rover 1995-2002 Ástand skiptir ekki máli, mega þarfnast mikilla lagfæringa eða vera bilaðir símí 6904045

Jeppar

Patrol '01 Elegans diesel ek. 115 þús. Mjög góð þónustubók. Góður stgr. afsl. S. 699 0018.

Pajero bensin 7 manna. árg. '00 ek. 138 þús. Leður, lúga, 33" breyting, krókur. Góður bíll. V. 1.590 þús. Áhv. ca 500 þús. Uppl. í s. 660 3960.

Range Rover Sport HSE árg 2007 ekinn 24þ km.Einn með öllu.Gott verð!!S: 898-2811.

Toyota Land Cruiser 90, árg. '97, dísel, sjsk, ek. 260 þús. Nýtt hedd og vatnskassi, afturöxlar og legur. Ný dekk. V. 1200 þús. Uppl. í s. 892 4305.

Toyota 4Runner '91, ekinn 220 þús, 31" dekk, gott ástand, tilboð óskast, s: 897-6564, tölvupóstur jmatti@simnet.is

Til sölu Hilux disel turbo arg 91 mikið endurnýjaður verð 490 þús. Uppl 8980663

Breyttur Sz jimny '05 , ek 33Þ , 5g, cd, kastarar, xenon, loftdæla, omf. v:1200Þ , áhv: 750Þ ,isk lán fastir 6% vextir sk ódýrari, s: 6919957

Nissan Patrol GR. árg. '06, bsk. topplúga, krókur, litað gler, leður, dvd spilari í lofti. keyrður 27 þús km. Gott staðgreiðsluverð! nánari upplýsingar í síma 893 5430 / Olgeir.

Til Sölu Grand Cherokee Limited. Árg. '02. Ekinn 130 þús km. Gullfallegur og Heill bíll. Á Nýjum Dekkum. Uppl. í s. 891 8970.

Til sölu Kia Sportage diesel. Árg. '98. Ekinn 115þús. Upplýsingar í síma 891 8970.

Til sölu Porsche 356 speedster (replica) Skipti á Fallegum hippa kæmu til greina. Áhugasamir hafi samband í gegnum Email: Speedster@visir.is

Toyota Land Cruiser 120 GX dísel Árg. 2004, ek. 67 þ.km Sjálfskiptur, verð 3.980 þús. S: 8201099

Nýr Nissan Qashqai LE sportjeppi, ek. aðeins 1400 km., einn með öllu, sjálfsk., leðurinnrétting, glertoppur, 17" álfelgur, lyklalaust aðgengi, bluetooth, ofl ofl. Gott stgr verð. Uppl í s: 825 2424

LandCruiser 120 GX diesel 06/'05, ljósgrár, 33", ek. 39 þ. ssk. 6diska CD, krókur, húddhlíf, sílsalistar. Hagstætt bílalán. S. 892 9804.

ATH SKipti á 100 Landcruiser!

WV Toureg V6 árg 2005. Ek 58 þús km. Ledur, lúga, bakkskynjarar o.mfl. Ásett 4,1 m. ATH skipti á 100 LandCrusier. Uppl i s 696 1002.

Toyota 4runner, árg. '92. Breyttur. V. 150 þús. Uppl. í s. 898 4848.

Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790þús, Dodge Durango frá 2790þús, Jeep Grand Cherokee frá 2590þús, Toyota Highlander frá 3100þús, Landrover LR3 Discovery frá 5690þús, Benz ML350 frá 5350þús, Audi Q7 frá 5750þús, VW Touareg frá 4750þús. Sími 5522000. www.islandus.com

Til sölu Toyota Land Cruiser 100VX disel. Innfluttur af Toyota 08/"00. Grænn að lit, 5 manna. Ek. 227þús. Leður, lúga, filmur og krókur. Ný dekk BF goodrich 33". Ný driflæsing að aftan. Verð 2.950 þús. Tilboð óskast. Uppl. í s. 891 9797.

Patrol '98 38" öll tæki til jappaferða kastarar + fjarskiptartæki. Fjarst. saml. & þjófavörn. S. 690 1883.

MMC Outlander, árg 2004, ek.6-1.000km, verð 1800þús, áhv 1600þús, uppl. s:6634472

Einstakur - Volvo 240GL, frábært ástand, árg '91, nýsk.'09, ek 297þús. Selst v. flutninga. Verð: tilboð. Bjarki s.8919447

Eitt glæsilegasta hjólhýsi landsins til sölu! 2006 árg 29 fet. Verð 4 millj. Chevrolet silverado 2002 á sama stað. Verð 3,3 Upplýsingar í síma 6617117 og 6977853 Myndir á www.smurning.is

Eitt glæsilegasta hjólhýsi landsins til sölu! 2006 árg 29 fet. Verð 4 millj. Chevrolet silverado 2002. Verð 3,3 Uppl. 6617117, 6977853 Myndir = www.smurning.is

Pajero árg. '97, 4x4, dísel, 2.8, turbo intercooler, sjsk. V. 480 þús. Strax. Uppl. í s. 894 3998.

Toyota Land Cruiser 90 VX '97 Turbo diesel, ek. aðeins 190 þ. 33" ný heilsársdekk, krókur, CD, hiti í sætum, filmur ofl. Topp eintak. V. 1390 þús. S. 866 6190.

TIL SÖLU

heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 3. MAÍ 2008

HÖNNUN

Pappírsborð og upphitanlegir stólar

HEIMILIÐ

Ljós húsgögn í betri stofuna

INNLIT

Austræn áhrif í Vesturbænum

FRÉTTABLAÐIÐ

HEIMILISHALD

JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR

Nýr frelsari

Ég hafði næstum gleymt fyrirbærinu brauðtertu. Í mínum huga tilheyrðu þær fermingarveislum 9. áratugarins – majónes, skinkutæjur á milli og ananas og kirsuber á topp. Allt þar til að ég kynntist sambýlismanni mínum. Í hans huga voru rækjukokteilar og heitir saumaklúbbsréttir í alvörunni eitthvað sem hann útbjó sér þegar hann vildi gera sér glaðan dag. Aleinn, heima hjá sér, opnaði hann Ora-aspasdós og smurði majónesi ofan á fransktbrauð. Og bauð upp á í kvöldmat, eins og ekkert væri sjálfsagðara.

Síðustu árin hafa verið hanukkah matar-uppans og því hef ég alltaf haft ótrúlega gaman að stælalausum og heiðarlegum matarsmekk sambýlismannsins. Og fundist það eitthvað sérstaklega karlmennskulegt að horfa á hann taka stóra bita af hangikjötssamlokum í stað þess að hann narti í mangósneiðar-kjúklingsspjóts-sætra kartaflna-metrórétti. (Og hér koma auðvitað mínir fordómar í ljós: karlmaður sem á djúsvél er ekki karlmaður).

Ég heyrði andköf innan úr eldhúsi þar sem verið var að raða í kassa og nokkrum mínútum síðar mætti mér svarthærð og skeggjuð vera böðuð ljósi með opna bók og fannst mér sem að úr bókinni flæddi birta yfir andlit hans.

Mín rómantíska sýn á karlmann heimilisins með majónesdolluna sína er hins vegar eitthvað að kárna. Ástandið ætlar þessa dagana um þverbak að keyra og hófst það allt þegar við fluttum okkur í nýtt húsnæði á dögunum. Þegar farið var að pakka dótinu niður kom nefnilega í ljós að í einum skápnum leyndist fjársjóður. Ég heyrði andköf innan úr eldhúsi þar sem verið var að raða í kassa og nokkrum mínútum síðar mætti mér svarthærð og skeggjuð vera böðuð ljósi með opna bók og fannst mér sem að úr bókinni flæddi birta yfir andlit hans.

Brauðréttir Hagkaupa heitir bókin. Gefin út fyrir nokkrum árum, Jói Fel tók saman. Síðan þá hefur Biblíunni á náttborðinu verið skipt út fyrir Brauðréttabókina og á hverju kvöldi fyrir svefninn spáir hann og spekúlerar hvaða brauðrétt hann ætli að gera næst, les og lætur sig dreyma. Brauðréttir á stangli hér og þar, á nokkurra mánaða fresti, voru ágætir en nú er nýtt formbrauð keypt einu sinni í viku og trúarbrögðin boðuð daglega með Gunnars-majónes í broddi fylkingar. Það sem var bara nokkuð skemmtilegt og fyndið fyrir einhverjum mánuðum er nú orðið grátt gaman. Sér í lagi þegar restin af fjölskyldu og vinum er farin að gleypa hið nýja guðsorð og það stefnir allt í eilífðar brauðtertuþema í sumar.



● **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson tók þessa mynd á heimili Svanhvítar Valgeirsdóttur **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

Fjóla lætur fara vel um sig í betri stofunni. Þar hvílir hún lúin bein, horfir á kvöldsólina, les eða lætur hugann reika.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Líður best í ljósu umhverfi

● Fjóla María Ágústsdóttir nýtur sín best í sparistofunni sem er björt og falleg.

Fjóla María Ágústsdóttir vinnur krefjandi starf hjá Capacent en þar er hún ráðgjafi í stefnumótun, árangurs- og mannauðsstjórnun. Auk þess rekur hún fyrirtæki og hannar tölvutöskur úr íslensku roði. Frítímann notar hún til að hlaða batteríin og líður henni sérstaklega vel í stofunni.

Óskum eftir starfsmanni til matvæla-og afgreiðslustarfa í Rvk. Leitað er eftir sjálfstæðum, ábyrgum aðila sem hægt væri að fela flokkstjórn. Um hlutastarf er að ræða í byrjun. Hafið samband í síma 895 7638, Kristján.

Sótthreinsun og þrif óskar eftir hraustum starfsmanni með bílpróf 17 ára eða eldri til starfa við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Óskum eftir að ráða duglegan mann með góða þjónustulund til starfa í sumar, einnig vantar mann í aukavinnu á laugardögum. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 568 2818. Skóarinn í Kringlunni

HEILDSALA auglýsir: Skólafólk óskast í sumarvinnu og áfram með skóla næsta vetur. Vinnutími virkir dagar og f.p. á laugardögum. Umsóknir sendist fyrir 15.maí til fréttablaðsins á netfangið: smaar@frett.is merkt „Heildsala“

Mótauppsláttur: Vantar smiði, kranamann og verkamenn vana flekauppslætti. Næg verkefni framundan. Upplýsingar í símum 8565555 og 6637434

Bonita snyrtistofa
Bonita snyrtistofa óskar eftir menntuðum snyrtifræðingi í 50% starf . Uppl. í síma 866 1867, Ingibjörg.

Vantar verkamenn til vinnu næstu 2-3 vikur. Áhugasamir sendi upplýsingar og símanúmer á klettur@kletturverktakar.is og við höfum samband.

Bílkó óskar eftir starfsmönnum í tímabundna vinnu, við dekkjaþjónustu og bifreiðaþrif. Upplýsingar veittar hjá verkstjóra á staðnum, en ekki í síma. Bílkó Smiðjuvegi 34.

Sportbar í Grafarvogi óskar eftir hressum og skemmtilegum barþjónum og dyravörðum í hlutastarf. Umsóknir sendist á sveighus@yahoo.com öllum umsóknum svarað.

Óska eftir starfskrafti 16 ára eða eldri til landbúnaðarstarfa sem fyrst. Uppl. í s. 896 6011.

Praca dla masazysty/tki.wymagany dyplom w j.ang i doswiadczenie oraz minimum pdst. j.ang. lub isl. 8984188

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

31.árs kona óskar eftir vinnu 9-13:30,3-5 daga í viku.S:8457984/fjola77@hive.is

Er 31árs. Vanur hellulögnum og ýmiskonar jarðvinnu óska eftir svari í ERI@hive.is

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

Aðalfundur ferðaklúbbsins 4x4
Aðalfundur Ferðaklúbbsins 4x4 verður haldinn Sunnudaginn 4 maí 08 í Sal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6 kl 13.00. Dagskrá. Er samkvæmt 3 gr. laga klúbbsins. Réttur til setu á fundinum eru skuldlausir félagar og skulu þeir framvísa félagsskírteini við innganginn.
F4x4

Aðalfundur Skotfélags Kópavogs verður haldinn fimmtudaginn 16. maí kl. 20.00 í húsi félagsins.

- Viðskiptatækifæri -
Óskum eftir fjárfestum við að ýta úr vör vefverslun/þjónusta á Íslandi og í Evrópu. Áhugasamir sendið tölvupóst fjarfestar2008@gmail.com

Einkamál

„Rakel“ við suðumark! Mögnuð upptaka. Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 (símatorg) og 535-9930 (kreditkort), upptökunr. 8495.

LÓÐIR TIL SÖLU

Eignalóðir
Eignalóðir í Galtarholti Borgarfirði.
Lóðirnar eru Kiðhóll 1-50.
Verð á lóð án púða kr. 2.350.000.
Verð á lóð með púða kr. 3.200.000.
Uppl. gefa Kjartan í s. 822 3440 og Reynir í s. 893 9770.

TIL LEIGU

Rætur **Byggingafélag** ehf.

Óskar eftir smiðum í mótauppslátt og almenna byggingavinnu.

Mikil vinna framundan.
Áhugasamir hafi samband í síma:
894-0067 eða á
netfangið tolf@btnet.is

ÚTBOÐ

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Vogar óska eftir tilboðum í verkið
"GÖTUR, GANGSTÉTTAR OG YFIRBORÐSFRÁGANGUR"

Verkið felst í:
- Gerð götutengingar og steyptra gangstétta ásamt tilheyrandi regnvatnslögnum við Jónsvör.
- Lagningu frárennslis- og vatnsheimæða með tilheyrandi jarðvinnu og frágangi við Heiðarholt.
- Viðgerðum á köntum og stéttum á ýmsum stöðum um bæinn. Frágangi á opnu svæði með göngustíg og lýsingu ásamt þökulögn.
- Gerð hellulagðra gangstétta og vélsteypts kantsteins ásamt tilheyrandi jarðvinnu á ýmsum stöðum um bæinn.

Frekari lýsingu er að sjá í útboðsgögnum.

Helstu magntölur eru eftirfarandi:

Uppgröftur	270 m³
Fyllingar	670 m³
Hellulagðar gangstéttar	1004 m2
Steyptar gangstéttar	223 m²
Vélsteyptur kantsteinn	1800 m
Þökulögn	1650 m²
Malbik	1840 m²
Fráveitulagnir	92 m

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 30 .september 2008.

Útboðsgögn verða seld á skrifstofu Voga, Iðndal 2, 190 Vogar, á kr. 3.000,-, frá og með mánudeginum 5. maí 2008. Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 20. maí 2008, kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Sveitarfélagið Vogar

TIL SÖLU

Spennandi tækifæri !

Veitingarekstur/aðstaða á Stjörnutorgi Kringlunnar til sölu.

Upplýsingar veitir Kristinn í síma: **898-7924**

Spennandi fyrirtæki TIL SÖLU

Kjörið tækifæri til að hefja sjálfstæðan rekstur!

- **Ísblástur** er ný aðferð á Íslandi til ýmiss konar hreinsunar.
- **Notaður er þurrís** sem gufar upp við blástur, í stað háþrýsti-þvotts með vatni eða sandblásturs. Minni þrif – mikil afköst.
- **Fyrirtækið er fullbúið** með bíl og öllum búnaði, tilbúið til starfsemi.
- **Kjörið tækifæri** fyrir drífandi einstaklinga.
- Nánari upplýsingar á vef fyrirtækisins: **www.isblastur.is**
- **Besti tími ársins framundan!**

ÍS BLÁSTUR

Upplýsingar veita: Hjalti, í síma 894 2885 og Hlynur, í síma 893 2819



TILKYNNINGAR

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Innritun í framhaldsskóla 2008

Umsóknarfrestur um nám í dagskóla á haustönn 2008 er til miðnættis miðvikudaginn 11. júní. Innritunin fer fram á netinu og hefst 14. maí. Rafrænt umsóknareyðublað ásamt upplýsingum um innritunina er að finna á menntagatt.is/innritun. Þar eru einnig upplýsingar um nám í framhaldsskólum og námsframboð.

Nemendur sem ljúka 10. bekk 2008
Nemendur í 10. bekk grunnskóla fá afhent bréf í grunnskólunum með leiðbeiningum og veflykli sem opnar þeim aðgang að innrituninni. Forráðamenn þeirra fá einnig bréf frá ráðuneytinu með upplýsingum um innritunina.

Aðrir umsækjendur um nám í dagskóla
Umsækjendur sem ekki hafa veflykil geta sótt hann á menntagatt.is/innritun. Þegar umsækjendur hafa fengið veflykil opnast þeim aðgangur að innrituninni. Nemendum sem koma erlendis frá er einnig bent á að setja sig í samband við þá skóla sem þeir hafa áhuga á að sækja um.

Umsóknir um nám í kvöldskóla og fjarnám
Innritun í kvöldskóla, fjarnám og annað en nám í dagskóla fer fram í þeim framhaldsskólum sem hafa það í boði. Skólarnir auglýsa umsóknarfrest sjálfir og leggja til umsóknareyðublöð. Umsækjendum er bent á að snúa sér til viðkomandi skóla. Upplýsingar um framhaldsskólana má finna á menntagatt.is/innritun.

Menntamálaráðuneyti, 2. maí 2008.
menntamalaraduneyti.is

Auglýsingasími
512 50 50

– Mest lesið

Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

„Ég sá það fyrst á visir.is"

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

Riðið til kirkju á sunnudag

Hópreið verður úr hesthúsahverfum á höfuðborgarsvæðinu til guðsþjónustu í Seljakirkju á morgun, sunnudag 4. maí.

Slík reið hefur verið fastur liður á hverju vori um nokkurt skeið og dregið til sín fjölda fólks. „Undanfarin ár hefur þessi reiðtúr verið notaður sérstaklega fyrir fjölskylduna alla og það hafa verið myndarlegir hópar reiðmanna á öllum aldri sem þyrpst hafa að kirkjunni," segir sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson, prestur í Seljakirkju, ánægður. Að hans sögn er lögð áhersla á að taka vel á móti hrossum og mönnum og hafa oft um hundrað hestar beðið í gerði við kirkjuna meðan á messu stendur.

Guðsþjónustan á morgun hefst klukkan 14. Sr. Valgeir Ástráðsson, sóknarprestur í Seljakirkju, prédikar, Brokk-kórinn, kór hestafólks, syngur undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar en Jón Bjarnason organisti og kirkjukórinn leiða sönginn. Á eftir er boðið upp á ríkulegar veitingar í safnaðarheimilinu.

HESTAMESSA Í SELJAKIRKJU Oft eru um hundrað hestar í gerðinu þegar messað er.

Lagt verður af stað úr hesthúsahverfunum kl. 13, í Víðidalnum við skiltið, á Gustssvæðinu frá reiðskemmunni og í Andvara frá félagsheimilinu.

AFMÆLI

SIGRÚN ELDJÁRN rithöfundur er 54 ára.

JÓNAS JÓNASSON útvarpsmaður er 77 ára.

KRISTÍN ÁSTGEIRSDÓTTIR framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu er 57 ára.

JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON bókaútgefandi er 56 ára.

LISTIR OG MENNING PÓLLANDS Laufey Erla Jónsdóttir, verkefnastjóri á Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, sem heldur pólska menningarhátíð í Þjóðminjasafni Íslands í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

LSK MENNINGARHÁTÍÐ Í DAG

stórveldis

manns um pólskar kvikmyndir. Inn á milli verður ljóðalestur á pólsku og íslensku, og Vilborg Dagbjartsdóttir les þýðingu sína á ljóðinu Veni Creator eftir pólska nóbelsskáldið Czeslaw Milosz, en Símon Kuran samdi á sínum tíma sérstakt tónverk við þetta ljóð," segir Laufey Erla.

Fyrirhugaðar eru fleiri menningarhátíðir á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur á alþjóðlegu tungumálaári SÞ og verður sú næsta tileinkuð Armeníu.

„Það er ekki yfirlýst markmið að vinna gegn fordómum með þessum hátíðum, en auðvitað væri gaman ef slíkt fylgdi í kjölfarið. Það er svo margt sem við erum ekki meðvituð um dags daglega þegar kemur að menningararfi útlendra samlanda okkar á Íslandi og gaman að vekja athygli á hversu Pólland er mikið stórveldi á sviði menningar og lista, en landið spilaði afar stórt hlutverk í Evrópu fyrr á öldum.

Dagskráin er ekki of fræðileg, heldur sniðin að óskum bæði lærðra sem leikra sem vilja vita meira um Pólland, þjóð þess og menningararf."

thordis@frettabladid.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

Rýmum fyrir nýjum vörum

Húsgögnin fást aðeins í Hagkaupum Smáralind og Holtagörðum, takmarkað úrval í Hagkaupum Akureyri

OPIÐ til 20 alla daga

Þú sparar 90.000.-

Bycast sófasett 3+1+1 8851

99.900.-

verð áður 189.900.-

módel	verð áður	verð nú	þú sparar
Sófi 3+1+1 8183	199.000.-	159.000.-	40.000.-
Hornsófi 8169	295.000.-	169.000.-	126.000.-
Sófi 3+1+1 8162	229.000.-	159.000.-	70.000.-
Rúm Ortopedico 120x200	72.900.-	57.900.-	15.000.-
Rúm Ortopedico 150x200	87.900.-	67.900.-	20.000.-
Rúm Ortopedico 180x200	105.900.-	80.900.-	25.000.-
Borðstofustólar	14.900.-	9.900.-	5.000.-

Gildir til 08. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Vestfjarðavandinn er ekki til

Grímur Atlason, sem nýhættur er sem bæjarstjóri í Bolungarvík, segir pólitíska umræðu um vandamál Vestfjarða hafa verið innihaldslausa. Talað sé um að leysa vandamál sem sé ekki fyrir hendi. Í samtali við *Magnús Halldórsson* segir Grímur landsbyggðina geta spilað vel úr fjölmörgum tækifærum en til þess að þau nýtist sem best þurfi að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga.

„Ég hefði aldrei komið til Vestfjarða ef ég hefði ekki haft trú á staðnum og landsbyggðinni," segir Grímur Atlason, bassaleikari, tónleikahaldari og fyrrverandi bæjarstjóri í Bolungarvík. Honum var nýverið sagt upp störfum sem bæjarstjóri eftir að meirihluti A-lista, Afls til áhrifa, og K-lista, sameiginlegs framboðs framsóknarmanna og samfylkingarfólks, sprakk.

Afl til áhrifa, sem er klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum, myndaði nýjan meirihluta með sjálfstæðismönnum og lauk þá Grímur störfum.

Einblína á tækifærin

Grímur flutti ásamt fjölskyldu sinni í Bolungarvík árið 2006 en nýr meirihluti sem tók við völdum á vormánuðum sama árs réði hann til starfa.

„Ég sé ekkert nema tækifæri í hverri þúfu, hverjum hól og hverjum manni," segir Grímur. „Þegar ég kom hingað fyrst heillaðist ég af þessum stað. Það var þó löng hefð fyrir því í Bolungarvík að leggja margt á herðar forvera minna sem síðan voru drifkrafturinn í öllum hlutum. Ég beitti mér fyrir því að fólk á staðnum horfði á jákvæðu hlutina sem við höfum en flestir aðrir hafa ekki, svo sem einstaka náttúrufegurð. Mér fannst þetta takast vel, sem ég mæli meðal annars á því að hér hefur ekki fækkað milli ára því fólk hefur verið ánægt."

Hann telur Vestfirði hafa farið illa út úr pólitískri umræðu. „Það sem skiptir öllu máli er að íbúarnir hafi sjálfsvirðingu. Þegar pólitísk umræða er farin að snúast um að það sé til eitthvað sem heitir Vestfjarðavandinn og um hann er svo unnin hver skýrslan á fætur annarri, þá þurfa menn að stoppa og hugsa málið. Vegna þess að það er ekki til neitt sem er Vestfjarðavandi. Það er hreinn tilbúningur sem hefur skaðað mannlíf á Vestfjörðum."

Grímur segir það hafa verið skynsamlega framtíðarsýn hjá sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum að stefna ekki að uppbyggingu stóriðju á svæðinu. Betra sé að efla innviði samfélagsins heldur en að líta til stóriðjunnar sem lausnarinnar á því að fólki fækki.

Grímur segir umræðuna um hugsanlega olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum bera vott um að „Vestfjarðavandinn" hafi afvegaleitt suma sveitarstjórnarmenn á svæðinu. „Mér finnst það skynsamleg leið að marka skýra stefnu um að stóriðja verði ekki töfralausn. Þó að ég sé í grunninn á móti olíuhreinsunarstöð á Vestfjörðum vegna umhverfisáhrifa, þá finnst mér undirbúningur málsins alls vera ófaglegur og leyndardómsfullur. Það er ekki hægt að sætta sig við að vinna að framgangi einhvers máls og kosta jafnvel til skattpeningum án þess að það sé ljóst hverjir standa að baki hugmyndinni. Það skiptir máli. Saga olíufyrirtækja, hvaðan sem þau koma, er ekki öll falleg og ég er ekki viss um að sveitarstjórnir vilji vera hluti af henni nema að vel athuguðu máli."

Spurður hvort mögulegt sé að fjölga störfum á Vestfjörðum með einhverju öðru en stóriðju segist Grímur telja það vel vera hægt. „Það er líka það eina rétta að mínu viti. Ferðamennska og háskólastarf geta orðið helstu stofnar mannlífs á Vestfjörðum."

Tromsö og Vestfirðir

Grímur segir uppbygginu í Tromsö í Noregi vera góða fyrirmynd. Þar hafi innviðirnir styrkst og smám saman hafi það treyst búsetu og starfsemi á svæðinu. „Í Tromsö, sem er mjög norðarlega í Noregi, hefur íbúum fjölgað um tíu prósent á ári í 35 ár. Það hefur ekki gerst vegna þess að stórum verksmiðjum hefur verið fundinn þar staður heldur hafa pólitískar ákvarðanir um að byggja samfélagið upp innan frá, fyrst og fremst með menntastofnunum, skilað árangri," segir Grímur. „Meðal hliðaráhrifa þessarar uppbyggingar hefur verið mörg hundruð manna háskóli á Svalbarða, þar sem er nánast óbyggilegt. Ég sé fyrir mér að háskóli á Vestfjörðum, með áherslu á hafrannsóknir, gæti gert gríðarlega mikið gagn fyrir Vestfirði í heild og stuðlað að jákvæðum hliðaráhrifum. Ég tel líka að sprotafyrirtæki geti fengið góðan efnivið til þess að vinna úr þegar háskólaumhverfi verður til."

Vannýtt auðlind

Sjávarútvegur er helsti atvinnuvegur Vestfjarða og hefur verið frá upphafi byggðar þar. Hann hefur átt undir högg að sækja á undanförnum tveimur áratugum, einkum vegna þess að veiðiheimildir hafa smám saman verið seldar í burtu frá Vestfjörðum. Við þetta hafa tapast störf sem mörg sveitarfélög á svæðinu mega illa við því að missa.

Grímur segir það blasa við að sveitarfélög á Vestfjörðum geti ekki nýtt fiskveiðiauðlindirnar eins og þau ættu að gera. „Auðvitað blasir það við að Vestfirðir ná ekki að gera sér eins mikinn hag úr fiskveiðiauðlindinni og ætti að vera," segir Grímur og kallar eftir því að smábátasjómönnum á landsbyggðinni sé gefin rýmri heimild til veiða en nú tíðkast. „Fiskveiðistjórnunarkerfið kemur í veg fyrir að landsbyggðin geti nýtt þessa auðlind eins vel og hún ætti að geta. Það er svo einfalt. Smábátasjómenn ættu að geta fengið rýmri heimildir til þess að nýta auðlindina. Kvótakerfið hefur haft þau áhrif að menn sem græða á því að veiða fiskinn í nágrenni Vestfjarða eru búnir að veðsetja hann áður en hann er veiddur. Gróðinn af því að veiða fiskinn skilar sér ekki til byggðanna nema að sáralitlu leyti og því þarf að breyta. Því fyrr sem það er gert, því betra."

GRÍMUR VIÐ STÖRF Hér sést Grímur við störf á skrifstofu sinni í Bolungarvík. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

> Þegar pólitísk umræða er farin að snúast um að það sé til eitthvað sem heitir Vestfjarðavandinn og um hann er svo unnin hver skýrslan á fætur annarri, þá þurfa menn að stoppa og hugsa málið.

Tekjustofnar nægi

Grímur segir sveitarstjórnir á Vestfjörðum, eins og um allt land, finna fyrir því að tekjur nægi ekki fyrir útgjöldum. Þetta komi í veg fyrir að tækifæri sem blasi við geti nýst sem skyldi. „Tekjur duga ekki til þess að sinna lögbundinni þjónustu og það er auðvitað áhyggjumál. Það er lítil samgirni í þessu fyrir lítil samfélög. Verðmætin sem verða til á þessum litlu stöðum eru miklu meiri en þau sem eru innflutt á staðina. En þeir njóta þess ekki nægilega vel," segir Grímur og vill að tekjustofnarnir verði leiðréttir. „Við erum ekki að búa til viðskiptahallann. Héðan streyma milljarðar inn í íslenska hagkerfið, frá tiltölulega fáum íbúum. Fjármálaráðherrann verður að vakna. Tekjustofnunum þarf að breyta þannig að þeir dugi fyrir þjónustustiginu. Annað er ósanngjarnt."

Lífsgæði landsbyggðarinnar

„Fólk á höfuðborgarsvæðinu skilur oft ekki lífsgæðin sem felast í því að búa á landsbyggðinni," segir Grímur.

Hann eyddi sumrum fram að fjórtán ára aldri í sveit og hjá langömmu sinni á Raufarhöfn, Sumarlínu Gestsdóttur. „Ég held að það sé öllum hollt að upplifa þessi lífsgæði. Fólk í Reykjavík, meira að segja víðsýnt og vel upplýst fólk, gerir sér ekki grein fyrir því hversu mikil lífsgæði geta verið fólgin í því að búa á landsbyggðinni. Hjá fullorðnu fólki bætast stundum við tvær til þrjár klukkustundir með börnunum á hverjum degi. Það er ómetanlegt."

Grímur segir einnig afþreyingu barna á landsbyggðinni að sumu leyti ólíka því sem gengur og gerist á höfuðborgarsvæðinu. „Ég missti aðeins af fimm ára gömlum syni mínum um daginn en fann hann loks þar sem hann var niðri á bryggju að aðstoða sjómenn sem voru að skera hákarl á hafnarbakkanum. Ætli ég hefði ekki fundið hann í boltasundlaug í Kringlunni ef við hefðum verið í Reykjavík. Mér finnst meiri sjarmi yfir hákarlinum," segir Grímur og hlær.

GRÍMUR ATLASON Hér sést Grímur við Ósvörina í Bolungarvík. Traðarhyrnan, eitt af einkennum Bolungarvíkur, sést í baksýn. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

VOR ÚTSALA

ASUS

FERÐATÖLVUR
MARGAR GERÐIR

VERÐ FRÁ 59.990
AFSLÁTTUR ALLT AÐ 80.000

SJÓNVÖRP Í ÖLLUM STÆRÐUM OG GERÐUM Á FRÁBÆRU ÚTSÖLUVERÐI

PHILIPS JVC Panasonic GRUNDIG Dantax UNITED enox.

TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR

15” LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 34.990
TILBOÐ 24.990
enox. AFSL. 10.000 / 28%

32” TOPP LCD TÆKI
FULLT VERÐ 169.990
TILBOÐ 114.990
JVC AFSL. 55.000 / 32%

42” LCD SJÓNVARP
FULLT VERÐ 199.990
TILBOÐ 139.990
JVC AFSL. 60.000 / 30%

TÖKUVÉL MEÐ HÖRÐUM DISK
FULLT VERÐ 79.990
TILBOÐ 49.990
JVC AFSL. 30.000 / 37%

HARMAN KARDON HLJÓMTÆKI MEÐ ALLT AÐ 35% AFSLÆTTI

JBL HÁTALARAR OG HEYRNARTÓL MEÐ ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI

BÍLTÆKI OG HÁTALARAR Á FRÁBÆRU VERÐI

JVC KENWOOD JBL Panasonic

STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR FRÁ 9.990 - FRÁBÆR KAUP

OLYMPUS CASIO Panasonic

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

Lögreglustjórinn leggur á flótta

Fimmtudaginn 1. maí var víða heitt í kolunum í Þýskalandi og brutust út óeirðir í Berlín og í Hamborg. Lögreglustjóri Berlínar komst í hann krappan þegar mótmælendur gerðu aðsúg að honum í Kreuzberg, hverfi sem þekkt er fyrir mótmæli og óeirðir á alþjóðlegum degi verkalýðsins. *Klemens Ólafur Þrastarson* gekk um hverfið og mátti þakka fyrir að lenda ekki undir lögreglunni.

Fyrsta maí í Berlín hafa í rúma tvo áratugi verið ansi kröftugar mótmæla- og kröfugöngur í Kreuzberg, hverfi sem einkennist kannski helst af tyrkneskum innflytjendum. Ár hvert safnast þangað alls konar mótmælendur; stjórnleysingjar og pönkarar, hippar, kommúnistar og aðrir. Nýnastistar hafa sett mark sitt á göngur síðustu ára, en yfirleitt utan Berlínar.

Síðast en ekki síst mótmæla óánægðir verkamenn og atvinnuleysingjar, en þeir eru margir í Berlín.

Pólitísku gestirnir koma til að krefjast annarrar samfélagsskipunar eða í það minnsta kvarta undan þeirri sem ríkir. Af rauðleitum auglýsingum á götuhornum hefur til dæmis í nokkrar vikur mátt lesa að þegnar landsins losni aldrei úr ánauð, nema að undangenginni byltingu, sem hefjist fyrsta maí. Flestir gestirnir koma þó til að fylgjast með öðrum og til að skemmta sér. Sumir til að slást og eyðileggja.

Eftir að uppúr sauð í hverfinu árið 1987 með götubardögum níu hundruð ungmenna við lögreglu í einar tólf klukkustundir, var reynt að þynna út mótmælin með því að bæta við Myfest, sem má lýsa sem risastórri útihátíð í miðri borg.

Á Myfest eru skemmtiatriði, trúðar, dansarar og hljómsveitir af öllum stærðum og gerðum halda tónleika á götum úti og fólkið syngur og trallar með.

Fátt minnir þá á baráttu verkalýðsins, heldur eru götur og torg troðfull af ungu brosmildu fólki sem drekkur bjór og tyggur kebab. Alls konar reykingalykt er í lofti og þetta snýst bara um að djamma, að því er virðist.

Báknið burt

En í næstu götu er lúðrablástur og svartir og rauðir fánar stjórnleysingjanna blakta. Þeir ganga hratt um götur og í þúsundatali.

Þýskir stjórnleysingjar eru merkilega venjulegir í útliti og á öllum aldri. Háskólafólk upp til hópa.

Margir pönkarar ganga með stúdentunum en pönkararnir halda sig þó flestir í pönkgöngunni, sem er alls engin ganga heldur stjórnleysi í reynd; pönkararnir liggja á víð og dreif, fullir og vitlausir og kaldhæðnislega merktir „white pride“. Sannarlega rjómi og stolt hins hvíta kynstofns.

Vitlaus maður á röngum stað

Viðbúnaður lögreglunnar er og ótrúlega mikill. Svo vildi til að ákveðnir hópar löggunnar voru í verkfalli fyrsta maí í ár og var því sagður nokkur skortur á lögreglumönnum. En svo var ekki að merkja, því þrátt fyrir verkfallið voru lögreglubílarnir tugum saman í nánast hverri götu nálægt hátíðinni.

Hefðu lögregluyfirvöld í Reykjavík áhuga á að kynna sér hvað „sýnileiki“ lögreglu snýst um í fylleríi ungmenna skal henni vinsamlegast bent á að mæta til Berlínar að ári. Löggubíll er þar á hverju horni og liðsaukinn bíður átekta í hæfilegri fjarlægð. En það er ekki fyrr en fer að nátta að til raunverulegra kasta löggæslumanna kemur. Þá eru pönkarar og aðrir mótmælendur orðnir úrillir og flestir drukknir.

Á fimmtudaginn tóku nokkrir þeirra eftir því að sjálfur lögreglustjóri Berlínar, hann Dieter Glietsch, var að spóka sig á Lausitzer-torgi. Ekki leið á löngu áður en fyrsta tóma flaskan var í loftinu og á leið til hans.

Glietsch slapp ómeiddur, en verra var að ljósmyndarar náðu honum á mynd þar sem hann er leiddur burtu á hlaupum af sterklegum lögreglumönnum. Myndin ratáði svo á forsíður flestra dagblaða Berlínar daginn eftir og undir misskemmtilegum fyrirsögnum.

Ordnung muß sein!

Upp úr miðnætti var komið nóg af fjörinu, að mati næstum fimm þúsund lögreglumanna. Þessu voru mómælendur og félagsljón auðvitað ósammála. En lögreglan hlustar víst ekki á kröfur annarra en þeirra sem vilja að mestu óbreytt ástand og svefnfrið.

Blaðamaður Fréttablaðsins fékk að kynnast því á eigin skinni hvernig stórum hópi fólks var smalað saman af lengjum fílefldra, vígbúinna og brynvarðra lögreglumanna, sem báru kylfur, hjálma og skildi. Táragasið var á sínum stað en lögreglan var síst áhugasöm um að nota það.

Heilt torg, fullt af fólki, var síðan rýmt á afar skipulegan hátt og skyndilega. Tónlistin þagnaði og upp reis lög og regla með myndugri fjöldastýringu, sem virtist geta verið ansi óþægileg.

Blaðamaður komst þó ómeiddur undan og með nokkuð meiri reisn en blessaður lögreglustjórinn. Einir þrettán manna hans særðust síðar um nóttina og voru á þriðja tug mótmælenda handteknir.

Þeir endurtaka svo leikinn að ári.

LÖGREGLAN Á UNDANHALDI Hér, á bakvið lífverðina, má sjá glitta í lögreglustjóra Berlínar þar sem hann er leiddur á brott frá grjót- og flöskukasti ofbeldisfullra mótmælenda. NORDICPHOTOS/AFP

ÚR GÖNGU STJÓRNLEYSINGJA Mótmælin í Berlín á fimmtudaginn hófust í mestu ró og spekt en lögreglan segist hafa orðið fyrir grjótkasti þegar leið á nóttina. Minnst 13 lögreglumenn voru sagðir hafa særst í átökunum. FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

ELDS ER ÞÖRF Hentugt þykir mótmælendum og öðrum gestum hátíðarinnar að kveikja lítil bál. Þau ylja jú kroppnum og lýsa upp nóttina. Lögreglan er ljósfælnari og slekkur jafnharðan. NORDICPHOTOS/AP

VINSTRI UMFERÐ LOKS Í FORGANG

Hinn ellefta apríl 1968 gekk smiðurinn Josef Bachman upp að helsta leiðtoga vinstrisinnaðra stúdenta úti á götu og spurði: Ert þú í alvöru þessi Rudi Dutschke? Já, svaraði Dutschke. Bachman tók þá byssu úr fórum sínum og skaut þrisvar í höfuð og búk viðmælandans. Bachman skýrði gjörninginn seinna með því að hann hataði kommúnista.

Daginn eftir árásina fóru um 2.000 vinstrisinnaðir nemendur að skrifstofum hægrisinnaða útgáfufélagsins Axel Springer og gerðu sig líklega til að ráðast þar inn í mótmælaskyni við ritstjórnarstefnu fjölmiðla þess, svo sem blaðanna Bild og Die Welt.

Prentmiðlar Springer-veldisins höfðu tekið virkan þátt í pólitískri umræðu árið 1968 og á heldur óábyrgan hátt. Í leiðurum blaðanna var til að mynda hvatt til þess að komið yrði í veg fyrir „hryðjuverk“ ungra rauðliða með því að „útrýma vandræðagemlingunum“.

Mótmælendurnir gerðu því útgefandann Axel Springer, stundum kallaður Rupert Murdoch Þýskalands, ábyrgan fyrir tilræðinu. Dutschke var aftur gerður að píslarvætti sinnar kynslóðar.

STÚDENTALEIÐTOGINN Árásarinnar á Rudi Dutschke hefur víða verið minnst í Berlín fyrir dag verkalýðsins í ár, þegar fjörutíu ár eru liðin frá því að þessi vonarstjarna þýsku ´68 kynslóðarinnar var skotin niður á götu úti. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

SÖGULEG GATNAMÓT NORDICPHOTOS/AFP

Í ár var Kochstræti í Kreuzberg-hverfi endurnefnt í minningu Dutschkes og í næsta nágrenni Springer-forlagsins. Þetta var gert þrátt fyrir miklar mótbárur nokkurra íbúa Kochstrætis, sem hafa rekið dómsmál gegn þessu í boði fjölmiðlaveldisins.

En Rudi Dutschke-gata heitir hún samt og liggur að Axel Springer-götu. Ýmsum Berlínarbúum þykja það síðbúin en makleg málagjöld að umferð úr Rudi Dutschke-götu hefur forgang inn á Axel Springer-götu.

1. MAÍ SÍÐUSTU ÁRA

1987: Um 900 ungmenni slást við lögregluna í hálfan sólarhring.

1991: „Byltingarsinnaða 1. maí-mótmælagangan“ haldin í fyrsta sinn í austurhluta borgarinnar.

1999: Lögreglan skilgreinir að nýju lágmarksviðbúnað sinn. Óeirðir í Kreuzberg um kvöldið: 139 lögreglumenn særast og 213 mótmælendur gista fangageymslur.

2003: 175 lögreglumenn særast í grjótregni mótmælenda. Kveikt í bílum.

2007: 115 handteknir og 43 lögreglumenn særast.

Heimild: Welt Kompakt

DAGUR HOLLUSTU VIÐ AMERÍSKT FRELSI

Tengingu fyrsta dags maímánaðar við baráttu verkalýðs má rekja til ársins 1886 þegar lögreglan í Chicago skaut á og myrti verkamenn sem börðust fyrir því að lögbundinn vinnudagur yrði takmarkaður við átta klukkustundir.

Franskir verkalýðsforkólfar ákváðu síðar að minnast þessa hermdarverks og gerðu það fyrst árið 1890.

Þrátt fyrir þennan uppruna dagsins hefur í gegnum tíðina verið lítið um kröfugöngur verkalýðs hinn 1. maí í Bandaríkjunum. Það hefur þó færst í aukana síðustu ár, í kjölfar fjölda suður-amerískra innflytjenda.

En í Bandaríkjunum hefur víða verið haldið upp á upp á daginn sem sérlega ameríska dag.

Í sumum ríkjum er 1. maí kallaður Dagur tryggðar við Bandaríkin eða Hollustudagurinn (Loyalty Day). Jafnvel Dagur ameríkaníseringar, en það var upphaflega bandaríska heitið árið 1921.

Hollustudagurinn var opinberlega viðurkenndur af bandaríska þinginu árið 1958 og hélt Dwight Eisenhower forseti hann hátíðlegan í fyrsta skipti ári seinna.

Þessum þjóðernissinnuðu nafngiftum var ætlað að draga athyglina frá 1. maí sem degi verkalýðsins, og má rekja til þess að ráðamenn vestra vildu vinna gegn alþjóðlegri bylgju verkalýðsbaráttu, og auðvitað rússnesk-kommúnískum áhrifum.

Verkalýðsdagur Bandaríkjamanna er haldinn hátíðlegur í september. En í kjölfar mikillar fjölgunar innflytjenda í seinni tíð hafa kröfugöngur þó víða orðið áberandi á hinum alþjóðlega degi.

ÚTSALA ÚR EINUM GÁMI

ÓÚTLITSGALLAÐAR ÞVOTTAVÉLAR!

BARKALAUSIR ÞURRKARAR LÍKA Á FRÁBÆRU TILBOÐI Í TILEFNI DAGSINS - AÐEINS Í DAG!

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
ÍSLENSKUR LEIÐARVÍSIR

Whirlpool

Whirlpool þvottavél

- 6th Sense - Skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma
- Rafeindastýrður kerfisveljari
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- Ullarkerfi - Ullarvagga
- Handþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvotthæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting A
- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskur leiðarvísir

Whirlpool AWOD1446
6kg / 1400 snúninga

TILBOÐ
49.995
FULLT VERÐ 79.995

Whirlpool AWOD5515
5.5kg / 1200 snúninga

TILBOÐ
39.995
FULLT VERÐ 69.995

Ariel þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgir vélunum
meðan birgðir endast

AFSLÁTTUR
Kr. 30.000

OPIÐ KL. 10 - 16

FYRSTUR KEMUR - FYRSTUR FÆR!

Ath. Aðeins ein vél á mann!

Í fyrra seldist allt upp á nokkrum klukkutímum ...

Heimilistæki
www.ht.is

REYKJAVÍK	AKUREYRI	HÚSAVÍK	SELFOSS
SUÐURLANDSBRAUT 26	GLERÁRGÖTU 36	GARÐARSBRAUT 18A	EYRARVEGI 21
SÍMI 569 1500	460 3380	464 1600	480 3700

Andsvar við megrunaráróðrinum

Skömm fólks á eigin líkama getur haft víðtæk áhrif á andlega og líkamlega heilsu þess. Áróður um að fólk eigi að vera öðruvísi var uppspretta Megrunarlausa dagsins sem haldinn er á þriðjudaginn. *Olav Veigar Davíðsson* blaðamaður ræddi við **Sigrúnu Daníelsdóttur**, sálfræðing og einn aðstandanda verkefnisins, um tilgang þess og áhrif sjálfsmyndar á heilsu.

SIGRÚN DANÍELSDÓTTIR Vill að öllum sé gert kleift að þykja vænt um líkama sinn og líða vel í honum, hvernig sem fólk er vaxið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Megrunarlausi dagurinn er alþjóðlegt grasrótarverkefni sem hóf göngu sína í Bretlandi sem andsvar við megrunaráróðrinum í samfélagi nútímans," segir Sigrún Daníelsdóttir, sálfræðingur og einn aðstandenda Megrunarlausa dagsins.

Jöfn virðing

Sigrún segir tilganginn með Megrunarlausa deginum vera að vekja athygli á stanslausum áróðri um að fólk eigi að vera öðruvísi, en það er þar sem er ekki borin jöfn virðing fyrir fólki eftir líkamsvexti. „Skilaboðin eru að grannur vöxtur sé flottastur og það sé hræðilegt að vera feitur." Margs konar vandamál spretti upp frá þessu. „Eins og þunglyndi, slæm líkamsmynd, átraskanir og fordómar gagnvart þeim sem passa ekki inn í hugmyndir okkar um réttan líkamsvöxt."

„Þetta er það sem ég vinn við alla daga," segir Sigrún sem er sálfræðingur í átröskunarteymi á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans (BUGL). Hún vill þó taka skýrt fram að BUGL sé ekki aðili að Megrunarlausa deginum heldur sé um óformlegan áhugamannahóp um hugarfarsbreytingu á þessu sviði að ræða.

Víðtæk áhrif

Sigrún segir mörgum finnast þeir ekki vera rétt vaxnir eða ekki frambærilegir hvað útlitið varðar. Skömm á eigin líkama hafi áhrif, bæði á andlega og líkamlega heilsu. „Manneskja sem skammast sín fyrir líkama sinn dregur sig í hlé. Hún er síður líkleg til að hreyfa sig, fara í sund eða út að ganga, af því hún vill frekar vera í felum."

Þá hafi bandarískar rannsóknir á unglingum sýnt að þeir sem eru óánægðir með líkama sinn lifi óheilbrigðara lífi en aðrir. Í ljós hafi komið að unglingar sem höfðu slæma líkamsmynd í upphafi rannsóknar voru ólíklegri til að hreyfa sig fimm árum síðar og líklegri til að stunda ofát og óheilbrigðar þyngdarstjórnunaraðferðir eins og að sleppa máltíðum, svelta sig, taka lyf og fleira. Sambærileg rannsókn hefur ekki verið unnin á Íslandi. „En við vitum frá íslenskum rannsóknum að líkamsmynd unglinga hefur mikil áhrif á sjálfsmynd þeirra."

> Að líða illa í eigin skinni virðist hamla því að maður hugsi vel um sig.

Einnig hafi nýleg athyglisverð bandarísk rannsókn sýnt fram á sterk tengsl eru milli líkamsmyndar eða hvað fólki finnist um líkama sinn og fjölda veikindadaga. Voru tengslin mun sterkari en við það hversu þungt fólk var í raun og veru. „Samkvæmt þessu tengist það að finnast maður vera feitur fleiri veikindadögum heldur en það að vera feitur."

Brenglað gildismat

„Gildismatið í þjóðfélaginu og í vestrænum löndum yfir höfuð varðandi líkamsvöxt og þyngd er hlutdrægt," segir Sigrún. Hún segir að ekki sé borin jöfn virðing fyrir öllum heldur sé ákveðinn hópur upphafinn. Grönnu fólki séu eignaðir persónueiginleikar sem það eigi ekki endilega skilið, eiginleikar eins og sjálfsagi, dugnaður og hófsemi. „Margir eru kannski bara þannig frá náttúrunnar hendi að þeir haldast grannir, nokkurn veginn sama hvað þeir gera." Þeir geti jafnvel lifað mjög óheilbrigðu lífi, borðað óreglulega og reykt. „Samt sem áður eignum við þeim sjálfkrafa einhverjar dyggðir á meðan við eignum feitu fólki lestina, hvort sem það á það skilið eða ekki. Þá þykjumst við viss, bara með því að horfa á þann sem er feitur, að hann sé ekki duglegur að hreyfa sig, örugglega matgráðugur og hafi lítinn viljastyrk." Sigrún segir fjöldamargar erlendar rannsóknir hafa staðfest þetta. „Það er að þessir fordómar ríkja almennt í vestrænum samfélögum."

Sigrún segir rannsóknir hafa sýnt að þessi hugsun, að grannur líkamsvöxtur sé afurð einhvers konar dyggða og að feitur vöxtur sé þá afleiðing rangrar hegðunar tengist hugmyndafræði mótmælendatrúar um að vinnan sé dyggð. „Þú uppskerð eins og þú sáir. Hver er sinnar gæfu smiður og þú hefur eitthvað gert til að verðskulda þitt hlutskipti."

PÓSTKORT Póstkortum verður dreift víða um bæinn, meðal annars á kaffihús til að vekja athygli á boðskap áhugafólks um hugarfarsbreytingu gagnvart áróðri um að fólk eigi að vera öðruvísi en það er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fordómar

Fitufordómar hafa allt við sig til að verða mjög sterkir og víðtækir fordómar. „Þeir byggja á eiginleika sem er sýnilegur, þannig að þú sérð strax hvort þér á að líka vel eða illa við manneskjuna." Segir hún þetta talda afleiðingu viljastýrðrar hegðunar. „Þannig að þú getur réttlætt fyrir þér að vera illa við manneskjuna af því að hún hefur kallað þetta yfir sig sjálf." Það er með öðrum orðum manneskjunni sjálfri að kenna.

Hvað er hægt að gera?

„Markmið dagsins er að vekja athygli á að staðan sé svona, að við séum öll með fyrirfram gefið gildismat sem við lærum af því að lifa í þessu þjóðfélagi og að þetta gildismat sé óréttlátt." Fólki sé mismunað vegna þátta sem það hafi litla stjórn á. „Auðvitað höfum við einhverja stjórn á holdafari en hún er miklu minni en svo að við getum sagt að það sé spurning um val. Feitt fólk breytist ekki í grannt fólk bara af því að fara að hreyfa sig."

Hugarfarsbreyting

Sigrún segir Megrunarlausa daginn snúast um að vekja athygli á hversu óréttlátt gildismat þjóðfélagsins sé og með deginum sé ætlunin reyna að vekja ákveðna hugarfarsbreytingu. Hún segir þetta eins og alla aðra mannréttindabaráttu. „Markmiðið er að breyta gildismati þjóðfélagsins."

Auðvitað sé markmiðið líka barátta gegn ákveðnum viðhorfum og neikvæðum öflum sem geri fólki lífið leitt og kalli oft fram mjög alvarlega vanlíðan. „En við viljum leggja þetta fram sem jákvæðan boðskap. Við erum í raun og veru að berjast fyrir líkamsvirðingu. Við viljum að það sé borin jöfn virðing fyrir fólki og öllum sé gert kleift að þykja vænt um líkama sinn og líða vel í honum, hvernig sem þeir eru vaxnir."

SAMSTARF VIÐ KVENNAHLAUP ÍSÍ

Aðstandendur Megrunarlausa dagsins og kvennahlaupsnefnd Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands eiga í hugmyndafræðilegu samstarfi vegna kvennahlaupsins sem fram fer 7. júní í sumar.
Þema hlaupsins í ár verður líkamsvirðing undir slagorðinu Hraustar konur, heilbrigt hugarfar. Sigrún segir markmiðið vera að koma þeim skilaboðum til kvenna að hreyfing snúist ekki um ákveðinn líkamsvöxt heldur sé hreyfing uppbygging fyrir líkama og sál. „Þó ætlunin sé að huga að heilsunni þá þurfum við líka að hugsa um að hugarfar okkar sé heilbrigt og að við metum okkur sjálfar að verðleikum eins og við erum."

MEGRUNARLAUSI DAGURINN 6. MAÍ

Megrunarlausi dagurinn var stofnaður árið 1992 af Mary Evans Young, breskri konu sem átti við átröskun að stríða. Síðan þá hefur skipulögð dagskrá verið haldin víða um heim til að vekja athygli á þeim miklu þjáningum sem hljótast af þráhyggju fólks um grannan vöxt.
„Þetta er óformlegur áhugamannahópur um hugarfarsbreytingu á þessu sviði," segir Sigrún. „Það er engin yfirstofnun sem á einkarétt á þessu heldur er þetta ákveðin hugmynd sem hefur gengið manna á milli og það fer algerlega eftir hvað hver og einn er tilbúinn að gera hversu stórt þetta verður."
Er dagurinn nú haldinn í þriðja sinn á Íslandi hinn 6. maí næstkomandi. Að þessu sinni verður ekki um hefðbundna dagskrá að ræða. Þegar eru farnar að birtast auglýsingar á strætisvögnum. Einnig verða gefin út póstkort sem ætlunin er að dreifa víðs vegar um bæinn. Þá verður boðskapnum komið til skila í skjáauglýsingum í kvikmyndahúsum.
„Að vera með einhvern einn atburð á einum degi hefur takmarkað lífgildi, þannig að okkur langaði að gera eitthvað núna sem nær að vekja meiri athygli á málefninu og hefur möguleika á að lifa lengur."

SUMAR TILBOÐ

TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐUR Í MIKLU ÚRVALI

25DVD DISKAR
25 STK Verbatim
16x DVD+R diskar
Hvergi á betra verði!
1.490

2GB MINNISLYKILL
Flottir Disney minnislyklar með ól, eru líka handhæg lyklakippa
1.990

FARTÖLVA
- Intel Celeron M540 1.86GHz
- 1GB DDR2 667MHz minni
- 80GB 5400RPM diskur
- 15.4" WideScreen skjár
- 0.3MP vefmyndavél
- Vista Home Basic

54.900

OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur

MARGT HEFUR HALDIÐ LÍFINU Í NÍNU ANNAÐ EN LAGIÐ SJÁLFT, TIL DÆMIS FÓTABURÐUR STEFÁNS OG HÖFUÐKLÚTUR EYVA. Stefán og Eyjólfur taka Nínu í íslensku undankeppninni.

1 Eyvi: Ég bara fatta þetta ekki!

Draumur um Nínu, uppáhalds Eurovision-lag Íslendinga, var sjötta lagið sem Íslendingar sendu í keppnina. Nokkrar vonir voru bundnar við lagið enda hafði Nei eða já með Siggu og Grétari lent í fjórða sæti árið áður. Keppnin var haldin í Róm og þangað fóru höfundur lags og texta, Eyjólfur Kristjánsson, Stefán Hilmarsson, sem söng það með honum, og bakraddaliðið Erna Þórarinsdóttir, Eva Ásrún Albertsdóttir, Richard Scobie og Eyþór Arnalds. Eyþór lék einnig á selló. Nokkuð fór að draga úr væntingum landans þegar fréttir bárust af lélegum spám veðbanka. Úrslitin komu því fæstum á óvart, lagið lenti í 15. sæti af 22, við fengum 26 stig, frá Svíþjóð (10), Ítalíu (7), Þýskalandi (5) og Sviss (4).

Miðað við árangurinn úti eru vinsældir Nínu illskiljanlegar. Eyvi getur ekki útskýrt þær heldur. „Þetta er ferlega skrítið, ég bara fatta þetta ekki!“ segir hann. „Lagið bara dúkkaði upp fimm árum eftir keppnina eða eitthvað, og er búið að vera svona ofboðslega vinsælt síðan. Það er alls ekkert í uppáhaldi hjá mér af mínum lögum. Það hlýtur eitthvað að vera í því sem höfðar svona til landans. En ég skil það ekki. Textinn svona tristur og allt.“

Lagið var eitt af þeim tíu sem kepptu í forkeppninni á Íslandi. Eyvi segir það eitt af fáum lögum sem hann samdi sérstaklega fyrir Eurovision. „Ég bjó í lítilli íbúð á Austurströnd á Seltjarnarnesi þegar ég samdi það. Píanóbyrjunin kom fyrst en svo kom restin af laginu á löngum tíma. Þegar lagið hafði unnið hringdi vinkona mín í næstu íbúð í mig og sagði að þetta lag væri þrælstolið. En þá hafði hún bara heyrt það svona oft í gegnum vegginn. Ég reyndi að fá Stebba til að semja textann en hann var of upptekinn með Sálinni og sagði mér bara að semja hann.“

Og hver er svo þessi Nína? „Engin sérstök. Ég fékk kannski nafnið lánað en allt hitt er skáldskapur. Ég þekki enga látna Nínu. Alveg satt!“

Könnun:

Besta íslenska Eurovision-lagið frá upphafi

Nína er best, en enginn skilur hvers vegna

Fréttablaðið lét kanna hug Íslendinga til íslensku Eurovision-laganna. Úrtakið var 800 manns og svöruðu 530, 66.3 prósent aðspurðra. Þrjú lög skera sig úr og raða sér í efstu sætin. Þetta eru Nína, All out of Luck og Gleðibankinn. Vinsældir Nínu meðal landsmanna eru torskildar, lagið náði jú engum sérstökum árangri 1991, og sjálfur höfundurinn skilur ekkert í vinsældunum eins og kemur fram í viðtali hér annars staðar á síðunni. Vinsældir All out of Luck og Gleðibankans eru auðskildari. All out of Luck er það lag sem bestum árangri hefur náð og Gleðibankinn var fyrsta lagið sem við sendum.

Sé rýnt í niðurstöðurnar kemur ýmislegt merkilegt í ljós. Hefðu karlkyns svarendur einir fengið að ráða hefði Gleðibankinn unnið, en ef konurnar hefðu mátt ráða hefði All out of Luck unnið. Nína sigrar fyrir það að bæði kynin nefna lagið jafnt til sögunnar sem besta lagið. Ef landsbyggðin væri spurð ein hefði Gleðibankinn sigrað því fólk á landsbyggðinni er mun hrifnara af því lagi heldur en Nínu.

Sé rýnt í niðurstöðurnar út frá stjórnmálaviðhorfi svarenda kemur í ljós að uppáhalds Eurovision-lag þeirra sem styðja bæði Samfylkinguna og Sjálfstæðisflokkinn er All out of Luck. Kannski ekkert skrýtið að kjósendur þessara ráðandi flokka fylki sér um það lag sem bestum árangri hefur náð. Kjósendum Frjálslyndra finnst Gleðibankinn bestur, en Vinstri græn skiptast hnífjafnt á milli Gleðibankans og Nínu. Uppáhaldslag þeirra sem segjast ekki ætla að kjósa eða skila auðu í næstu kosningum er Gleðibankinn.

BESTU EUROVISION-LÖGIN – TOPP 10:

1.	Nína	22,1%
2.	All out of Luck	20%
3.	Gleðibankinn	19,2%
4.	Eitt lag enn	10%
5.	This Is My Life	8,7%
6.	Sókrates	5,3%
7.	Minn hinsti dans	2,8%
8.-9.	Hægt og hljótt	1,1%
8.-9.	Valentine Lost	1,1%
10.	Hvar ertu nú?	0,9%

Á eftir þessum lögum þremur koma tvö lög með 10 og 8,7 prósent atkvæða; Eitt lag enn, sem náði 4. sæti 1990, og nýjasta lagið, This Is My Life.

Alls voru 32 lög nefnd í könnuninni, bæði lög sem voru fulltrúar þjóðarinnar í keppninni erlendis og lög sem tóku aðeins þátt í forkeppni innanlands.

gunnarh@frettabladid.is

2 Æsispennandi stigagjöf

All out of Luck eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson sem Selma söng í Jerúsalem 1999 var frá fyrsta degi í miklum meðbyr. Veðbankar og aðdáendaklúbbur spáðu laginu sigri en reyndar var sænska lagið aldrei langt undan í þeim spám. Úti var laginu og Selmu sýnd sérstaklega mikil athygli en söngkonan var niðri á jörðinni á keppnisdaginn. „Stefni aðeins á að halda okkur í keppninni“ voru varnaðarorð Selmu, sem reyndi að slá á væntingar landsmanna.

Stigagjöfin var sérlega spennandi og nöguðu landsmenn neglurnar í sveittri spennu. Tuttugu og þrjár þjóðir voru að keppa þetta kvöld og var íslenska lagið efst lengi framan af. Þýskaland og Svíþjóð sóttu þó fast að okkur og hin sænska Charlotte Nilsson tók þetta á lokasprettinum, fékk fullt hús frá þrem af þeim fjórum þjóðum sem síðast gáfu stig. Charlotte, sem reynir að endurtaka leikinn í ár, sigraði með 163 stigum á meðan Selma fékk 146 stig og var í öðru sæti. Svíar, Danir og Kýpverjar gáfu okkur tólf stig og sjö þjóðir gáfu okkur tíu stig.

Selmu var vitanlega tekið sem þjóðhetju þegar hún kom heim og átti miklum vinsældum að fagna næstu misserin. Þegar hún sneri aftur í keppnina 2005 kom það landsmönnum öllum stórlega á óvart þegar hún komst ekki upp úr hinum voðalega undanriðli.

BESTI ÁRANGUR ÍSLANDS Selma og frakkaklæddu dansararnir.

3 Sigurviss þjóð fær kjaftshögg

Eurovision-frumburður þjóðarinnar, Gleðibankinn, er landsmönnum enn hugleikinn, 22 árum síðar. Við höfðum horft á keppnina árum saman, en þegar við sjálf fengum að taka þátt var það bara formsatriði að fara út og hirða sigurinn með frábæru lagi Magga Eiríks sem allir voru komnir með á heilann.

Icy-hópurinn, í glæsilegum búningum Dóru Einars, mætti sigurviss í Grieg-höllina í Bergen. Hinn 3. maí 1986 voru göturnar tómar því landsmenn ætluðu að gera sér glaðan dag og fagna sigri við sjónvarpstækin sín. Aðalumræða síðustu daga hafði verið hvar við ættum að halda keppnina á næsta ári.

Í stigagjöfinni fór að syrta í álinn. Ekkert stig frá fimm fyrstu þjóðunum! Hvernig mátti það vera? Loks gáfu Hollendingar okkur fimm stig, þá komu tvö frá Tyrkjum og sex frá Spáni. Jæja, nú fer þetta allt að koma, hugsuðu landsmenn, en nei. Ekki eitt stig frá fimm þjóðum í röð, loks fjögur frá Kýpur og tvö frá Svíþjóð. Og ekki eitt einasta stig frá Norðmönnum né Dönum! Hvers lags samnorrænu vinir eru nú þetta?! Niðurstaðan var hryllileg, sextánda sæti af tuttugu mögulegum! „Úrslitin hálfgert kjaftshögg,“ sagði Helga Möller.

Ýmsu var kennt um, helst ömurlegri frammistöðu norsku útvarpshljómsveitarinnar sem náði ekki hljómfalli lagsins. Þá þóttu búningarnir hálf glannalegir – svona eftir á að hyggja – sviðsframkoman fálmkennd, evrópsku dómnefndirnar asnalega skipaðar og lagið bara allt of nútímalegt fyrir þetta pakk.

Eitt var þó alveg víst. Við myndum bursta þetta 1987.

VALGEIR GUÐJÓNSSON Tónlistarmaðurinn Paul Simon er í miklu uppáhaldi hjá Valgeiri Guðjónssyni.



PAUL SIMON Paul Simon er að mati Valgeirs einn af þeim allra stærstu í bransanum.

Valgeir tekur Simon fram yfir Dylan

„Hann er einn af hinum tröllauknu, jafnlágvaxinn og hann er," segir tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson um eitt af átrúnaðargoðum sínum, Paul Simon, sem spilar í Laugardalshöll 1. júlí.

Valgeir byrjaði að hlusta á Simon í menntaskóla en varð enn hrifnari af honum eftir að hann hóf sólóferil sinn. „Hann er bæði stórkostlegur tónsmiður og gerir frábæra texta. Síðan hefur hann ævinlega haft vit á að fá bestu mennina með sér. Hann er með miklar tónlistarpælingar, bæði hvað varðar hljómana sem hann notar svo ekki sé talað um slagverkið sem hefur alltaf fylgt honum," segir Valgeir og játar að Simon hafi haft mikil áhrif á sig. „Ég legg hann að jöfnu við þá stærstu. Ef það er hægt að setja einhvern á topp þrjú eða topp fimm-lista þá er hann þar á mínu heimili."

Ef Valgeir þyrfti að velja um að sjá Paul Simon, Bob Dylan eða Eric Clapton, sem eru allir á leiðinni til landsins, yrði Simon fyrstur fyrir valinu. „Ég er ótrúlega duglegur að láta tónleika fara framhjá mér en þetta eru ómissandi tónleikar," segir hann. „Ég sá Dylan um árið og ég myndi ekki hugsa mig tvisvar um ef ég þyrfti að velja á milli þeirra. Ég er reyndar mjög hrifinn af Dylan en kannski ég refsi honum fyrir það hvað stór hluti tónleikanna í Höllinni um árið var bara ekki nógu góður. Ég var hrifinn af kassagítar-hlutanum en annars var þetta bara rafmagnsgítargarg sem er algjörlega óþolandi nema það sé þeim mun betur gert."

- fb

Mest seldu pottar á Íslandi í dag

Eigum nokkra hákarlapotta eftir.
Rýmingarsalan heldur áfram
þar til allt er selt!

Eigum gríðarlegt úrval af tröppum og fylgihlutum

Opið í dag
frá 12.00 - 18.00

Arctic Spas Faxafeni 9 Sími 554 7755
www.heitirpottar.is ath. Aðkoma í kjallara, bakhús.

Vinsælustu húsbílarnir í dag

Hobby húsbílar

Ford 500 VAN, T 600 og T 650

Komið og skoðið þessa bíla hjá okkur yfir helgina, kynnið ykkur verð og greiðslukjör

Opnunartími:
Virka daga 10 – 18
Laugardaga og sunnudaga 13 – 16

Hobbyhúsið ehf – Dugguvogi 12 – 104 Reykjavík – s: 517 7040 – www.hobbyhusid.is

GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

Góð vika fyrir ...

Láru Ómarsdóttur.

Hún sagði upp störfum á Fréttastofu Stöðvar 2 eins og frægt er orðið. En Lára var ekki lengi atvinnulaus. Tilboðin streymdu inn og Lára gat valið úr störfum. Hún er nú upplýsingafulltrúi hjá Iceland Express. Jónas Kristjánsson, fyrrum ritstjóri, hefur þann hátt á að atyrða alla blaðamenn sem leggja fyrir sig þann starfa og telja þá svikara. En Lára, líkt og aðrir sem róa á þau mið, hefur ráð á að gefa lítið fyrir slíkar athugasemdir því hún er á helmingi hærra kaupi sem upplýsingafulltrúi en sem fréttamaður en Jónas hefur ekki, svo vitað sé, gert neitt til að hefja blaðamennskuna uppúr því hjólfari að teljast láglaunastarf.

Jóhönnu Sigurðardóttur.

Hennar tími er svo sannarlega kominn. Meðan allt er í kaldakoli og stjórnmálamenn flestir súpa seyðið af því með tilheyrandi óvinsældum og bölmóði ... þá blómstrar Jóhanna. Í nýrri könnun Capacent er hún vinsælasti ráðherrann en 60 prósent landsmanna eru ánægð með störf hennar.

Þórunni Sigurðardóttur.

Hún er nú að láta af störfum sem stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík til þess eins að setjast í stjórn EFA – European Festival Association – á aðalfundi samtakanna sem haldinn var í Antalya í Tyrklandi. Löngu er tímabært að Þórunn láti til sín taka í menningunni á heimsvísu.

Slæm vika fyrir ...

Guðlaug Þór Þórðarson.

Það að taka að sér heilbrigðisráðuneytið hefur sýnt sig í því að vera hálfgert pólitískt sjálfsmorð. Og það virðist eiga við um Guðlaug Þór sem og aðra. Hjúkrunarfræðingar keyrðu Gulla út í horn sem sá þá einu leið út að fallast á allt sem þeir höfðu fram að færa. En það sem ekki drepur mann... styrkir mann.

Einar Benediktsson, forstjóra Olís, og reyndar aðra olíufursta.

Eins og þeir séu ekki búnir að þola nóg vegna samráðsins – hæddir og spottaðir – en, nei. Sigurður trésmiður Hreinsson frá Húsavík lætur sér ekki segjast og höfðaði mál gegn Keri, áður Olíufélaginu, og hafði sigur. Fimmtán þúsund í skaðabætur er kannski ekki stór biti en Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitafélaga, skorar á sveitarfélög landsins að fylgja fordæmi Sigga smiðs. Og þá gæti nú farið að muna um. En, eins og Davíð segir, það eru alltaf neytendur sem borga brúsann á endanum.

Andrés Magnússon.

sem hefur tekið að sér, eftir að Ólafur Teitur Guðnason hvarf af Viðskiptablaðinu til betur launaðra starfa hjá Straumi, að vera samviska blaðamannastéttarinnar. Eða eins og segir í síðasta pistli þar sem Andrés vandar almennt um við blaðamenn: „... mikilvægt [er] að menn varist að blanda saman fréttaflutningi og málflutningi...“ Í pistlinum rekur Andrés meðal annars meint afglöp Láru Ómarsdóttur á ferli hennar, til dæmis að hún hafi látið þess ógetið í frétt Stöðvar 2 af verðkönnun í ritfangaverslunum þar sem Office One kom best út að hún að hún var áður verslunarstjóri þar. Meinið er að Lára var aldrei verslunarstjóri hjá Office One, hún starfaði áður hjá Griffli, Pennanum sem og Office One þaðan sem hún var reyndar rekin. Þannig að ef Andrés telur að blaðamenn miði fréttaflutning sinn ávallt við persónulegan hag og/eða pólitískar skoðanir á það ekki við um Láru í þessu tiltekna dæmi. Hvernig var þetta með glerhúsið?

KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON SKRIFAR FRÁ BERLÍN

Evrópska eggið

Fjarlægðin fegrar næstum allt, en gerir aðra hluti fyndnari en ella. Einir 2.390 kílómetrar duga í það minnsta lítið til að fegra atvinnubullara, en það má flissa yfir þeim. Í umræðuþætti Íslands fara þeir gjarnan með gamanmál og undarlegar staðhæfingar sem sjaldan eru sannreyndar. Því þetta á fyrst og fremst að vera skemmtilegur þáttur. Sem hann er. Við sjáum hann stundum hér í tölvunni.

Á dögunum mættu þar tveir úr stjórnarandstöðu og tvö úr stjórn. Þau ræddu landbúnað og innflutning á kjöti, en fjölskyldan hafði þá nýlokið við að innbyrða þýskar pylsur og léttsteikt egg.

Þingmaður skammsýnna bænda var brúnaþungur enda með áhyggjur af því að einhverjir dýralæknar hefðu sannað að lífshættulegir sjúkdómar myndu fylgja kjötmetinu. Hann var ekki spurður nánar út í það þótt hann virtist á svipinn vita upp á sig bullskömmina. Enda brostum við út í annað hér í stofunni.

Reyndari þingmaður lét þá sitt ljós skína og setti vikt í húmorinn: Segðu mér, Egill, hvers vegna heldur þú að aldrei sé boðið upp á linsoðin egg á hótelum í Evrópu? Lét svo í veðri vaka að það væri vegna einhverrar sýkingarhættu og pestardjöfla. Nú var brosið orðið breitt í stofunni.

Meðan háttvirtur malaði, þá eins og endurhljómaði á bak við hann vaðallinn bráðfyndni um gæði íslensks landbúnaðar og bestu bænda í heimi. Þetta ósagða bull líkamnaðist svo í munni menntamálaráðherra sem fór að tala um íslenskar mjólkurvörur. Sannarlega bestar í heimi! Það var hlegið upphátt í stofunni.

Hér í Germaníu hefur fjölskyldan nefnilega dvalist í nokkrar vikur og er orðin nokkuð örugg um að þýsk matvara sé ekki eitruð.

Sérstaklega eru mjólkurvörurnar reyndar gómsætar, hvað svo sem ráðherrann segir. Smjörið er til dæmis afburðagott og betra en ódýra írska smjörið. Góðar eru og annarra þjóða afurðir; danska sultan, spænsku tómatarnir og brauðið, ostarnir frá Grikkja- og Tyrkjalandi og allt það.

Og við borðum gjarnan léttsteikt og líttsoðin egg. Þau eru kölluð lífræn og eru ódýr. Þá hugsum við til þingmanna sem ekki hafa komið til útlanda eða ekki skilið matseðilinn á hótelinu. Og við flissum einsog fífl.

HELGARKROSSGÁTAN

					115 MP & BH	VEGSAMA	VÍN		EINATT	ÓBUNDIÐ	TVEIR EINS	SÓT						
					ÚR HÓFI			ÓHEILINDI / GILDRA										
					ÞRAUT-SEIGJU / KVEÐJA						AÐ		ÖNGLA	SMÁBÁTUR	KRINGUM			
	TÓNLEIKAR	SNÆDDI	SKIKI	PERSÓNU-FORNAFN					HLÍFÐAR-FLÍK / SETT									
HRÆRI-GRAUTUR / RASS						GÖLTUR / REYKUR				1		LENGJA / BEKENNA						
				LEIRBORIÐ SVÆÐI						KATTARDÝR / STAÐAL-GILDI					BARRTRÉ			
TRÉ		ÁVÖXTUR / LYGN					TÁLBEITA / FRÁ				KAPPSAMT / NAUTNA-MEÐAL							
				BERGMÁLA / MÁTTUR	2			SJÚGA / ÞVÍ NÆST				3		TVEIR EINS / YFIRRÁÐA			
GLOPPA					ÞAKBRÚN / ALKYRRÐ				STILLA / ÆSA				DÝRAHLJÓÐ / TVÍHLJÓÐI					
TVEIR EINS			FLEY				BUMBA / HRAP					ANGRA / LÁÐ					TÆPLEGA	
JÖTUN						HUNGUR-VESÖLD / VAFI				SÍLL / SVELG					SKJÖN			
				KIRNA				TÍMABIL / Í RÖÐ				4	KERALD / TÍMAEINING					
											NÆÐI							
				BRUNNUR					FURÐA SIG Á									

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

GOTT Á HAUS

NOTUM HJÁLM

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0763

Reykjavíkurborg

UMFERÐARSTOFA

EIMSKIP

Háskólasetur Vestfjarða
University Centre of the Westfjords

Í samstarfi við:
Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri

Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun

Meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun býr nemendur undir að takast á við eitt af mest knýjandi viðfangsefnum framtíðarinnar, nýtingu og stjórnun auðlinda.

Kennsla fer fram á Ísafirði við Háskólasetur Vestfjarða en námsleiðin er í samstarfi við Háskólann á Akureyri.

Nánari upplýsingar: www.hsvest.is

Umsóknarfrestur: 5. júní 2008

STUÐ MILLI STRÍÐA Spínat og vatn í öll mál

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR ER MEÐ ÓLUND Í AÐHALDI

Við hjónin erum víst komin í aðhald. Réttara sagt er það hann sem er kominn í aðhaldið og þar sem hann eldar kemst ég ekki hjá því að vera með.

Við höfum oft ákveðið þetta áður en hugur hefur sjaldan fylgt máli. Mittismálið hefur jafnvel stækkað í þessum tilraunum heldur en hitt. Þá hef ég iðulega kennt þvottadrengnum um lélegan árangur minn. Sakað hann um að lauma rjóma og smjöri í matargerðina og það með réttu. Hef samt ekki neitað mér um kræsingarnar fyrst þær eru komnar á borðið, bara verið með ólund.

En nú eru blikur á lofti. Þvottadrengurinn tekur aðhaldið traustum tökum og matseðill heimilisins er eftir því. Skraufþurrar kjúklingabringur með spínatblöðum fimm daga vikunnar og vatn með. Engir eftirréttir leyfilegir né heldur kvöldsnakk eða kók. Nú eiga kílóin aldeilis að fjúka.

Auðvitað hef ég þörf fyrir aðhaldið og ætti að gleðjast yfir því að fá kolvetnasnauðar máltíðir framreiddar á hverjum degi. Enda gladdist ég líka til að byrja með. Hvatti þvottadrenginn til dáða þar sem hann fór hamförum í eldhúsinu. Henti í ruslið sælgætisbirgðum og gosi og fyllti öll nýju Tupperware-boxin af tómötum og gúrkum. En nú er ég orðin svöng.

Garnirnar gaula allan liðlangan daginn. Ég á erfitt með að festa svefn á kvöldin vegna hungurs og dreymir eintóma súkkulaðimola og rjómabollur. Líkaminn er í sjokki og mótmælir þessu harðræði af öllum kröftum. Ég er syfjuð í vinnunni, kraftlaus í húsverkunum og lyppast niður fyrir framan sjónvarpið að kvöldi dags. Ef ég var með ólund yfir kræsingunum sem trufluðu mittismálið áður þá er ólundin enn meiri nú. Ég sakna tíma smjörsteiktra sveppa og rjómalagaðra eftirrétta og að sjálfsögðu kenni ég þvottadrengnum um.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

NÚ Á 2 STÖÐUM

RAFVÖRU MARKAÐURINN

GARÐVÖRUR

Fellsmúla - Reykjavík
Njarðarbraut - Reykjanesbæ

9594
HÁÞRÝSTIDÆLA 60 BAR

10.794
HÁÞRÝSTIDÆLA 100 BAR

2495
SLÁTTUORF 200W

7995
SLÁTTUORF 500W

19.990
SLÁTTUORF, BENSÍN

11.988
LAUFSUGA

6950
ÚÐABRÚSI 15L

2459
ÚÐABRÚSI 5L

7995
HJÓLBÖRUR - VANDAÐAR

1995
STUNGUSKÓFLA

1399
GARÐHRÍFA

2399
GAFFALL

795
STRÁKÚSTUR

12.990
KEÐJUSÖG, RAFMAGNS

27.995
SLÁTTURVÉL, BENSÍN - 1800W

15.950
SLÁTTURVÉL, RAFMAGNS

239
GARÐHANSKAR

FRÁ: **119**
VINNUHANSKAR

5900
HEKKKLIPPUR, RAFMAGNS

299
GARÐKLÓRA

299
GARÐSKÓFLA

594
GRASKLIPPUR

828
GREINAKLIPPUR - 2 STK.



563
GREINAKLIPPUR

2200
FJÖLTENGI, VATNSÞÉTT M/ 4 TENGLUM

SNÚRUKEFLI, RAKAÞOLIN ÝMSAR GERÐIR

948
SLÖNGUTENGJASETT - 4 HLUTIR

191
SLÖNGUTENGI



1495
GARÐÚÐARI

11.994
SLÖNGUKEFLI

1668
GARÐSLANGA MEÐ STÚT OG TENGJUM

Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

RAFVÖRU MARKAÐURINN

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
NJARÐARBRAUT 11A - REYKJANESBÆ - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA

Mánud. til föstud. kl 9 - 18
Laugard. kl 10 - 17
Sunnud. kl 12 - 16

DAGUR HARMONIKUNNAR

Tónleikar Harmonikufélags Reykjavíkur verða haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag, laugardag, kl. 14:00.
Flytjendur eru: Harmonikusnillingurinn Vadim Fjodrov, nemendur Vadims og hljómsveitir Félags harmonikuunnenda á Suðurnesjum, Harmonikufélags Selfoss og Harmonikufélags Reykjavíkur.
Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



HARMONIKUBALL
í kvöld kl. 22:00
í Húnabúð, Skeifunni 11 Reykjavík.
Allir velkomnir.
Aðgangseyrir: kr. 1.500.

Harmonikufélag Reykjavíkur

Kynjaskepnur vaktar til lífsins

Sýning á myndskreytingum eftir Jón Baldur Hlíðberg opnar í menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag. Viðfangsefni myndanna eru íslenskar kynjaskepnur úr þjóðsögum, en með sumrinu koma myndskreytingar Jóns út á bók á vegum Forlagsins ásamt texta eftir Sigurð Ægisson, þjóðfræðing og sóknarprest á Siglufirði.

Bókin ber sama titil og sýningin, Kynjaskepnur, en í henni er fjallað um náttúrufræði íslenskra þjóðsagnadýra. Jón hefur talsvert unnið myndskreytingar fyrir náttúrufræðibækur á borð við Íslenska fugla og Íslensk spendýr og því kom víðtæk þekking hans á dýrafræði að góðum notum við myndlýsingu þessara dularfullu dýra sem enginn hefur séð í raun og veru. „Ég kaus að nálgast þessi dýr eins og raunverulegar skepnur. Ég hafði fram að þessu unnið flestar dýramyndskreytingar mínar eftir raunverulegum fyrirmyndum, en það var náttúrulega ekki hægt í þessu tilfelli. Ég kynnti mér því afar vel allar lýsingar á tilteknum kynjaskepnum og þó að þeim bæri ekki allt af saman reyndi ég að finna rauða þráðinn í þeim og ímynda mér dýrið út frá því. Aftur á móti forðaðist ég sem heitan eldinn að gera einhver ógurleg skrímsli úr þessum skepnum, enda gáfu sögurnar ekki oft tilefni til þess," segir Jón.

Á sýningunni má sjá myndir af framandi skepnum á borð við skoffín, urðarkött, hrosshval, loðsilung og öfugugga. En hvernig í ósköpunum kviknaði sú hugmynd að gefa út náttúrufræðibók um þessi goðsagnakenndu dýr? „Ég hef töluvert unnið sem leiðsögumaður og hef í því starfi reynt að miðla til fólks sögunum af þessum dýrum. Margt fólk kannast ekkert við þessi dýr, enda þykja sumum þjóðsögurnar þar sem þau koma fyrir óaðgengilegar og erfiðar. Mig langaði til að vekja þessar skepnur aftur til lífsins í meðvitund þjóðarinnar og fékk því hugmyndina að bókinni. Myndskreytingar mínar sækja í náttúrufræði, en textinn hans Sigurðar stendur föstum fótum í þjóðfræði. Þannig reynum við að færa þessar gömlu sögur inn í nútímann og koma þeim aftur á dagskrá."

Sögur af kynjadýrum vekja alltaf nokkurn áhuga almennings, enda framandi og spennandi. Jón telur að slíkar frásagnir eigi sér þó rökréttar útskýringar. „Það koma reglulega ýmis flækingsdýr hingað til lands; síðast í fyrra sást til leðurskjaldböku í sjónum skammt frá landi. Það má því leiða líkur að því að fólk hafi fyrr á öldum rekist á ýmis dýr sem það kannaðist ekki við og búið til sögur um þau. Það er ekki þar með sagt að fólk hafi trúað hverju sem er þá, frekar en í dag, en þessar sögur höfðu ótvírætt skemmtanagildi á tíma þegar ekki var mikið um afþreyingarefni."

Sýningin Kynjaskepnur stendur til 7. september og vert er að geta þess að þeir Jón og Sigurður, höfundar fyrrnefndrar bókar, verða með leiðsögn um sýninguna kl. 15.30 í dag.

vigdis@frettabladid.is

SELAMÓÐIR Ein af myndskreytingum Jóns Baldurs Hlíðbergs á sýningunni Kynjaskepnur.

Salurinn

LAUG. 2. OG SUNN. 3. MAÍ
HVERS VIRÐI ER ÉG?
GAMANLEIKUR UR SMIÐJU BJARNA HAUKS ÞÓRSSONAR

LAUGARDAGUR 3. MAÍ KL. 14
SELLÓTÓNLEIKAR TR
ÁSTA MARÍA KJARTANSDÓTTIR

LAUGARDAGUR 3. MAÍ KL. 17
FIÐLUTÓNLEIKAR LHÍ
JOAQUIN PALL PALOMARES

SUNNUDAGUR 4. MAÍ KL. 13
LÚÐRAHLJÓMUR
SKÓLAHLJÓMSVEIT KÓP. OG BLÁSARASVEIT ÁRNESS.

SUNNUDAGUR 4. MAÍ KL. 16
PÍANÓTÓNLEIKAR LHÍ
HELENE INGA STANKIEWICZ

SUNNUDAGUR 4. MAÍ KL. 20
TÍBRÁ: SÖNGTÓNLEIKAR
HRAFNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR OG MARTYN PARKES

MÁNUDAGUR 5. MAÍ KL. 18
VORTÓNLEIKAR FJÖLMENNTAR

ÞRIÐJUDAGUR 6. MAÍ KL. 20
FIÐLUTÓNLEIKAR
GEIRÞRÚÐUR ÁSA GUÐJÓNSDÓTTIR

MIÐVIKUDAGUR 7. MAÍ KL. 20
TÍBRÁ: TRÍÓ ROMANCE
VORSTEMNING OG GLEÐI

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS

Trompettónar óma

Danski trompetleikarinn Per Nielsen heldur tónleika í Langholtskirkju í dag kl. 15 ásamt píanóleikaranum Carl Ulrik Munk-Andersen.

Nielsen er einn virtasti tónlistarmaður Dana og nýtur tónlist hans að auki nokkurra vinsælda þar í landi. Hann útskrifaðist árið 1973 frá Konunglega tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn og starfar sem sólótrompetleikari við Suður-jósku sinfóníuhljómsveitina. Hann hefur gefið út 14 geislaplötur með trompetleik sínum sem selst hafa í yfir 350.000 eintökum.

Á tónleikunum í dag fær Nielsen til liðs við sig Kammerkór Langholtskirkju undir stjórn Jóns Stefánssonar, en með honum syngur kórinn meðal annars Laudate Dominum eftir Mozart og Slá þú hjartans hörpustrengi eftir J. S. Bach.

- vþ

LANGUR LAUGARDAGUR
í Máli og menningu í dag

15:00 **Anna Jónsdóttir** sópran flytur lög af nýrri plötu sinni Móðurást við undirleik Sigríðar Freyju Ingimarsdóttir píanóleikara.

15:30 Dansdúettinn **Fiskur og Björn** flytja nýtt dansverk sitt „Bækur og Blóð"; átakamikið verk um lestur, hatur og bækur.

16:00 Hljómsveitin **Hjaltalín** flytur nokkur lög af plötu sinni Sleepdrunk Season.

Í tilefni tónleikanna verða diskar Hjaltalín og Önnu á sérstöku tilboðsverði í búðinni.

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

PENZIM

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana

Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND

Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is

INNRÉTTINGAR Í ELDHÚS · BAÐHERBERGI · SVEFNHERBERGI · ÞVOTTAHÚS

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Af hverju að borga meira?

Settu það saman er sniðið að þörfum þeirra sem vilja sjálfir setja upp eigið eldhús, en um leið njóta gæðanna.

ALLT AÐ **20% afsláttur** af hágæða AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH eldhúsinnréttingar.

Nýr glæsilegur bæklingur

ORMSSON

SMÁRALIND · SÍMI 530 2907 / 530 2908

ORMSSON ÁRVIRKINN, SELFOSSI · SÍMI 480 1160

ORMSSON AKUREYRI · SÍMI 461 5003

>FER SLIMANE TIL DIESEL?

Ofurhönnuðurinn Hedi Slimane yfirgaf tískuhúsið Dior í mars eftir rifrildi við yfirmenn fyrirtækisins Louis Vuitton Moet Hennessy. Hann hefur þó sést undanfarið á fundum með stjórnarformanninum Bernard Arnault og sögur eru uppi um að hann taki mögulega við hönnun á Diesel-merkinu eða hanni sérstaka Hedi Slimane línu fyrir Diesel. Ítalska merkið, sem er þekktast fyrir gallabuxur, hefur ekki svarað sögunum enn sem komið er.

stíll

utlit@frettabladid.is

... fallega opna rauða skó fyrir sumarið frá Sonia Rykiel. Fást í KronKron, Laugavegi.

... glamúrgleraugu sumarsins frá Dior. Fást í Gleraugnasmiðjunni, Kringlu og Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...

... armband sem myndi sæma egypskri drottningu frá Mawi, fæst í Systrum, Laugavegi.



DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

Anna Margrét Björnsson

Veturinn kveður

Nú er vorið virkilega komið á Íslandi þrátt fyrir að sumarið sé væntanlega komið á flestum öðrum stöðum jarðkringlunnar. Það er því vert að fara að rýma fataskápinn af allra hlýjustu flíkunum og kápunum og fara að spá í hvað gengur í ellefu stiga hita í maímánuði. Það virðast tvær meginstefnur ríkja varðandi sumartískuna og báðar eru blessunarlega lausar við of mikla pastel- og hörstemningu. Sú fyrri einkennist af mynstruðum kjólum og flíkum, gjarnan með blóma-mynstrum eða jafnvel einskonar málningaræfingum og batik. Þrátt fyrir að það kunni að hljóma hræðilega þá er þetta bara skemmtilega rómantískt og kvenlegt og upplagt að blanda þessu við svart til að gefa því aðeins grófara yfirbragð. Hin stefnan er rokkabillílúkkið sem er auðvitað alltaf svalt en kemur sterkt inn í sumar í formi stuttra leðurjakka sem eru settir við annað hvort buxur og bol eða kvenlegan kjól með víðu pilsi. Ökklastígvél og/eða ökklasokkar og svartur blautur eyeliner fullkomna svo lúkkið. Mér finnst alveg af og frá að konur fari að tína upp litríkar sumarflíkur í túrkísbláum, skærbleikum eða appelsínugulum tónum svo snemma sumars og reyndar finnst mér þessir litir aðeins ganga á suðrænum slóðum þar sem birtan er öðruvísi. Á landi þar sem er alltaf hálfgerður stinningskuldi finnst mér mun smartara að halda sig við hlutlausa litapallettu og poppa hana til dæmis aðeins upp með litríku veski eða klút. Ekkert finnst mér heldur kuldalegra áhorfs en að sjá stúlkur hlaupa um eftir miðnætti um götur miðborgarinnar berleggjaðar þrátt fyrir að það sé eðlilegt í öðrum evrópskum borgum. Hér heima er þetta bara ávísun á bláa fótleggi og blöðrubólgu. Prufið eitthvað dálítið öðruvísi við svartar leggings eða buxur, sokkar eru alltaf skemmtileg lausn, til dæmis hvítir blúndusokkar við himinháa hæla og svartar leggings eru í Prada-andanum og berist með „attitjúd.“ Það er í hæsta máta hægt að bera tásurnar við flottar síðbuxur ef þær eru fallega rauðlakkaðar. Hvað skótau varðar þá er auðvitað um að gera að njóta þess að slabbið sé loksins horfið á braut og nota alla fallegu hælaskóna sem maður á, nú, eða skella sér í ballerínuskó sem eru sætasti fótbúnaður sumarsins. En allavega, eins og vanalega gildir reglan minna er meira í sumar, að minnsta kosti þangað til að við fljúgum til fjarlægra stranda þar sem túrkisbikiníið og gullskórnir munu slá í gegn.

LOÐFELDUR Fallegur kolagrár feldur með fyrirferðarmiklum öxlum og bleikum linda í mittið.

PÚFF-AXLIR Dimmblár kjól sem minnir á dúnúlpu frá Giles.

BRESKIR HÖNNUÐIR SÝNA HINN NÝJA FÓKUS KVENLÍKAMANS:

STERKAR HERÐAR

Breiðar axlir hjá fatahönnuðum hafa ekki komið sterkar inn síðan á níunda áratugnum. Breskir hönnuðir eins og Giles, Gareth Pugh og Louise Goldin leyfðu öxlum að vera umfangsmiklar fyrir haust og vetur 2008, sem lætur mitti og mjaðmir líta út fyrir að vera agnarsmáar. Að vissu leyti minntu fötin líka á framtíðarmyndir eins og Blade Runner. Konur skulu sumsé sýna sterku hliðarnar næsta haust.

amb@frettabladid.is

GEIMVERULEGT Framúrstefnuleg klæði í nýgotneskum stíl frá Gareth Pugh.

FELDUR OG FIÐUR Stórfenglegur svartur jakki frá Giles fyrir haust/vetur 2008.

TÖFF Grátt vesti með miklum herðum við gráar aðsniðnar buxur frá Giles.

GLAMÚR Glæsilegur koparbrúnn kvöldkjóll með fallegri bróderaðri herðaslá frá Roksöndu Ilincic.

fyrir

3 2

Útsölumarkaður Next í fullum gangi í Skeifunni 17!

Ótrúleg verð! Þú tekur 3 flíkur en borgar aðeins fyrir 2 - á 40% afslætti!

Ódýrasta flíkin fylgir með.

Fyrstir koma fyrstir fá!

Opið mán.- föst: 12 - 18 · Lau: 12 - 18 · Sun: 13 - 17

next

> VISSIR ÞÚ?

Enska orðið yfir milljónamæring var fyrst notað af rithöfundinum Benjamin Disraeli í skáldsögu hans, Vivian Grey, sem kom út árið 1826. Bókin fjallar um samnefnda söguhetju sem reynir að klífa metorðastigann í bresku stjórnmálalífi.

fólk

folk@frettabladid.is

Rauður dregill hjá FM957

Hlustendaverðlaun FM 957 verða afhent í tíunda sinn í Háskólabíói í kvöld og verður athöfnin í beinni útsendingu á Stöð 2 og Visir.is, auk þess sem henni verður útvarpað beint á FM 957.

Allt fram að hátíðinni munu þeir Brynjar Már og Heiðar Austmann taka púlsinn á helstu poppurum landsins í útvarpinu og fara yfir tilnefningarnar og hátíðina í heild sinni. Rauðum dregli verður síðan rúllað fram fyrir hina tilnefndu eins og undanfarin ár. „Þetta er ofboðslega stórt skref fyrir okkur. Við erum að fara í þúsund manna sal og ætlum að hafa þetta á laugardagskvöldi. Síðan höfum við aldrei verið í beinni á Stöð 2 og það í opinni dagskrá, en ég er rosalega ánægður," segir Brynjar Már, sem játar að stressið hafi verið mikið undanfarnar vikur.

Alls verða níu verðlaun afhent í kvöld og eins og nafn keppninnar gefur til kynna eru það hlustendur FM 957 sem velja sigurvegarana og kemur engin dómnefnd þar nærri.

- fb

BRYNJAR MÁR VALDIMARSSON Tónlistarstjóri FM 957 á von á skemmtilegu kvöldi í Háskólabíói.

Guðni inn í 21. öldina

„Já, hálfsmánaðarlega fer ég til Ingva Hrafns. Hann rekur þessa stöð, ÍNN. Skammast, held hugsjónaræður og tala við þjóðina," segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins og fyrrum landbúnaðarráðherra.

Guðni hefur nú tekið tæknina í sína þjónustu. Er kominn á netið með þætti sína „Guðni af lífi og sál". „21. öldin er komin inn í mitt líf," segir Guðni en hafnar því aðspurður að stjórnarandstaðan þurfi meira á tækninni og tölvusamskiptum að halda en þeir sem sitja í stjórn. „Menn tóku reyndar eftir því þegar ég var ráðherra að ég var aldrei í tölvunni. Ég vildi frekar tala við fólkið. En, ég kann nú eitthvað á tölvu og sendi SMS í símann."

Guðni heldur sínar ræður blaðlaust á ÍNN. Í um tuttugu mínútur. Og kemur víða við. Allt frá því að skamma Geir H. Haarde forsætisráðherra til þess að fara með ljóð. „Já, í síðasta þætti. „Blessuð sólin, elskar allt, allt með kossi vekur ..." Í tilefni vorkomunnar og þess að ég hafði verið að ganga á Gróttu."

- jbg

GUÐNI ÁGÚSTSSON Vorhugur er kominn í Guðna sem nú hefur tekið tæknina í sína þjónustu.

ORLOF 2008

Lágmarksorlof er **2 dagar** fyrir hvern unnin mánuð, eða **24 virkir dagar** á ári.
Lágmarksorlofslaun eru **10.17% af öllum launum**.

Eftir 5 ár í rafgreinum er orlof 25 virkir dagar og orlofslaun 10,64%.
Eftir 10 ár í rafgreinum er orlof 27 virkir dagar og orlofslaun 11,59%.
Eftir 5 ár hjá sama fyrirtæki er orlof 28 virkir dagar og orlofslaun 12,07%.
Eftir 10 ár hjá sama fyrirtæki er orlof 29 virkir dagar og orlofslaun 12,55%.

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2009 breytast 29 dagar í 30 daga og orlofsprósentan í 13,04%.

Starfsmaður sem öðlast hefur aukinn orlofsrétt vegna starfs hjá sama vinnuveitanda öðlast hann að nýju hjá nýjum vinnuveitanda eftir þriggja ára starf.

Á sumum sérsamningum RSÍ er 6 daga vetrarorlof og þá er sumarorlof 24 dagar.

Ef rafiðnaðarmaður er í orlofi og er ræstur út getur hann hafnað útkalli eða sett fram sérstakar launakröfur.

Orlofsuppbót 2008 er kr. 24.300
Iðnemar fá nú sömu orlofs- og desember uppbót og aðrir.

Orlofsprósenta vegna yfirvinnu **breytist 1. febrúar 2008**.

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS
Stórhöfða 31, 110 Reykjavík. Sími: 580-5200. wwwrafis.is

Bítnikkar í heimsókn hjá Óla Gunn

Rithöfundurinn Ólafur Gunnarsson býður til mikillar og trylltrar veislu á Stóru-Klöpp. Meðal gesta eru Hilmar Örn og Einar Kárason.

„Helter Skelter is coming down fast, sungu Bítlarnir í eina tíð og það eru orð að sönnu. Bít-hátíðin á Stóru-Klöpp er að ríða yfir. Bít-skáldið og trúbadorinn Ron Whithead kom til landsins í gær og í fylgd með honum Scott Mertz úr bandinu Southside Lounge," segir Ólafur Gunnarsson rithöfundur.

Ólafur kann sér vart læti því í kvöld verður sett mikil hátíð að heimili hans að Stóru-Klöpp og drífur þegar að mikinn hóp bítnikka. Ólafur Gunnarsson er mikill áhugamaður um bítskáldin, undir miklum áhrifum frá þeirri stefnu og þýddi til dæmis eitt höfuðrit bítskáldanna eða Á vegum úti eftir Kerouac. „Ron mun setja hátíðina með því að segja nokkur deili á Bít-kynslóðinni en síðan munu þeir Ron, Michael Pollock og Scott skella sér í músíkina. Ron sér um söginn, Michael um rafmagnsgítarinn en Scott mun seiða fram tóna úr munnhörpu. Hinn kunni sellóleikari Dean Farrell kemur fram með hópnum," segir Ólafur þegar kominn í bíttaktinn.

Fleiri gestir munu sýna takta, þar á meðal sjálfur allsherjargoðinn Hilmar Örn Hilmarsson, að sögn Ólafs: „Tveir Norðurlandamethafar í bókmenntum heiðra hátíðina, Sjón og Thor Vilhjálmsson. Hinn síðarnefndi mun lesa nokkur ljóð frumort á ensku. Jónsi, söngvari Sigur Rósar, er væntanlegur og Birgitta Jónsdóttir skáldkona mun lesa nokkur ljóð. Stórskáldið Einar Kárason mun troða upp og jafnvel er von á óvæntum gestum."

Loks verður lagður eldur í bálköst. Ólafur segir alla velkomna á hátíðina og lofar grilluðum pylsum. Til að komast að Stóru-Klöpp, heimili Ólafs, er ekið upp að „Gas-Hól" við Rauðavatn, þar sem átökin urðu nýverið milli vörubílstjóra og lögreglu. Síðan er fimm mínútna akstur í austur (í áttina að Hveragerði) að Stóru-Klöpp.

- jbg

BÍTNIKK Ólafur þýddi höfuðverk Jack Kerouac, Á vegum úti, og blæs til bítnikk-veislu í kvöld.

ÓLAFUR GUNNARSSON Búast má við miklu fjöri heima hjá honum í kvöld en þangað hefur Ólafur boðað fjölda bítnikka til veislu – og eru allir velkomnir.



TOM CRUISE Cruise hagaði sér sómasamlega við tökur á spjallþætti Opruh Winfrey í Chicago fyrir skömmu.

Yfirvegaður hjá Oprah

Tom Cruise hagaði sér sómasamlega við upptökur á spjallþætti Opruh Winfrey í Chicago á dögunum. Síðast þegar Cruise mætti í heimsókn til Opruh hoppaði hann niður úr sófanum hennar og lét öllum illum látum. Vakti athæfið heimsathygli og töldu margir að Cruise væri búinn að tapa glórunni er hann lýsti yfir ást sinni á Katie Holmes, sem hann síðar kvæntist.

Í þetta sinn var Cruise rólegur og yfirvegaður og svaraði spurningum Opruh á afslappaðan hátt. Þegar gert var hlé á útsendingum talaði hann við áhorfendur og var hinn elskulegasti.

PERLURUGL!

ÚTIVISTAR, TÍSKU OG SKÓMARKAÐURINN

Í PERLUNNI

STENDUR TIL 11. MAÍ

- OPIÐ FRÁ 12:00 - 18:00 ALLA DAGA

GRÆJAÐU ÞIG UPP FYRIR SUMARIÐ

66°Norður

Jakkar.....	2.000 – 4.500 kr.
Fleece.....	2.000 – 3.000 kr.
Dúnúlpur.....	7.000 kr.
Krakka flauelsbuxur.....	1.000 kr.
Krakka jakkar.....	2.000 kr.
Regnjakkar barna.....	1.000 kr.
Krakka peysur.....	1.000 kr.
Barna fleecebuxur.....	1.500 kr.
Vinnu fleecepeysur.....	500 kr.
Vinnuúlpur.....	3.000 kr.
Vind-jakki.....	[illegible]
Vind-buxur.....	[illegible]

Blend

Jakkar frá.....	3000 kr.
Peysur frá.....	1500 kr.
Skyrtur frá.....	1500 kr.
Bolir frá.....	1000 kr.
Buxur frá.....	2000 kr.
Kjólar frá.....	1500 kr.
Pils frá.....	1500 kr.

Í FULLUM GANGI

Skór

Herraskór frá.....	2000 kr.
Dömuskór frá.....	1000 kr.
Barnaskór frá.....	500 kr.
Ecco dömuskór frá. 5000 áður	11995 kr.
Dömustígvél frá..... 3000 áður	14995 kr.

BLENDShe

Kaupfélagið

66° NORÐUR

ecco

skór.is

BLEND

STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

ÁLFABAKKA		
IRON MAN DIGITAL	kl. 3D - 5:30D - 8D - 10:40D	12
IRON MAN	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:40 VIP	
MAID OF HONOR	kl. 1:30 - 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	L
DRILLBIT TAYLOR	kl. 1:30 - 3:30 - 5:40	10
IN THE VALLEY OF ELAH	kl. 8 - 10:40	16
FORGETTING SARAH...	kl. 5:40 - 8 - 10:20	12
SHINE A LIGHT	kl. 8 - 10:40	L
FOOL´S GOLD	kl. 1:30 - 3:30 - 5:40	7
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 1:30 - 3:30	L

KRINGLUNNI		
IRON MAN DIGITAL	kl. 3:30D - 6D - 9D - 10D	12
OVER HER DEAD BODY	kl. 1:50 - 3:40 - 5:50 - 8	7
P2	kl. 10:10	16
STÓRA PLANIÐ DIGITAL	kl. 4D - 6D - 8D	10
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 1:50	L
HANNAH MONTANA	kl. 2 (3D)	L

SparBíó 550kr á allar sýningar merktar með appelsínugulu

SELFOSS		
IRON MAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
FORGETTING SARAH...	kl. 5:45 - 8	12
21	kl. 10:30	12
HORTON ÍSL TAL	kl. 4	L
BUBBI BYGGIR ÍSL TAL	kl. 4	L

AKUREYRI		
IRON MAN	kl. 2 - 5 - 8 - 10:30	12
UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL	kl. 2	L
DRILLBIT TAYLOR	kl. 4 - 6	L
OVER HER DEAD BODY	kl. 8	7
THE RUINS	kl. 10	16

KEFLAVÍK		
IRON MAN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	12
SUPERHERO MOVIE	kl. 8	L
P2	kl. 10	16
DRILLBIT TAYLOR	kl. 3:30 - 5:45	L
BUBBI BYGGIR ÍSL TAL	kl. 3:30	L

SPESSI „ON THE ROAD“ Ljósmyndarinn snjalli er á leið til Sturges á eitthvert frægasta mótorhjólamót veraldar.

Ofursvalur Spessi á Harley

Hugsanlega kemur það einhverjum á óvart en einn fremsti ljósmyndari landsins er jafnframt forfallinn mótorhjólamaður.

„Þetta er eins og að vera kúreki. Frelsi. Að vera „on the road“ er staður og stund þar sem þú ert ósnertanlegur. Hjólar með vindinn í andlitið ... lyktin af ökrunum, nálægðin við malbikið. Engin skynsemi. Það er náttúrlega engin skynsemi að vera á mótorhjóli,“ segir ljósmyndarinn Spessi og gefst upp á að lýsa því hvaða tilfinning fylgi því að vera á mótorhjóli.

Þeir eru að skríða út á malbikið með vorinu mótorhjólamennirnir. Og einnig margir sem menn tengja ekki við mótorhjól. Spessi er einn þeirra. Ofursvalur á breyttu hjóli, Cooper, en það kallast hjól sem eru með langa gaffla. Spessi segist hafa átt skellinöðru sem unglingur en svo tók alvara lífsins við eins og gengur. Um þrítugt fékk Spessi sér Kawasaki 650, og ári síðar Yamaha sem líktist Harley Davidson. Sem var alltaf draumurinn. Svo var mótorhjólamennskan lögð á hilluna.

„Svo liðu fimmtán ár og ég var fenginn til að gera auglýsingu fyrir SS pylsur. Þar áttu að vera mótorhjólatöffarar og ég fór að leita á gömlum slóðum. Fann nokkra fúlskeggjaða Harley-karla. Tveimur dögum síðar fór ég í umboðið og keypti mér Harley, og hef átt þrjá síðan.“

Fyrst keypti hann sér Dyna Lowrider og seinna Night Train en á því hjóli fór hann vítt og breitt, meðal annars til Noregs á stórt mótorhjólamót. „Svo í lok sumars 2006 svínaði maður fyrir mig og ég inn í hliðina á honum,“ segir Spessi og vandar sofandi sauðum í umferðinni ekki kveðjurnar. Eftir tryggingastapp fékk hann peninga út úr slysinu, keypti nýja grind á hjólið og lét sérsmíða gaffla í Svíþjóð. Þá var hjólið orðið eins og Spessi vildi hafa það.

Þegar blaðamaður bendir Spessa, sem er í Harley Davidson-klúbbnum og ritstýrir að auki tímariti samtakanna, á að oft séu mótorhjólamenn ekki til fyrirmyndar í umferðinni með því að skjótast milli akreina segir Spessi sitthvað, „racer“-hjól og svo „Harley“: „Racer er adrenalíngræja en Harley er endorfín. Þetta er eins og að vera annars vegar á spítti og hins vegar á heróíni. Allt önnur stemning – held ég,“ segir Spessi sem hefur látið úða listaverk á bensíntank hjóls síns. „Venus úr málverki eftir Botticelli. Engar hauskúpur á mínu hjóli heldur ástin og stemningin.“

Spessi bendir á að hjól sitt megi skoða á sýningunni Bílar og sport í Fífunni um helgina. Sjálfur er hann svo á leið til Mekka mótorhjólamannsins, sem eru Bandaríkin. Nánar tiltekið liggur leiðin til Sturges í South Dakota. Sturges er 6.500 manna bær og á fimm dögum koma þangað hálf milljón manna á Harley Davidson. Bærinn stækkar í um tuttugu kílómetra radíus.” **jakob@frettabladid.is**

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 TILBOÐSVERÐ			REGNBOGINN SÍMI 551 9000 TILBOÐSVERÐ		
IRON MAN	kl. 2.40 - 5.20 - 8 - 10.40	12	MADE OF HONOUR	kl. 3 - 6 - 8.20 - 10.35	
MADE OF HONOUR	kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15		THE RUINS	kl. 8 - 10	16
MADE OF HONOUR LÚXUS	kl. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15		TROPA DE ELITE	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.20 ENSKURT	16
STREET KINGS	kl. 5.30 - 8 - 10.30	16	FORGETTING SARA MARSHALL	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 1 - 2.30 - 4		BRÚÐGUMINN	kl. 3 - 6 ENSKUR TEXTI	7
21	kl. 10	12			
SUPERHERO MOVIE	kl. 1 - 4 - 6 - 8	7			
HORTON	kl. 1 ÍSLENSKT TAL				

5%

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 TILBOÐSVERÐ			BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 TILBOÐSVERÐ		
MADE OF HONOUR	kl. 3 - 5.45 - 8 - 10.15		MADE OF HONOUR	kl. 8 - 10	
STREET KINGS	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	16	STREET KINGS	kl. 10	16
AWAKE	kl. 10		FORGETTING SARA MARSHALL	kl. 6 - 8	12
21	kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30	12	BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 3.20 - 4.40	
BRÚÐGUMINN	kl. 6 - 8 ÍSLENSKUR TEXTI	7	SUPERHERO MOVIE	kl. 6	7
			HORTON	kl. 4 ÍSLENSKT TAL	

5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is
FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR		
IRON MAN - POWER	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
FORGETTING SARAH MARSHALL	kl. 8 og 10.15	12
BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU	kl. 2, 4 og 6 - 550 kr.	L
DEFINITELY, MAYBE	kl. 8 og 10.15	L
SPIDERWICK CHRONICLES	kl. 2, 4 og 6	7
HORTON - ÍSLENSKT TAL	kl. 2 og 4	L

SparBíó 550kr
laugardag og sunnudag
SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

IRON MAN
KL. 3 Í ÁLFAB. KL. 2 Á AK. OG 5:30 Í KEFL.

OVER HER DEAD BODY
KL. 1:50 Í KRINGLUNNI

MADE OF HONOUR
KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

DRILLBIT TAYLOR
KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA OG KL. 4 Á AKUREYRI

KL. 1:30 Í ÁLF. KL. 1:50 Í KRINGL. OG KL. 2 Á AK.

HANNA MONTANA
KL. 2 Í KRINGLUNNI
ATH. SÝND Í 3-D

TILBOÐSVERÐ
SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ

KL.1 SMÁRABÍÓ KL. 4 BORGARBÍÓ
KL.3 REGNBOGINN
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ
KL.1 SMÁRABÍÓ KL.3 HÁSKÓLABÍÓ KL.3 REGNBOGINN
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3 REGNBOGINN
KL.1 SMÁRABÍÓ
KL.3 HÁSKÓLABÍÓ

Of gott frá Sesari í maí

Þriðja sólóplata rapparans Sesars A, Of gott, kemur út 20. maí. Platan átti upphaflega að koma út snemma í desember í fyrra en vegna ófyrirséðra atburða kom hún út í lok desember og því var útgáfunni frestað.

Sesar A vann plötuna með hléum samhliða því sem hann nam kvikmyndaleikstjórn og matreiðslu þegar hann bjó á Spáni. Lagið Hosur grænar er væntanlegt í spilun á næstunni auk þess sem myndband við lagið er á leiðinni. DVD-mynddiskur með heimildarmyndum og myndböndum er síðan væntanlegur með plötunni Of gott í viðhafnarútgáfu sem fer í dreifingu í sumar.

SESAR A Rapparinn Sesar A gefur út plötu sína Of gott hinn 20. maí næstkomandi.

Refsar ekki Kínverjum

Tónlistarmaðurinn will.i.am. úr hljómsveitinni Black Eyed Peas segir að sveitin ætli að spila í Kína í júní þrátt fyrir að listamenn hafi verið hvattir til að sniðganga landið vegna mannréttindabrota stjórnvalda.

will.i.am. segir að framkoma Kínverja gagnvart Tíbetbúum hafi verið slæm en finnst ekki rétt að refsa heilli þjóð fyrir hegðun ráðamanna. „Ef Bandaríkjamenn vilja virkilega láta sig málið varða eiga þeir að hætta að flytja inn kínverskar vörur og hætta að borga til baka skuldir sínar," sagði hann. „Menn vilja sniðganga Ólympíuleikana. En er rétt að refsa almenningi þegar hann hefur ekkert um það að segja hvernig málum er háttað?"

BLACK EYED PEAS Tónlistarmaðurinn will i.am. vill ekki refsa kínverskum almenningi.

BARÐI OG KEREN Barði Jóhannsson, forsprakki Bang Gang, og söngkonan Keren Ann spila á Listahátíð í Reykjavík.

Nýtt lag frá Bang Gang

Lagið I Know You Sleep af væntanlegri plötu hljómsveitarinnar Bang Gang er komið í spilun á flestum útvarpsstöðvum landsins. Einnig er hægt að heyra lagið á myspace-síðu sveitarinnar, Myspace.com/banggangband.

Fimm ár eru liðin síðan önnur plata Bang Gang, Something Wrong, kom út við góðar undirtektir. Auk nýju plötunnar er fleira framundan hjá Bang Gang því sveitin, ásamt frönsku söngkonunni Keren Ann, hefur verið valin til að spila á lokatónleikum Listahátíðar í Reykjavík með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Spila þau lög frá ferli beggja í útsetningum Þorvaldar Bjarna.

KEITH RICHARDS Gítarleikari Rolling Stones er ekki aðdáandi Davids Bowie.

Ekki hrifinn af Bowie

Keith Richards, gítarleikari Rolling Stones, hefur viðurkennt að vera ekki mikill aðdáandi Davids Bowie. Í viðtali við tímaritið Uncut sagði hann að Changes af plötunni Hunky Dory væri eina Bowie-lagið sem hann myndi eftir.

„Þetta snýst allt um að stilla sér upp fyrir myndavélarnar hjá honum. Þetta hefur ekkert með tónlist að gera og hann veit það sjálfur," sagði Richards. „Ég man ekki eftir neinu öðru lagi sem hefur fengið hárin á mér til að rísa."

Richards er um þessar mundir að kynna Rolling Stones-myndina Shine a Light, sem er sýnd í kvikmyndahúsum víða um heim.

ego dekor

Appolo hornsófi og skemill
Stærð: 280cmX220cm - Skemill: 100cmX75cm
Verð áður: 218.000,- -20% Verð nú: 174.400,-

Austria tungusófi
Stærð: 333cmX200cm
Verð áður: 188.000,- -20% Verð nú: 150.400,-

VORTILBOÐ Á SÓFUM
20-30% AFSLÁTTUR

Svefnsófi
Stærð: 280cmX185cm
Fáanlegur í dökkbrúnu og ljósbrúnu tweed áklæði
Verð áður: 187.000,- -20% Verð nú: 149.600,-

Madrid leðurtungusófi – EINGÖNGU Í BRÚNU LEÐRI
Stærð: 305cmX220cm
Verð áður: 258.000,- -30% Verð nú: 180.600,-

Grando 4 sæta sófi og skemill
Stærð: 290cmX93cm - Skemill: 87cmX70cm
Verð áður: 164.000,- -25% Verð nú: 123.000,-

4 sæta sófi og skemill
Stærð: 270cmX100cm - Skemill: 100cmX100cm
Fáanlegur í ljósbrúnu og rauðu tweed áklæði
Verð áður: 158.000,- -20% Verð nú: 126.400,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun 13:00-16:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is

FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR KEFLAVÍK 8. SÆTINU Í LANDSBANKADEILD KARLA 2008

> LYKILMAÐURINN

Simun Samuelsen sló rækilega í gegn með Keflavíkurliðinu síðasta sumar. Þessi eldfljóti og skemmtilegi Færeying-ur fær enn stærra hlutverk hjá Keflavíkurliðinu í sumar og þarf að vera leiðandi afl í sóknarleik liðsins. Simun skoraði sex mörk í Landsbankadeildinni síðasta sumar og lagði upp fleiri. Sim-un er metnaðarfullur leikmaður sem hefur hug á að fara í atvinnu-mennsku og hann reyndi meðal annars fyrir sér í Noregi í vetur en með takmörkuðum árangri.

Keflavík er spurningarmerki

Það er óhætt að segja að Keflavíkurliðið í sumar sé stórt spurningarmerki. Liðið hefur misst öfluga leikmenn á borð við Jónas Guðna, Kotilainen og Milisevic en fengið takmarkaðan liðsstyrk á móti.

Þar ber helst að nefna Patrick Redo sem kemur frá Fram en hann sló ekki beint í gegn í Safamýrinni. Jón Gunnar Eysteins-son kom síðan frá Fjarðabyggð.

Keflvíkingar virðast búa við þröngan fjárkost og þeir hafa neyðst til að selja marga af sínum bestu mönnum undanfarin ár.

Því hefur verið mætt með kaupum á erlendum leikmönnum en lítið hefur borið á slíku í vetur. Kristjáni Guðmundssyni þjálf-ara er því nokkur vandi á höndum og verður áhugavert að sjá hvernig honum tekst til með Keflavík í sumar. Það reynir virkilega á þjálfarann í sumar.

Sumarið í fyrra var rysjótt hjá Keflavík, liðið byrjaði vel en allur botn datt úr leik þess eftir stríðið mikla á Akranesi sem aldrei nokkurn tíma mun gleymast.

Þó svo að miðja liðsins hafi veikst mikið má ekki gleyma því að í liðinu eru reyndir og snjallir leikmenn á borð við Mete, Hall-grím Jónasson, Þórarin Kristjánsson, Simun Samuelsen og Guðmund Steinarsson.

Breiddin er aftur á móti lítil og ungu strákarnir þurfa að stíga upp ef Keflavík á að ná einhverjum árangri, sem og að forðast fallbaráttu sem liðið gæti hæglega lent í ef menn eru ekki til í slaginn.

> X-FAKTORINN

Miðjan hjá Keflvíkingum er stórt spurningarmerki. Keflavík missti akk-eri sitt, Jónas Guðna Sævarsson, til KR og áður hafði meðal annars Baldur Sigurðsson horfið á braut. Erfitt er að sjá hverjir eigi að leysa þessi hlutverk með sóma og gengi liðsins kemur að stóru leyti með því að ráðast á hversu sterk miðjan sé.

AÐRIR LYKILMENN

GUÐMUNDUR VIÐAR METE

HALLGRÍMUR JÓNASSON

GUÐMUNDUR STEINARSSON

GENGI Á VORMÓTUNUM
Sigrar Jafntefli Töp



GENGI SÍÐUSTU ÁRA **2007** 6. sæti í A-deild | **2006** 4. sæti í A-deild | **2005** 4. sæti í A-deild | **2004** 5. sæti í A-deild | **2003** 1. sæti í B-deild | **2002** 9. sæti í A-deild

GUÐMUNDUR REYNIR GUNNARSSON KR-ingurinn efnilegi var í byrjunarliði U-19 í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

U-19 ára lið karla:

EM-draumur-inn dáinn

FÓTBOLTI Íslenska U-19 ára landsliðið mun ekki leika í úrslitakeppni EM eftir 2-1 tap fyrir Búlgaríu í Noregi í gær.

Leikurinn var hreinn úrslita-leikur um hvort liðanna færi í úrslitakeppnina. **- hbg**

Heimir Örn Árnason:

Í viðræðum við Valsara

HANDBOLTI Miðjumaðurinn Heimir Örn Árnason er einhver eftirsóttasti hand-boltamaður landsins um þessar mundir.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að Heimir hafi fengið freistandi tilboð frá FH og nú berast þær fregnir að hann sé að ræða við Valsmenn.

Sjálfur sagðist Heimir vonast til þess að klára mál sín um helgina eða fljótlega eftir helgi. Hann hyggst leggja skóna á hilluna eftir tvö ár. **- hbg**

Lokaátökin í Mýrinni í dag

Úrslitin í N1-deild kvenna í handbolta ráðast í dag þar sem Stjarnan getur varið Íslandsmeistaratitil sinn með sigri gegn Val. Ef Stjarnan misstígur sig hins vegar í Mýrinni og gerir jafntefli eða tapar gegn Val verður Fram Íslandsmeistari.

HANDBOLTI Lokaumferð N1-deildar kvenna í handknattleik fer fram í dag þar sem annaðhvort Fram eða núverandi Íslandsmeistarar Stjörnunnar munu hampa titlin-um.

Fram situr á toppi deildarinnar sem stendur með 41 stig og hefur þegar lokið keppni en Stjarnan fylgir Safamýrarliðinu fast á eftir með 39 stig og þarf sigur í lokaleik sínum gegn Val í Mýrinni í dag kl. 16 til þess að verja Íslandsmeist-aratitilinn.

Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, kvað lið sitt tilbúið fyrir átök í dag.

Við erum með örlögin í okkar höndum

„Stjörnustelpurnar hafa sýnt frábæran vilja og samstöðu til þess að koma okkur í þá stöðu sem við erum komin í núna í dag og þær verða tilbúnar í átök gegn Val," sagði Aðalsteinn sem hvetur fólk til að fjölmenna í Mýrina.

„Þetta er með stærri leikjum sem hafa verið og allt verður því lagt undir. Við erum með örlögin í okkar höndum og hömpum titlin-um ef við klárum verkefnið, ann-ars munu Framstelpurnar labba niður af pöllunum og taka við titl-inum. Hvernig sem fer þá mun það lið sem tekur titilinn eiga hann fyllilega skilið," sagði Aðalsteinn að lokum.

Það er kominn tími til að Valur vinni Stjörnuna

Ágúst Þór Jóhanns-son, þjálfari Vals, telur leikinn gegn Stjörn-unni að mörgu leyti mikilvægan þrátt fyrir að Valur eigi ekki lengur möguleika á að landa Íslandsmeistaratitl-inum.

„Við erum búin að undirbúa okkur vel fyrir leikinn og mætum í Mýr-ina með það að mark-miði að vinna okkar síðasta leik," sagði Ágúst sem stýrir Val í sínum síðasta leik með liðið eftir þrjú ár á Hlíðarenda.

„Það er klárt mál að ég og við ætlum að enda þetta á jákvæð-um nótum með tímabærum sigri á Stjörnunni þar sem við erum þegar búin að tapa tvisvar sinn-um gegn Garðabæj-arliðinu í N1-deild-inni í vetur," sagði Ágúst sem telur að það lið sem verði Íslandsmeistari,

FYRIRLIÐINN Rakel Dögg Bragadóttir, fyrirliði Stjörnunnar, hampar Íslandsmeistaratitlinum vinni Garðabæjarliðið Val í sannkölluðum stórleik í Mýrinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÁTÖK Aðalsteinn Reynir Eyjólfsson, þjálfari Stjörnunnar, segir lið sitt tilbúið í átök gegn Val í dag. ALEKSANDAR DJOROVIC

hvort sem það verði Fram eða Stjarnan, sé vel að titlinum komið.

„Stjörnuliðið hefur komið gríð-arlega öflugt til baka eftir áramót og sýnt sterkan karakter og Fram hefur náð frábærum árangri með ungu og efnilegu liði og það yrði mikill sigur fyrir þær að vinna deildina, annars er ég ekkert að spá í þetta og hugsa bara um mitt lið," sagði Ágúst að lokum.

omar@frettabladid.is

VERÐA MEÐ Wayne Rooney og Patrice Evra verða með United í leiknum mikilvæga gegn West Ham á Old Trafford í dag. Rooney missti af leik United gegn Barcelona í vikunni og Evra meiddist í þeim leik. NORDIC PHOTOS/GETTY

Manchester United kemst með aðra hönd á titilinn sigri liðið West Ham í dag:

Ummæli Curbishley valda usla

FÓTBOLTI Englandsmeistararnir í Manchester United verða í sviðsljósinu í dag þegar West Ham kemur í heimsókn á Old Trafford en leikurinn hefst kl. 11.45. Með sigri kemst United skrefi nær því að verja titil sinn og setur þá jafnframt pressu á Chelsea sem leikur ekki fyrr en á mánudag gegn Newcastle á St. James's Park.

Wayne Rooney verður á ný í leikmannahópi United í dag eftir að hafa misst af sigurleik liðsins gegn Barcelona í Meistaradeildinni í vikunni en ekki er víst hvort að hann verði í byrjunarliðinu. Patrice Evra mun að öllum líkindum einnig verða í leikmannahópi United þrátt fyrir að hafa verið borinn meiddur af velli með höfuðáverka í leiknum gegn Barcelona. Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri United, tilkynnti hins vegar á blaðamannafundi í gær að Nemanja Vidic yrði ekki með í leiknum gegn West Ham.

„Hann fékk heilahristing gegn Chelsea fyrir viku og það tekur menn jafnan um tíu daga til að jafna sig á því," sagði Ferguson.

Freddie Ljungberg er aftur kominn á meiðslalistann hjá West Ham sem er annars of langur til þess að telja upp en ummæli Alan Curbishley, knattspyrnustjóra West Ham, í vikulegum blaðapistli sínum hafa valdið fjaðrafoki.

„Ég vona að United verði meistari vegna þess hvernig liðið hefur leikið á þessarri leiktíð. Það yrði í raun þvílíkt óréttlæti ef United yrði ekki meistari," skrifaði Curbishley fyrir rúmri viku síðan og hafa ýmsar sögusagnir verið á kreiki í kjölfarið. Curbishley sem er góðvinur Sir Alex Ferguson hefur hins vegar blásið á sögusagnirnar og ítrekað að West Ham muni gera allt til þess að vinna leikinn.

„Ég mun lyfta glasi og fagna því félagi sem verður enskur meistari, hvort sem það verður United eða Chelsea. Það er fáránlegt að halda því fram að ég haldi með United þrátt fyrir þessi skrif mín og góðvinur minn Ferguson veit það að hann á ekki eftir að fá neina greiða frá mér eða West Ham í þessum leik," sagði Curbishley.

United hefur aðeins tapað einum af síðustu tólf leikjum sínum í öllum keppnum og ennfremur unnið sextán af síðustu sautján heimaleikjum sínum.

Athygli vekur hins vegar að West Ham hefur unnið síðustu þrjá leiki sína gegn Englandsmeisturunum og Alan Curbishley er því með 100% vinningshlutfall gegn Ferguson í ensku úrvalsdeildinni síðan hann tók við West Ham.

Sigri United gegn West Ham má segja að liðið sé komið með aðra hendi á titilinn og á þá aðeins eftir útileik gegn Steve Bruce og lærisveinum hans í Wigan í lokaumferðinni. Reynsluboltinn Gary Neville er afar sáttur með stöðuna sem United er komið í og er bjartsýnn á lokaumferðirnar.

„Þetta er í okkar höndum og það er nákvæmlega eins og við viljum hafa það. Möguleikar okkar á að verja titilinn eru góðir og sú staðreynd að liðið sé komið í úrslitaleik Meistaradeildarinnar hefur gefið öllum spark í rassinn til að halda áfram," sagði Neville. - óþ

Mikilvægir leikir í fallbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar í dag:

Íslendingaliðin ekki sloppin

FÓTBOLTI Fallbaráttan stendur nú sem hæst þegar aðeins tvær umferðir eru eftir í ensku úrvalsdeildinni, og þar eru Íslendingaliðin Bolton og Reading enn að gæla við falldrauginn.

Bolton mætir Roy Keane og lærisveinum hans í Sunderland á Reebok leikvanginum í dag og þar verður Grétar Rafn Steinsson að öllu óbreyttu á sínum stað í byrjunarliðinu en Heiðar Helguson verður líklega á varamannabekknum að þessu sinni.

Reading mætir Tottenham á Madejski leikvanginum og Ívar Ingimarsson verður í byrjunarliðinu en Brynjar Björn Gunnarsson líklega á varamannabekknum eftir að hafa jafnað sig á þrálátum nárameiðslum.

Það verður sannkallaður fallbaráttuslagur á Craven Cottage þegar Fulham tekur á móti Birmingham og leikurinn gerir það að verkum að það ræðst ekki fyrr en í lokaumferðinni hvaða lið fylgja Derby niður um deild. - óþ

Í ELDLÍNUNNI Grétar Rafn Steinsson spilar mjög mikilvægan leik fyrir Bolton í botnbaráttunni í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

STAÐAN Í ENSKU ÚRVALSDEILDINNI

Man. Utd	**36**	**25**	**6**	**5**	**74-21**	**81**
Chelsea	36	24	9	3	62-25	81
Arsenal	**36**	**22**	**11**	**3**	**72-31**	**74**
Liverpool	36	19	13	4	64-28	70
Everton	**36**	**18**	**8**	**10**	**52-31**	**62**
Aston Villa	36	16	11	9	69-47	59
Portsmouth	**36**	**16**	**9**	**11**	**48-37**	**57**
Blackburn	36	14	13	9	46-43	55
Man. City	**36**	**15**	**10**	**11**	**44-44**	**55**
West Ham	36	13	9	14	39-44	48
Tottenham	**36**	**10**	**13**	**13**	**65-59**	**43**
Newcastle	36	11	10	15	44-60	43
Sunderland	**36**	**11**	**6**	**19**	**36-56**	**39**
Wigan	36	9	10	17	32-49	37
M'brough	**36**	**8**	**12**	**16**	**33-52**	**36**
Bolton	36	8	9	19	33-53	33
Reading	**36**	**9**	**6**	**21**	**37-65**	**33**
Birmingham	36	7	11	18	42-59	32
Fulham	**36**	**6**	**12**	**18**	**35-60**	**30**
Derby	36	1	8	27	19-82	11

N1 DEILD KARLA
Laugardagur 3. maí
Varmá kl. 13:30
Afturelding - Stjarnan
Digranes kl. 14:00
HK - Haukar
KA heimilið kl. 14:00
Akureyri - ÍBV

N1 DEILD KVENNA
Lokaumferðin
Úrslitin ráðast
Laugardagur 3. maí
Ásvellir kl. 16.00
Haukar - FH
Digranes kl. 16.00
HK - Fylkir
KA heimilið kl. 16.00
Akureyri - Grótta
Mýrin kl. 16.00
Stjarnan - Valur

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

KÓPAVOGSDAGAR

Dagskráin í dag 3. maí

13:00 Bókasafn Kópavogs
Óskin
Barnaleikrit fyrir yngstu áhorfendurna. Skemmtilegt ævintýri með söngvum í flutningi Einleikhússins.

13:00–17:00 Gjábakki og Gullsmári
Vorsýning
Handunnir nytja- og skrautmunir frá smiðjum vetrarins. Vöfflukaffi og smiðjur.

14:00–17:00 Vinnustofur listamanna í Kópavogi
Opið hús
Skrá um listamenn og vinnustofur á www.kopavogur.is.

14:00 Salurinn
Sellótónleikar
Ásta María Kjartansdóttir.
Burtfararpróf frá Tónlistarskóla Reykjavíkur.

14:00 Bókasafn Kópavogs
Heiti potturinn
Fólki á aldrinum 12-25 ára er boðið að taka þátt í að mála veggmynd undir handleiðslu fagmanns.

14:00 Hálsatorg - Krakkatorg
Gosi, kötturinn og refurinn skemmta
Börnin skapa sín myndverk og taka þátt í útilistarsýningu á Kópavogsdögum. Myndlistarsmiðjan opin til 9. maí.
Hoppukastalar og leiktæki.

14:00 Náttúrufræðistofa Kópavogs
AÐLÖGUN „Fiskurinn hefur fögur hljóð"
Opnun á sýningu Olgu Bergmann og Önnu Hallin.
Sýningin stendur til 31. júlí.

15:00 Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn
SETNING KÓPAVOGSDAGA
20 ára afmæli Myndlistarskóla Kópavogs
Opnun sýningar á myndverkum nemenda skólans.
Sýningin stendur til 10. maí.

15:30 Túnið við Listasafnið
Óperusöngur og ljóðalestur
Óperukórinn ásamt einsöngvurum syngja þar sem fyrirhugað er að reisa óperuhús. Ritlistarhópurinn les úr eigin verkum og afhendir gestum lukkuljóð.

16:30 Ungmennahús
UNGMENNAHÚS OPNAÐ
Ungmennahús opnað við Hábraut 2. Húsið var gjöf Kópavogsbæjar til ungs fólks á 50 ára afmæli bæjarins.

17:00 Salurinn
Fiðlutónleikar
Joaquin Páll Palomares.
Diplómapróf frá Listaháskóla Íslands.

20:00 & 22:00 Salurinn
Hvers virði er ég?
Gamanleikur um fjármálin á Íslandi í dag.
Miðaverð 2000 kr.

Á alla viðburði Kópavogsdaga er ókeypis nema annað sé tekið fram.
Nánari dagskrá á www.kopavogur.is eða í síma 570 1500.
Allir Kópavogsbúar og aðrir gestir hjartanlega velkomnir!

> **Matthew Broderick**

Broderick er giftur leikkonunni Söruh Jessicu Parker. Þau giftust árið 1997 og eiga saman eitt barn. Broderick er greinilega mikill fjölskyldumaður því hann borðar heima hjá mömmu sinni hvert einasta sunnudagskvöld. Broderick leikur í myndinni Inspector Gadget sem Stöð 2 sýnir í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI VELTIR FYRIR SÉR HLUTVERKI SKYLDUÚTVARPS

Lögbundið hlutverk vel af hendi leyst

Margir gallharðir frjálshyggjumenn samþykkja tilvist Rásar 1, gömlu Gufunnar. Mjög viðtekin skoðun er hins vegar sú að Rás 2 megi missa sín, því aðrar stöðvar geti alveg séð um það sem þar fer fram. Að baki þessari skoðun liggur það snobbaða mat að „poppgargið" sé ómerkilegra en „menningin" sem þrífst ríkisrekin á Gufunni. Nú nenni ég ekki að hafa skoðun á því hvort ríkið eigi yfirhöfuð að vasast í menningarmálum, en á meðan ríkið gerir það finnst mér ótækt annað en Rás 2 fái að blómgast og dafna í þeirri mynd sem hún er. Hvergi annars staðar er boðið upp á viðlíka dagskrárgerð. Rás 2 stendur í stykkinu og býður upp á hvern framúrskarandi tónlistarspekiþáttinn af öðrum. Freyr Eyjólfsson hefur gert íslensku popptónlistarsögunni skil í frábærum þáttum síðustu árin, Geymt en ekki gleymt. Uppskriftin er sáraeinföld, Freyr fær til sín gest eða gesti og svo er rabbað og plata krufin. Oft er þetta frábærlega skemmtilegt, að minnsta kosti fyrir poppáhugafólk. Til dæmis var stórkostlega gaman að heyra Frey og Valgeir Guðjónsson mala um meistaraverkið Sturlu í síðasta þætti. Bjössi í Mínus hefur verið að færa sig upp á skaftið í þætti sínum Íslenskar goðsagnir. Þar tekur hann fyrir menn eins og Rúnar Gunnarsson og Gunnar Jökul Hákonarson og blandar saman viðtölum og fróðleiksmolum til að kafa í viðfangsefnið. Kristinn Pálsson hefur farið með smásjá yfir popp- og rokksöguna í úrvalsgóðum þætti sínum Uppruni tegundanna og Frank Hall eltist við furðufugla í samnefndum þáttum, einnig frábærum. Margt fleira gott er á dagskrá Rásar 2 sem gerir það að verkum að stöðin er langbesta útvarpsstöð landsins. Þó það nú væri, svona skylduáskriftarskattstyrkt í þaula. Það er ekki eins og einhver geti keppt við þetta bákn með pítsuauglýsingum. Það er hins vegar í algjörri mótsögn við meint hlutverk að Rás 2 skuli vera menguð með endalausum plögg-innslögum og bíómiðagjöfum. Það er ömurlegt útvarpsefni sem aðrar stöðvar ættu að fá að sitja einar að.

GEYMT EN EKKI GLEYMT Freyr Eyjólfsson er góður á Rás 2.

EKKI MISSA AF

▶ **11.35 Man. Utd - West Ham**
STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **20.35 About Schmidt**
SJÓNVARPIÐ

▶ **21.55 Jackass 2**
STÖÐ 2

▶ **22.50 Minding the Stone**
SKJÁR EINN

▶ **23.10 Klitschko - Ibragimov**
STÖÐ 2 SPORT

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Bangsímon, Tumi og ég, Bitte nú!, Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn og Leyniþátturinn
10.00 Einu sinni var... - Maðurinn
10.30 Kastljós
11.00 Kiljan
11.45 Veisla á hvíta tjaldinu
12.45 Á faraldsfæti - Níger
13.15 Niður með Knúsa
15.05 Ofvitinn (20:23) (Kyle XY II)
15.50 Íslandsmótið í handbolta Bein útsending frá leik Vals og Stjörnunnar í lokaumferð efstu deildar kvenna.
17.40 Táknmálsfréttir
17.50 Útsvar
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Alla leið (1:3) Páll Óskar Hjálmtýsson og þau dr. Gunni, Guðrún Gunnarsdóttir og Reynir Þór Eggertsson spá í lögin sem keppa í Júróvisjón í ár.
▶**20.35 Schmidt fer á flakk** (About Schmidt) Bandarísk bíómynd frá 2002. Hún er ekki björt framtíðin sem blasir við Warren Schmidt þegar hann fer á eftirlaun. Skömmu seinna deyr konan hans og dóttir hans giftist manni sem hann á erfitt með að umbera.
22.40 Dauðavaktin (Deathwatch)
00.15 Hatur (La Haine)
01.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.00 In Good Company
08.00 Must Love Dogs
10.00 Glory Road
12.00 Failure to Launch
14.00 In Good Company
16.00 Must Love Dogs
18.00 Glory Road
20.00 Failure to Launch Rómantísk gamanmynd með Söruh Jessicu Parker og Matthew McConauhey í aðalhlutverkum.
22.00 The Night We Called It a Day
00.00 Nine Lives
02.00 Die Hard with a Vengeance
04.05 The Night We Called It a Day

STÖÐ 2

07.00 Krakkarnir í næsta húsi
07.25 Ofurhundurinn Krypto
07.50 Fífí
08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo, Louie, Blær, Ben 10 og Tommi og Jenni
10.15 Fat Albert (Albert feiti)
12.00 Hádegisfréttir
12.30 Bold and the Beautiful
12.50 Bold and the Beautiful
13.10 Bold and the Beautiful
13.30 Bold and the Beautiful
13.55 American Idol (33:42)
14.40 American Idol (34:42)
15.25 My Name Is Earl (1:13)
15.50 Hell´s Kitchen (6:11)
16.35 Tim Gunn´s Guide to Style (4:8)
17.25 Sjáðu
17.55 Sjálfstætt fólk (Völundur Snæ)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.10 Fjölskyldubíó. Inspector Gadget (Lási lögga) Skemmtileg brellum hlaðin grínmynd fyrir alla fjölskylduna frá Disney byggð á vinsælum sjónvarpsþáttum. Myndin fjallar um leynilöggu sem notar ótrúlegustu tækninýjungar og brellur til að góma vonda karla. Vandinn er bara sá að þessar nýju uppfinningar hans virka ekki allar alveg eins og þær eiga að gera. Aðalhlutverk: Matthew Broderick, Rupert Everett, Joely
20.30 Hlustendaverðlaun FM957 2008
▶**21.55 Jackass Number Two** Í þáttunum voru þeir kjánar, í fyrstu myndinni algjörir kjánar og í annarri myndinni slá þeir endanlega allt og alla aðra út í kjánalátum og almennum fíflagangi. Það merkilega við þessi makarlausu kjánaprik sem slógu fyrst í gegn með alræmdum sjónvarpsþáttum sínum að þessi síðasta mynd þeirra hefur fengið merkilega fína dóma. Gagnrýnendur eru á einu máli um að þar hafi þeim tekist að fullkomna grínið sitt og uppátæki þeirra séu fyndnari en nokkru sinni.
23.30 Marked for Death Ekta Steven Seagal-hasarmynd um lögreglumanninn John Hatcher sem hyggst setjast í helgan stein.
01.00 Taxi
02.35 Pop Rocks
04.00 Jackass Number Two
05.35 Fréttir
06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SPORT *besta sætið*

09.10 Inside the PGA
09.35 Veitt með vinum (Víðidalsá)
10.05 NBA körfuboltinn
12.05 Inside Sport
12.40 World Supercross GP (Qwest Field, Seattle, Wash.)
13.35 Meistaradeild Evrópu (Man. Utd - Barcelona)
15.15 Meistaradeildin (Meistaramörk)
15.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar
16.30 Tiger in the Park Frábær þáttur þar sem Tiger Woods leyfir áhorfendum að fylgjast með sér við æfingar. Tiger hitar upp og sýnir áhorfendum listir sínar.
17.20 Spænski boltinn - Upphitun
17.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Atletico Madrid og Recreativo.
19.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Zaragoza og Deportivo.
21.50 Box Upptaka frá bardag þeirra Hattons og Callazo sem fram fór um miðjan maí.
▶**23.10 Box** Einn stærsti bardagi síðari ára í þungavigt hnefaleika en þar mætast Wladimir Klitschko og Sultan Ibragimov. Bardagi sem fólk má alls ekki láta framhjá sér fara.

SPORT 2 *enski boltinn*

08.05 Premier League World
08.35 PL Classic Matches Crystal Palace og Blacburn 1992-1993.
09.05 PL Classic Matches Manchester United og Sheffield Wednesday 1992-1993.
09.35 Goals of the season
10.35 Enska úrvalsdeildin - Upphitun
11.05 PL Classic Matches (Man Utd - Leeds, 98/99)
▶**11.35 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Man. Utd og West Ham í ensku úrvalsdeildinni.
13.45 Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Fulham og Birmingham í ensku úrvalsdeildinni. Sport 3: Reading - Tottenham Sport 4: Aston Villa - Wigan Sport 5: Middlesbrough - Portsmouth Sport 6: Blackburn - Derby
16.00 Enska úrvalsdeildin Bein útsending frá leik Bolton og Sunderland.
18.10 4 4 2
19.30 4 4 2
20.50 4 4 2
23.30 4 4 2

SKJÁREINN

07.05 Óstöðvandi tónlist
10.45 Vörutorg
11.45 World Cup of Pool 2007 (26:31)
12.35 Rachael Ray (e)
14.50 Top Chef (e)
15.40 Kid Nation (e)
16.30 Top Gear(e)
17.30 Psych (e)
18.20 Survivor. Micronesia (e)
19.15 Game tíví (e) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
19.45 Everybody Hates Chris (e)
20.10 Jericho (e) Bandarísk þáttaröð um íbúa í Bandaríkjum smábæ sem einangraðist frá umheiminum eftir kjarnorkuárásir á bandarískar borgir.
21.00 Boston Legal (e) Bráðfyndið lögfræðidrama um skrautlega lögfræðinga í Boston.
22.00 Life (e) Bandarísk þáttaröð um lögreglumann í Los Angeles sem þurfti að sitja saklaus í fangelsi í 12 ár en leitar nú þeirra sem komu á hann sök. Það er komið að síðasta þættinum að sinni.
▶**22.50 Minding the Store** (3.10) Raunveruleikasería þar sem grínistinn Pauly Shore freistar þess að snúa við rekstrinum á einum frægasta grínklúbbi Bandaríkjanna, The Comedy Store í Los Angeles. Fjölskylda hans á og rekur klúbbinn sem hefur í gegnum tíðina verið fyrsti starfsvettvangur margra frægustu grínista Hollywood. Nú er hins vegar allt komið í óefni og Pauly fær það hlutverk að endurvekja vinsældir staðarins. Hann notar óhefðbundnar aðferðir og útkoman er bráðfyndin.
23.15 Svalbarði (e)
00.15 C.S.I. (e)
01.05 Nánar auglýst síðar
01.30 Professional Poker Tour (e)
03.00 C.S.I. (e)
03.50 MotoGP

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Golfbílar, Golfhjól og Rafskutlur á frábæru verði

opið
laugardag 10 til 16:00

Rafskutlur Verð kr. 149.000
Golfhjól Verð kr. 156.000
Golfbílar Verð kr 599.000

H-Berg ehf Import-Export

Lónsbraut 6, 220 Hafnarfjörður • Símar 866-6610 og 893-3347 • www.hberg.is • E mail hberg@hberg.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.30

Hlustendaverðlaun FM957 í opinni dagskrá

Tónlistarhátíð FM957 verður nú í fyrsta sinn sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2 og verður nú glæsilegri en nokkru sinni fyrr. Á hátíðinni verða veitt verðlaun fyrir bestu íslensku tónlistina á liðnu ári að mati hlustenda FM957. Hér verða því aðeins verðlaunaðir þeir sem vinsælastir eru á Íslandi í íslenskri tónlist. Þar að auki verður hátíðin uppfull af frábærum tónlistaratriðum og uppákomum sem eiga vafalaust eftir að koma mörgum rækilega á óvart.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Valur-Stjarnan
Sjónvarpið kl. 15.50

Leikurinn þar sem úrslitin í efstu deild í handbolta kvenna ráðast. Með sigri tryggir Stjarnan sér sigur en ef Valur hefur betur eða ef leikurinn endar með jafntefli verða Fram-stúlkur Íslandsmeistarar. Ræður Stjarnan við pressuna?

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
07.05 Óskastundin
08.00 Morgunfréttir
08.05 Útúr nóttinni... og inní daginn
09.03 Út um græna grundu
10.05 Veðurfregnir
10.15 Kvika
11.00 Vikulokin
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Krossgötur
14.00 Til allra átta
14.40 Þjóðbrók
15.20 Helgi Björns og höllin í Berlín
16.00 Síðdegisfréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Orð skulu standa
17.05 Flakk
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Hundur í útvarpssal
18.52 Dánarfregnir og augýsingar
19.00 Bein útsending frá Metropolitan óperunni í New York
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Sagnaslóð
23.10 Villtir strengir og vangadans
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

15.00 Hollyoaks Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995. 2006.
15.25 Hollyoaks
15.50 Hollyoaks
16.15 Hollyoaks
16.40 Hollyoaks
17.05 Skífulistinn
18.45 Talk Show With Spike Feresten
19.15 Comedy Inc. (13:22)
19.45 Hlustendaverðlaun FM957 2008 - Preshow
20.15 Hæðin (7:9)
21.05 Entourage (4:20)
21.35 Chappelle's Show
22.00 The Class (4:19)
22.25 Talk Show With Spike Feresten
22.50 Comedy Inc. (13:22)
23.15 Hæðin (7:9)
00.05 Entourage (4:20)
00.30 Chappelle's Show Dave Chappelle er einn allra vinsælasti og umdeildasti grínistinn í Bandaríkjunum í dag. Hér er hann mættur í þriðju þáttaröðinni og hefur aldrei verið meira krassandi.
00.55 Skífulistinn
01.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

9.30 EastEnders **10.00** The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Ballykissangel **14.00** Ballykissangel **15.00** Ballykissangel **16.00** Ballykissangel **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** The Weakest Link **19.00** Low Winter Sun **20.15** Doctor Who Confidential **20.30** Next of Kin **21.00** Only Fools and Horses **21.30** Coupling **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Low Winter Sun **0.30** Next of Kin **1.00** Only Fools and Horses **1.30** Coupling **2.00** Low Winter Sun

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** Troldspejlet **10.30** Boogie Lørdag **11.00** Pigerne mod drengene **11.35** Family Guy **12.00** Truslen fra dybet **12.40** Muppets fra rummet **14.10** EM i trampolin **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Lunas hemmelige plan **16.00** Løgnhalsen som vikar **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Min søsters børn i Ægypten **19.15** Kriminalkommissær Barnaby **20.50** Kodenavn: Jane Doe **22.10** Conviction **22.55** Boogie Listen

NRK 1

9.15 Gjensynet **10.15** Venner **11.40** Kunnskapskanalen 2008: En oppskrift på fattigdom **11.55** En bank for de fattige **12.50** Salto, salmiakk og kaffe **14.35** Drømmerollen **15.35** Perspektiv: Og nå: Reklame! **16.00** Barnas supershow **16.30** Malena **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Hvilket liv! **18.25** Edel vare **19.25** Sjukehuset i Aidensfield **20.15** Thor Heyerdahl - På jakt etter paradiset **21.05** Kveldsnytt **21.20** Nettet **23.10** VM ishockey 2008: Slovakia-Norge **1.30** Dansefot jukeboks med chat

SVT 1

8.25 Hasses brorsas låtsassyrras kompis **9.30** Naturnollorna **10.00** Barnmorskorna **10.30** Morgonsoffan **11.00** Kobra **11.45** Andra Avenyn **12.15** Andra Avenyn **12.45** Andra Avenyn **13.15** Uppdrag Granskning **14.15** Sthlm **15.00** Så ska det låta **16.00** Bolibompa **16.05** Disneydags **17.00** Eva och Adam **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Glasklart **19.00** Sixties **19.30** Svindlarna **20.25** Rapport **20.30** Scarface **23.15** Karl för sin kilt

PERSÓNAN

Guðlaugur Þór Þórðarson

Aldur: 40 ára.
Starf: Heilbrigðisráðherra.
Fjölskylda: Giftur Ágústu Johnson, saman eiga þau tvö börn.
Foreldrar: Þórður Sigurðsson, fyrrverandi yfirlögregluþjónn, og Sonja Guðlaugsdóttir, sem rekur bókhaldsskrifstofu.
Búseta: Logafold, Reykjavík.
Stjörnumerki: Bogmaður.
Guðlaugur Þór Þórðarson stóð í ströngu í vikunni, en lúffaði að lokum fyrir geisla-, skurð- og sæfingarhjúkrunarfræðingum á Landspítala sem hótað höfðu að ganga út á miðnætti 1. maí.

Dano og Cox með íbúð í 101

„Nei, þeir eru nú ekki á hóteli, við fundum fyrir þá sitt hvora íbúðina í miðbænum og ég veit ekki betur en að þeir uni sér bara vel," segir Þórir Snær Sigurjónsson, framleiðandi kvikmyndarinnar The Good Heart. Stórleikararnir Brian Cox og Paul Dano komu til landsins á sunnudaginn en þeir leika einmitt aðalhlutverkin í myndinni.

Dano og Cox fengu lítinn tíma til að koma sér fyrir í nýjum híbýlum sínum því tökur hófust strax á þriðjudaginn í Loftkastalanum. Varla geta stjörnurnar kvartað mikið undan vistarverunum sínum því oftast nær eru leikarar úti í hinni stóru Ameríku látnir dúsa í hjólhýsum. Myndinni er sem kunnugt er leikstýrt af Degi Kára Péturssyni og á vafalítið eftir að vekja mikla athygli, enda verður meðal annars sýnt frá raunverulegri hjartaaðgerð. Myndin segir frá reynslumiklum barþjóni sem tekur að sér ungan heimilisleysingja með óvæntum afleiðingum.

Þórir sagði fyrstu tökudagana hafa gengið vel en leikararnir hefðu ekki fengið mikið næði til að spóka sig í höfuðborginni á þessum fyrstu alvöru vordögum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður fyrsti frídagurinn ekki fyrr en á sunnudaginn, en þá má gera fastlega ráð fyrir því að ungstirnið Dano láti sjá sig á einhverjum af börum borgarinnar.

TÖKUR HAFNAR Paul Dano og Brian Cox komu til landsins á sunnudaginn og fóru strax í tökur á þriðjudag. Þeir fá frí á sunnudag og má þá fastlega gera ráð fyrir að þeir rannsaki margrómað en umdeilt næturlíf höfuðborgarinnar.



LÁRÉTT
2. skák **6.** í röð **8.** skýra frá **9.** af **11.** hæð **12.** vesæll **14.** visna **16.** einnig **17.** blessun **18.** fálm **20.** sjúkdómur **21.** traðkaði.

LÓÐRÉTT
1. hitta **3.** bardagi **4.** lögtak **5.** læsing **7.** viss **10.** keraldi **13.** hár **15.** gegna **16.** tíðum **19.** svörð.

LAUSN
LÁRÉTT: 2. tafl, **6.** æð, **8.** tjá, **9.** frá, **11.** ás, **12.** aumur, **14.** gulna, **16.** og, **17.** lán, **18.** tum, **20.** ms, **21.** troð.
LÓÐRÉTT: 1. hæfa, **3.** at, **4.** fjárnám, **5.** lás, **7.** öruggur, **10.** ámu, **13.** ull, **15.** ansa, **16.** oft, **19.** mó.

Laugardagsfundur VGR
að Suðurgötu 3 kl. 11-13
www.vg.is

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

AUÐUNN BLÖNDAL: FÓR Í MIKLA PÍLAGRÍMSFÖR TIL ENGLANDS

Auðuni Blöndal fylgt út af Stamford Bridge

„Þetta var í rauninni mín stærsta fótboltaferð frá upphafi. Það verður erfitt að toppa þetta," segir sjónvarpsmaðurinn Auðunn Blöndal, sem er nýkominn heim eftir mikla pílagrímsför til Englands þar sem hann fór á þrjá fótboltaleiki. Hann sá báða undanúrslitaleikina í Meistaradeild Evrópu á milli Manchester United og Barcelona annars vegar og Chelsea og Liverpool hins vegar og einnig stórleik Chelsea og Manchester United á Stamford Bridge, heimavelli Chelsea.

„Þetta var algjör draumur, sérstaklega Manchester United-Barcelona. Það var algjör hátíð," segir Auðunn, sem er mikill United-aðdáandi. Komst liðið með 1-0 sigri sínum í úrslit Meistaradeildar Evrópu í fyrsta sinn síðan 1999 og mætir þar Chelsea, sem hefur aldrei áður náð í úrslitin.

Ferðin var þó ekki eintóm gleði fyrir Auðun því honum var hent út af leik Chelsea og United fyrir að fagna jöfnunarmarki sinna manna. „Ég var í Chelsea-stúkunni og fagnaði og þá ætluðu einhverjir tjallar að ráðast á mig. Þannig að ég sá ekki þegar Chelsea komst í 2-1. Ég var skíthræddur og hélt það ætti að drepa mig. Það var einn sem ætlaði að slá til mín." Honum var í framhaldinu fylgt í burtu af öryggisvörðum. „Ég fagnaði, en samt ekki hátt. Ég stóð ekki upp og öskraði ekki neitt en það sást að ég var ánægður. Þeir fyrir framan mig sáu það og öskruðu á mig og þá tók öll stúkan við sér," segir hann og þakkar fyrir að hafa komist heill út úr því ævintýri.

AUÐUNN BLÖNDAL Auðunn er nýkominn heim úr mikli pílagrímsför til Englands þar sem hann sá þrjá fótboltaleiki.

Þrátt fyrir hrakfarirnar er Auðunn hvergi banginn því hann hefur þegar tryggt sér miða á úrslitaleik Meistaradeildarinnar í Moskvu 21. maí. Væntanlega mun hann þó hugsa sig tvisvar um áður en hann fagnar marki sinna manna, fari svo að United skori gegn Chelsea í leiknum.

Ýmislegt er fram undan hjá Auðuni á sjónvarpsskjánum. Í haust birtist hann í gamanþáttunum Ríkinu ásamt Sveppa, Eggerti Þorleifssyni, Þorsteini Bachmann og fleirum og eftir það taka við þættir þar sem hann tekur hús á nokkrum af okkar þekktustu atvinnumönnum. Á meðal þeirra eru Eiður Smári Guðjohnsen, Ólafur Stefánsson, Hermann Hreiðarsson, Jón Arnór Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson.

freyr@frettabladid.is

PAUL SCHOLES Auðunn sá Paul Scholes skora sigurmark Manchester United gegn Barcelona í Meistaradeild Evrópu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Meðal annarra starfa sem **Láru Ómarsdóttur** bauðst eftir að spurðist að hún væri á lausu var að gerast sérlegur talsmaður vörubílstjóra. Sjálfur Sturla Jónsson hringdi í Láru og reyndi að koma henni í skilning um að þetta væri það eina rétta í stöðunni en Lára afþakkaði gott boð.

Sigmundur Ernir Rúnarsson er að venju með sinn ágæta þátt Mannamál að kvöldi sunnudagskvölds. Í næsta þætti verður það **Guðni Ágústsson** sem mætir í viðtal sem aðalgestur. Guðni mun koma heitur af miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins þar sem gera á upp Evrópumálin. Ætli menn að um kunningjaspjall Sigmundar og Guðna verði að ræða í ljósi þess að Sigmundur skrifaði ævisögu Guðna nýverið vaða þeir villu og svíma. Heyrist að Sigmundur vilji nú hjóla í formanninn á breiðu dekkjunum svo mjög að hann kallar komandi þátt Brúnastaðabardagann.

Stefán Máni, spútnikkinn í rithöfundastétt, verður með bók í jólabókaflóðinu í ár og hefur skilað inn handriti til útgefanda síns. Vinnuheitið er Ódáðahraun og er í svipuðum anda og Skipið sem vakti verðskuldaða athygli þegar bókin sú kom út fyrir tæpum tveimur árum. Styttist nú í að ZikZak hefji tökur á mynd byggðri á bókinni Svartur á leik sem Stefán skrifaði árið 2004 en sú bók fjallar um undirheima Íslands. Í framhaldi af því er ZikZak búið að tryggja sér kvikmyndarétt á Skipinu.

- jbg

NÝ SENDING AF RÚMTEPPUM
VERÐ FRÁ 6.900 KR.
TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI
SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | WWW.TEKK.IS

Sendiherra til liðs við Eurobandið

Guðmundur Árni Stefánsson, sendiherra Íslands í Svíþjóð, kemur að skipulagningu mikillar Íslandsveislu sem slegið verður upp í Belgrad þegar íslenski Eurovision-hópurinn hefur komið sér þar fyrir. Grétar Örvarsson, umboðsmaður Eurobandsins og framkvæmdarstjóri RIGG, segist vonast til að geta boðið öðrum Eurovisionförum og Serbum upp á íslenska músík og mat, en meðal annarra sem koma að skipulagningu veislunnar eru ræðismaður Serbíu hér á landi og ræðismaður Íslendinga í Serbíu. Sendiráðið í Svíþjóð fer með sendiráðsmál Serbíu og það skýrir aðkomu Guðmundar Árna.

Íslenski hópurinn verður önnum kafinn við veisluhöld næstu daga því þau Friðrik Ómar og Regína Ósk ætla að kveðja land og þjóð í Smáralindinni þann 10. maí. „Platan verður sem betur fer komin áður en við förum út og okkur þótti því við hæfi að halda góða kveðjuveislu áður en við höldum af stað," segir Grétar en Eurovisionfararnir halda til Serbíu þann tólfta maí. Grétar segir engan bilbug á keppendunum að finna þótt þau hafi verið á ferð og flugi nánast síðan lagið This is My Life var kosið framlag Íslands til Eurovision. Þetta fylgi einfaldlega keppninni. „Við erum sífellt að keppa út fyrir landsteinana og þá helst í gegnum netið. Endaspretturinn ræður þessu auðvitað og við vonum að það verði auðvitað góður flutningur sem fleyti okkur langt því lagið er grípandi," segir Grétar.

Á FERÐ OG FLUGI Regína Ósk og Friðrik Ómar hafa verið á ferð og flugi síðan að This is my Life var kosið framlag Íslands.

SENDIHERRA Guðmundur Árni kemur að skipulagningu Íslandsveislu í samstarfi við RIGG-umboðsfyrirtækið.

LAGERSÖLUNNI LÝKUR Á MORGUN

Í LAGERHÚSNÆÐINU HOLTAGÖRÐUM (SJÁ KORT)

VERÐHRUN

KOMIÐ OG PRÚTTIÐ

BORÐSTOFUBORÐ FRÁ KR. 10 ÞÚS
BORÐSTOFUSTÓLAR FRÁ KR. 3 ÞÚS
SÓFAR FRÁ KR. 20 ÞÚS

60-90% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Á LAGERSÖLUNNI

OPIÐ:
LAUGARDAG 10-18
SUNNUDAG 12-18

TEKK COMPANY

SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

„...fyrst á visir.is“

VÍSIR.IS
...ég sá það á visir.is

BAKÞANKAR
Guðmundar Steingrímssonar

Ekki gott

Í Fréttablaði gærdagsins var a.m.k. tvennt sem fékk mig til að dæsa yfir ruglinu. Annað var frétt um ungan mann sem var beittur harðræði af lögreglu við bensínstöðina á dögunum. Slagur þessa manns, sem er stór og stæðilegur, við lögreglu birtist landslýð í beinni útsendingu. Ekki var að sjá að lögreglan legði sig beinlínis fram við að gæta hófs, heldur ruku nokkrir lögreglumenn saman í manninn, líkt og dvergarnir sjö – ofsareiðir – væru komnir í slag við Golíat.

SAMKVÆMT viðtali við móður mannsins var maðurinn að taka bensín. Honum ofbauð framkoma lögreglu og lét orð falla. Afleiðingarnar sáust svo í útsendingunni: Barsmíðar og offors. Sjálfsagt vill lögreglan meina að hitt og þetta hafi verið nauðsynlegt í þágu hins og þessa. Eftir stendur hins vegar að maður tók bensín og var barinn.

EF þetta er rétt, á lögreglan auðvitað að biðjast afsökunar, bjóðast til að skúra heima hjá manninum í eitt ár, taka til í geymslunni, bjóða honum á árshátíðina og gefa honum miða á tónleika Lögreglukórsins, fyrir hann og mömmu hans, fyrir lífstíð. Að auki ætti að senda viðkomandi lögreglumenn á námskeið í almennri kurteisi og kannski einnig að gera þeim skylt að heimsækja og ræða í rólegheitum við nokkra eldri lögreglumenn, reynslubolta úr faginu, sem margir hafa um árabil haldið uppi lögum og reglu hér á landi með brosi á vör og án ruddaskapar.

HITT sem fékk mig til að dæsa var grein eftir ungan lögfræðing. Þessi kona lenti í árekstri á Suðurlandsundirlendi með þeim afleiðingum að hún og maðurinn hennar, sem keyrði, slösuðust. Engir aðrir slösuðust. Eftir endurhæfingu og erfiða tíma fá þau glaðning í pósti: Kæru frá sýslumanni á hendur ökumanni fyrir að valda konu sinni skaða. Eftir að hafa jafnað sig á hinu líkamlega og andlega áfalli er þetta sem sagt leið hins opinbera til þess að sýna fólkinu tillitssemi. Að stefna manninum fyrir dóm, algerlega í óþökk konu hans.

MÉR finnst þessi tvö tilfelli, eins og þau birtast, ekki beinlínis vera sterkar röksemdir fyrir því að yfirvaldið eigi að fá að höndla með rafmagnsbyssur. Líklega er yfirvaldið á Íslandi orðið bæði of kaldlynt og uppstökkt til þess að geta höndlað svoleiðis dót farsællega. Þjóðfélagsmyndin væri heldur ekki fögur sem þá myndi blasa við ofan á kylfuslagsmál, kuldaleg málaferli og táragas: Stórir strákar fá raflost þegar þeir taka bensín.

GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 3. maí, 124. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	4.52	13.24	21.59
Akureyri	4.23	13.09	21.58

Heimild: Almanak Háskólans

úti á túni

GRENÖ sessur, ýmsar tegundir 40x40 cm **495,-/stk.**

11.990,-

SOMMAR ilmkerti, ýmsir litir H12 cm **495,-/stk.**

SKINA skraut, fuglar, rafhlöðuknúið, ýmsir litir H20 cm **495,-/stk.**

ÄPPLARÖ sólbekkur, gegnheill akasíuviður B71xL199, H33 cm

MYNTA blómapottur, rauðbrúnt, innanmál Ø30, H67 cm **4.690,-**

1.990,-
SOMMAR blómapottur, hvítt/brúnt, innanmál Ø32, H28 cm

SOMMAR einnota glös, ýmsir litir 20cl. **295,-/50 í pk.**

IKEA PS VÅLLÖ garðkanna, ýmsir litir 1,2 l. **195,-**

GRENÖ sessa, marglitað 50x50x10 cm **1.990,-**



SOMMAR pokar, ýmsir litir B20xH24 cm **150,-/10 í pk.**

KARLSÖ sólhlíf, ýmsir litir B260xL260 cm **7.990,-**

KORALL ANEMON tjald, rautt L108xB124, H70 cm **1.290,-**

PLATTA gólfklæðning, gegnheill akasíuviður L45xB45, H2,4 cm **595,-**

SOMMAR ísskeiðar, ýmsir litir L17 cm **95,-/stk.**

495,-/stk.
SOMMAR kælipokar ýmsir litir B26xH34 cm



KALAS skálar, ýmsir litir Ø11 cm **195,-/6 stk.**

SOMMAR servíettur, ýmis mynstur B33xL33 cm **250,-/50 í pk.**

KVARNÖ bekkur B100xD34, H45 cm **7.690,-**

HEMSÖ sett, borð og 2 stólar, ýmsir litir **5.990,-/settið**

DYNING vind-/sólhlíf, ýmsir litir L250xB80 cm **1.490,-**

Morgunmatur
frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga

195,-
IKEA FOOD

Kryddbakaður lax
með graslaukssósu, kartöflum og grænmeti

540,-
IKEA FOOD

IKEA®

Opið virka daga	10.00 - 20.00
Opið laugardaga	10.00 - 18.00
Opið sunnudaga	12.00 - 18.00

Veitingastaður opnaður klukkutíma fyrr en verslun

www.IKEA.is

© Inter IKEA Systems B.V. 2008